



Á FERÐ
OG FLUGI
með ferðatösku frá FAXE
EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** TRAUSTUR FERDAFÉLAGI

FRÉTTABLAÐIÐ

30. júní 2006 – 173. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Sigurbjörn biskup 95 ára
Dr. Sigurbjörn Einars-son biskup á 95 ára afmæli í dag. Í vikunni kom út prédíkana- og ræðusafn biskupsins í tilefni afmælisins. Hann verður að heiman í dag.
TÍMAMÓT 48

Yfirlýsingar vikunnar
„Það er því afar freistandi að efast - og fólk mun ugglaut efast - um að yfirlýsingin gegn þenslunni sé orðmörg en verði efnislítill þegar til kastanna kemur.“ skrifar Birgir Guðmundsson um stjórnarflokkana. „Reynslan verður að skera úr um hvernig það verkast á endanum.“
Í DAG 28

Tökum á stórmynd frestað
Ágreiningur milli Liv Ullman og Jennifer Connelly verður til þess að tökum á stórmyndinni A Journey Home frestast. Myndin er gerð eftir sögu Ólafs Jóhanns Ólafssonar.
FÓLK 54

Versta byrjun ÍA í 30 ár
Skagamenn hafa aldrei átt verra gengi að fagna á Íslandsmóti en nú í ár frá því að tíu liða efstu deild var komið á fótt hér á landi árið 1977. Starf Ólafs Þórðarsonar virðist hanga á bláþræði.
ÍPRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG

VÍÐA VÆTA - Í dag verður suðaustan 5-10 m/s. Rigning eða skúrir víða um land. Hangir þó þurr norðvestan til eitthvað fram eftir degi. Hiti 10-18 stig, hlýjast norðan og vestan til.
VEÐUR 4

Íslendingar 18-49 ára
Lestur föstudaga

Fréttablaðið: 67%
Mbl.: 48%

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.

Fylgi Samfylkingar hrynur

Samfylkingin mælist með 24,2 prósentu fylgi og hefur það ekki mælist minna frá alþingiskosningum. Sjálfstæðisflokkur missir örlítið fylgi frá síðustu könnun og mælist nú með 42,5 prósent. Aðrir flokkar bæta við sig. Vinstri græn mælast með 14,8 prósent, Framsóknarflokkur með 10,6 prósent og Frjálslyndir með 6,2 prósent.

SKOÐANAKÖNNUN Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú 42,5 prósent fylgi samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og fengi samkvæmt því 28 þingmenn. Fylgi flokksins dalar örlítið frá síðustu könnun þegar 44,3 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn.

Fylgi Samfylkingarinnar hefur ekki mælist minna frá síðustu alþingiskosningum en 24,2 prósent segjast myndu kjósa flokkinn sem dugar fyrir 16 þingmönnum.

Vinstri græn mælast með 14,8 prósentu fylgi og bæta við sig fimm prósentustigum frá síðustu könnun. Með slíkt fylgi í kosningum gæti flokkurinn fengið níu þingmenn kjörna.


Framsóknarflokkurinn mælist í fyrsta sinn frá því í nóvember 2004 með meira en tíu prósentu fylgi, en 10,6 prósent segjast nú

myndu kjósa flokkinn. Það er tæplega fjórum prósentustigum meira en fylgi flokksins mældist í síðustu könnun. Gæfi það flokknum sex þingmenn í kosningum.

Nú segjast 6,2 prósent myndu kjósa Frjálslynda flokkinn, en í síðustu könnun voru það 3,5 prósent. Flokkurinn gæti því fengið fjóra þingmenn kjörna.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segist ekki ánægð með niðurstöðurnar. „Í stjórnmálum virðist sem illt umtal sé betra en ekki neitt. Það er greinilegt að ríkisstjórnarflokkarnir eru að bæta við sig fylgi og við verðum að búa við það um sinn. Það verður ekki varanlegt.“

Viðbrögð Guðna Ágústssonar, varaformanns Framsóknarflokksins, voru ánægja. „Þetta er leiðin upp á við og nú þurfa Framsóknar-



„Ég er mjög ánægð með að við séum að hækka. Ég gæti trúað því að málflutningur okkar sé farinn að ná eyrum fólks, þá sérstaklega hvað varðar náttúruvernd og stóriðjustefnuna,“ segir Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.

„Það er ánægjulegt að finna að þótt breytingar hafi verið gerðar á ríkisstjórninni þá er byr í seglunum því báðir stjórnarflokkarnir eru að bæta við sig,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins.

Magnús Þór Hafsteinnsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, segir þetta staðfesta þann mikla meðbyr sem flokkurinn hafi fundið fyrir í sveitarstjórnarkosningunum víða um land.

- ss / sjá síðu 4



FRÁ SETNINGARHÁTÍÐ SHELLMÓTSINS Í VESTMANNAEYJUM Í GÆR Dregjaliðin gengu fylktu liði um götur bæjarins þrýddir einkennislitum félagsliða sinna í gær. Verður örugglega jafn fjúrgt á fótboltavellinum þar sem allir fá að njóta sín með knöttinn. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN KALDAL

Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðar um stríðsglæpadómstóla Bandaríkjahers: Fangaréttarhöld eru lögleysa

BANDARÍKIN Hæstiréttur Bandaríkjanna komst í gær að þeirri niðurstöðu að stríðsglæparéttarhöld yfir fongum sem hafa verið í haldi í bandarískum fangabúðum á Kúbu, brjóti bæði í bága við bandarísk herlög og Genfarsáttmálana.

Dómstóllinn segir að George W. Bush Bandaríkjaforseti hafi ekki haft neina lagalega heimild til þess að setja á stofn sérstaka herdómstóla til þess að rétta yfir mönnum.

Bush sagðist í gær ætla að leita eftir samþykki Bandaríkjaþings um að þessir fangar verði dregnir fyrir hefðbundna herdómstóla, og vonast til þess að það fyrirkomulag hljóti náð fyrir augum hæstaréttar.

heimild til þess að hneppa grunaða hryðjuverkamenn í fangelsi og halda þeim þar ótímabundið án þess að þeim kæmu fyrir dómara eða hefðu aðgang að lögmanni.

Nú kemst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu, að þau réttarhöld sem haldin hafa verið yfir sumum fanganna hafi ekki haft neina lagalega stöð.

Í úrskurði dómstólsins segir þó ekkert um það hvort loka eigi fangabúðunum, heldur varðar úrskurðurinn aðeins ólögmeiti réttarhaldanna yfir fongunum. Dómararnir í Hæstarétti voru ekki á einu máli um niðurstöðuna í gær. Fimm þeirra standa að henni, en þrír eru á móti.

- gb



FANGAR Í GUANTANAMO Réttarhöldin yfir þeim brjóta í bága við bæði bandarísk herlög og Genfarsáttmálana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Shellmótið sett í gær í Eyjum: Þúsund ungar fótboltahefjur

FÓTBOLTI Um 2.500 manns eru nú í Vestmannaeyjum vegna Shellmótsins sem þar stendur yfir en setningarathöfnin fór fram í gær. Um þúsund sprækir piltar keppa á þessu móti og eru ögn færri en í fyrra að sögn Björgvins Eyjólfssonar mótsstjóra.

„Það verður nóg um að vera hjá drengjunum,“ segir Björgvin, „því auk hinna hefðbundnu kappleikja verður keppt um það hver er skotfastastur og leiknastur. Meðan því fer fram verður mikið um að vera á knattspyrnuvellingum og þeir sem sjá þetta í fyrsta sinn vita ekki hvaðan á þá stendur veðrið.“

En Eyjamenn vita vel hvaðan á þá stendur veðrið því það var glampandi sól þegar mótið hófst en því lýkur á sunnudag. Þetta er í 23. sinn sem þetta mót er haldið en í upphafi hét það Tommamót Týs.

- jse

TÍVOLI
við Smáralind

15-80% Afsláttur

ÚTSALA
í fullum gangi



SPURNING DAGSINS

Vilhjálmur, eru Skagamenn grandalausir?

„Við erum ekki grandalausir en við verðum að tryggja að við verðum ekki fisklausir.“

Eftir að Grandí sameinaðist Haraldí Bóðvarssyni á Akranesi hefur störfum fækkað jafnt og þétt og er þar aðeins einn starfsmaður eftir í dag. Vilhjálmur Birgisson er formaður Verkalyósfélags Akraness.

Norska tollgæslan:

Fetaostsmyglari flýr tollverði

NOREGUR Tuttugu og átta ára gamall maður, sem reyndi að smygla tveimur tonnum af fetaosti inn í Noreg, lagði á flótta þegar tollverðir gáfu honum merki um að stöðva flutningabil sinn.

Maðurinn keyrði yfir Svínasundsbrúna þegar tollararnir vildu ná tali af honum, samkvæmt frétt Aftenposten. Flóttinn endaði hins vegar kílómetra síðar, og uppgötvaði yfirvaldið þá að auk ostsins hafði maðurinn um 360 kíló af niðursoðnum pylsum í bílnum.

Við yfirheyrslu sagðist hann vera á leið til Osló, en neitaði að gefa upp áfangastað. - smk

Seðlabanki Íslands:

Ingimundur nýr bankastjóri

SEÐLABANKI Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur skipað Ingimund Friðriksson í stöðu seðlabankastjóra til næstu sjö ára.



INGIMUNDUR FRIÐRIKSSON

Hann hefur gegnt stöðu aðstoðarbankastjóra Seðlabankans frá árinu 1994. Ingimundur er fæddur 17. febrúar 1950 og hefur lokið MA-prófi í þjóðhagfræði.

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur óskað eftir lausn úr embætti seðlabankastjóra og tekur Ingimundur við starfinu 1. september næstkomandi. Ingimundur mun þó gegna starfinu sem settur bankastjóri í fjarveru Jóns þangað til. - óhó

VEGIR Á HÁLENDI

Sprengisandur opnaður

Vegagerðin hefur opnað leiðina um Sprengisand ofan í Bárðardal en bæði Eyjafjarðar- og Skagafjarðarleiðir eru enn lokaðar. Þá er Fjallabaksleið syðri nú opin sem og Emstruleið.

Lyfjafræðingar eru ósáttir og telja umræðuna um lyfjaverð ómálefnalega:

Alhæft um afgreiðsluvenjur

LYFIAMÁL Lyfjafræðingar eru ósáttir við fullyrðingar Sivjar Friðleifs-dóttur heilbrigðisráðherra og telja umræðuna ómálefnalega. Þeir segja ekki hægt að alhæfa um afgreiðsluvenjur lyfjafræðinga út frá einni verðkönnun sem einungis nái til fárra lyfja.

Siv sagði í Fréttablaðinu í gær að til greina kæmi að setja upp innkaupasamlag vegna hins háa verðs á lyfjum en áður hafði hún beðið Lyfjastofnun að ítreka við lyfjafræðinga þá skyldu að benda á ódýrari samheitalyf og minna þá á starfsleyfsviptingu ella.

Lárus Guðmundsson, framkvæmdastjóri Lyfjafræðingafé-



LYF OG LYFJAVERÐ Lyfjafræðingar eru ósáttir við umræðuna um lyfjaverð og telja ekki hægt að alhæfa um afgreiðsluvenjur út frá einni könnun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lags Íslands, segir að ákveðnar reglur gildi um það þegar lyfja-

fræðingur er sviptur starfsleyfi. „Það hvort hann bendir á lyf sem eru 10 eða 20 prósentum ódýrari fellur ekki undir það,“ segir hann.

Valgerður Bjarnadóttir, sviðsstjóri innkaupa- og vörustjórnunarsviðs LSH, segir að LSH hafi boðið út lyf í þrjú eða fjögur ár og því séu flest eða öll lyfin á allt öðru og betra verði en heilðsöluverði.

„Það er mitt persónulega álit að reglur um innflutning á lyfjum séu þröngt tilkaðar og innan reglnanna rúmist meiri samkeppni en raunin er,“ segir hún. „Ég hef ekki trú á innkaupasam- lagi ríkisins en veit ekki hver skoðun spítalans er.“ - ghs

Félagsmenn BHM segja upp störfum

Stjórnendur á sambýlum fyrir fatlaða afhenda uppsagnarbréf sín í dag og rennur uppsagnarfresturinn út ýmist eftir einn eða þrjú mánuði. „Skelfilegt ástand“ getur skapast á sambýlunum ef ekki fást fagmenntaðir í staðinn.

KIARAMÁL Tugir háskólamenntaðra starfsmanna á sambýlum fatlaðra munu afhenda forstöðumönnum Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi og í Reykjavík uppsagnarbréf sín í dag. Í flestum tilfellum er um stjórnendur að ræða og rennur uppsagnarfrestur þeirra út eftir mánuð eða þrjú mánuði.

„Dóttir okkar er tvær vikur í mánuði í skammtímavistun svo ef það fellur niður höfum við enga möguleika á að lifa eins og eðlileg fjölskylda,“ segir Guðrún Sóley Guðnadóttir, móðir Aniku Helgadóttur, 11 ára fjölfatlaðrar stúlku. Hún þarf hjálp við allar athafnir daglegs lífs. „Meðan hún er heima erum við alveg bundin yfir henni og önnur börn okkar fá nær enga athygli svo þessi hálf mánuður sem hún er í skammtímavistun er okkur afar nauðsynlegur; einnig bara til að hlaða batteriinn. Og svo vill maður kannski fara eitthvað eða gera eitthvað,“ segir Guðrún Sóley. Hún segir að það öðryggi sem skapast sí og æ í þessum geira sé mjög þreytandi fyrir aðstandendur fatlaðra.

Um 50 félagsmenn í BHM stóðu fyrir utan húsnæði BHM í Borgartúni í gær, klöppuðu saman höndum og hrópuðu „semja, semja“ þegar samningamenn mættu til fundar. Eftir fundinn kom í ljós að ekkert hafði þokast og var þá ákveðið að fjölmenna á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi í morgun og á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík eftir hádegi og afhenda þar uppsagnarbréfin.



GUÐRÚN SÓLEY GUÐNADÓTTIR, ANIKA OG HÖRÐUR HELGABÖRN Mikið mun mæða á þessari fjölskyldu ef uppsagnirnar taka gildi. Anika er fjölfötlúð og þarf aðstoð við allar daglegar athafnir svo að sá tími sem hún er í skammtímavistun er fjölskyldunni mikilvægur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Jón Heiðar Ríkhartsson, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík, segir að væntingar hafi verið of miklar í gær. Ekki hafi verið við niðurstöðu að búast en hann vonast til að niðurstaða liggi fyrir miðjan júlí. „Staðan er viðkvæm en það er allra hagur að málið leysist farsælega og sem fyrst,“ segir hann.

Gunnlaugur Karlsson er forstöðuproskaþjálfari á Svöluási í Hafnarfirði. Hann segir að viðræðurnar séu frýstar, ráðuneytið vilji ekki veita fjármagni í stofnanasamninga við BHM. Fundur verði á miðvikudaginn og uppsagnir verði dregnar til baka ef

samkomulag náist þá.

Gunnlaugur hefur 220 þúsund króna heildargrunnlaun þó að hann sé með sex og hálfis árs háskólamenntun. Hann segir að aðeins hugsjónamenn fari til starfa á sambýlum. Ef félagsmenn BHM hætti störfum hverfi öll fagmenntun úr sambýlunum.

„Það mun verða skelfilegt ástand vægast sagt,“ segir Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi, en hún hefur fengið tilkynningar frá hátt í tuttugu BHM-félögum síðustu þrjú vikur um að þeir muni segja upp störfum náist ekki samkomulag. ghs@frettabladid.is / jse@frettabladid.is

Könnun á hamingju þjóða: Ísland glaðast, Rússland fúlast

HAMINGJA Ísland er besta land í heiminum fyrir þá sem leita að hamingju samkvæmt nýrri rannsókn sem breska blaðið The Guardian fjallaði um á dögunum.

Ástralía kom rétt á eftir Íslandi á listanum en í rannsókninni var meðal annars litið á lífslíkur, menntun og lífnaðarhætti þegar hamingja fólks var mæld.

Rannsóknin sýndi að íbúar ýmissa fátækra þjóða eins og Mexíkó og Nígeríu voru hamingjusamari en íbúar margra ríkari og þróaðri þjóða. Minnst var hamingjan í Rússlandi, Úkraínu, Rúmeníu og Búlgaríu. - sfs



UTANRÍKISRÁÐHERRAR Margaret Becker frá Bretlandi og Condoleezza Rice frá Bandaríkjunum í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogar iðnríkjanna átta:

Búast við svári frá Íransstjórn

MOSKVA, AP Bandaríkin, Rússland og önnur iðnríki í hópi átta stærstu iðnríkja heims sögðust í gær vænta þess að írönsk stjórnvöld veiti svar í næstu viku við tilboði stórveldanna til lausnar deilunni um kjarnorkuáform Írana.

Í yfirlýsingu frá utanríkisráðherrum G8-hópsins í Moskvu í gær segir að það valdi vonbrigðum hve Íranar hafi verið lengi að veita svar sitt.

Þeir segjast reikna með því að svar komi á fundi utanríkisráðherra Evrópusambandsins með samningamanni Írans 5. júlí næstkomandi. - gb

Grænmeti og ávextir:

Gríðarlegur verðmunur

VERÐKÖNNUN Munur á hæsta og lægsta verði á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu nemur allt að 365 prósentum, samkvæmt nýrri verðkönnun Alþýðusambands Íslands sem gerð var í vikunni.

Var kannað verð á yfir fjörutíu tegundum alls og reyndist verðmunur aldrei minni en 42 prósent og oft yfir hundrað prósentum á sömu vörum. Reyndist Bónus þjóða ódýrastar vörur að jafnaði og 11-11 var oftast með hæsta verðið. - aðe

Afleiðingar úrhellisrigninga í norðausturhluta Bandaríkjana:

Verstu flóð áratugum saman

BANDARÍKIN, AP Flóðgarðar sem byggðir hafa verið í kringum Susquehanna-ána í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum héldu í gær, og urðu til þess að yfirvöld afturkölluðu fyrirskipanir um brottflutning um tvö hundruð þúsund manns úr Wilkes-Barre-borg. Á sama tíma hélt áfram að hækka í öðrum ám og fylgdust íbúar fjölmargra bæja meðfram Delaware-ánni kvíðnir með verstu flóðum sem orðið hafa í áratugi.

Miklar rigningar síðan um síðustu helgi valda flóðunum, sem hafa valdið miklum usla á gríðarstóru svæði í norðausturhluta Bandaríkjana. Flætt hefur inn í heilu borgirnar og í New York flaut heilt hús niður Susquehanna-ána. Tugþúsundir manna hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín og flýja til ættingja og í neyðarskýli.

Minnt prettán manns hafa farist vegna flóðanna, þar af fimm í Pennsylvaníu, fjórir í Maryland, einn í Virginíu og þrjú í New York, og óttast er um afdrif fleira fólks.

Hundruðir manna úr þjóðvarðliðinu, lögreglu og strandgæslu sinna nú björgunarstörfum á svæðinu, en talið er að viðgerðir vegna skemmdanna sem flóðin hafa valdið muni kosta milljarða.

Auk þeirra sem skipað var að yfirgefa heimili sín í Pennsylvaníu, hafa yfirvöld fyrirskipað brottflutning á ákveðnum svæðum í New Jersey, Maryland og New York. Neyðarástandi var lýst um allt New Jersey-ríki í gær vegna flóðanna. - smk

ALLT Á FLOTI Fólk hefur gripið til ýmissa ráða til að komast leiða sinna í Bandaríkjunum seinustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



BÍLL DAGSINS

NISSAN 350Z

Nýskr 03.05 - Beinskriptur - Ekinn 6 þús km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.

120 ¹⁸⁸⁶/₂₀₀₆

Við erum 120 ára á morgun.
Þér er boðið í afmæli!

ISENSKA AUGLÝSINGASTOFN/STJÓLAUS LÍFI 3312 06/2006



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

GENGIÐ		
GENGI GJALDMÍÐLA 29.06.2006		
KAUP SALA		
Bandaríkjadalur	76,42	76,78
Sterlingspund	138,50	139,18
Evra	95,71	96,25
Dönsk króna	12,830	12,906
Norsk króna	12,161	12,233
Sænsk króna	10,377	10,437
Japanskt jen	0,6561	0,6599
SDR 112,08 112,74		

Gengisvísitala krónunnar
132,8675

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarandstaðan í Úkraínu kemur í veg fyrir kosningu í embætti:

Sitja sem fastast í ræðustól

ÚKRAÍNA, AP Þingmenn stærsta stjórnarandstöðuflokksins í Úkraínu hafa undanfarna daga hindrað störf þingsins með því að sitja sem fastast um ræðustól þingsins, stól þingforsetans og stóla sem ætlaðir eru ráðherrum ríkisstjórnarinnar.

Þannig hefur þeim tekist að koma í veg fyrir að Júlía Timosjenkó geti tekið á ný við embætti forsætisráðherra. Þing-ið hefur ekki getað greitt atkvæði um skipun hennar í embættið, og þingið hefur heldur ekki getað greitt atkvæði um hver verður næsti þingforseti.

„Trúið mér, ég hef oft tekið þátt



HINDRA STÖRF ÞINGSINS Þingmenn Flokks héraðanna hafa gripið til eigin úrræða til þess að koma í veg fyrir að „appelsínugulu“ flokkarnir myndi nýja ríkisstjórn.

í aðgerðum af þessu tagi, þeir geta ekki setið þarna til eilífdar,“ sagði Petro Porosjenkó, sem verður næsti þingforseti fái þingmeiri-

hlutinn sínu framgengt áður en yfir lýkur.

Núverandi þingmeirihluti hefur sjálfur beitt þessari aðferð, að sitja um stóla æðstu embættismanna þingsins, þegar stjórnarflokkarnir þrír voru í stjórnarandstöðu gegn þáverandi forseta landsins, Leoníd Kútsjma.

Samkvæmt stjórnarskrá Úkraínu hefur þingið fjórar vikur til þess að greiða atkvæði um nýja ríkisstjórn. Koskið var til þings í mars en það var ekki fyrr en í síðustu viku sem þrjú flokkar, sem voru samherjar í appelsínugulu byltingunni svonefndu, náðu samkomulagi um stjórnarmyndun. - gb

Lífeyrissjóður verzlunarmanna:

Leitar tilboða í Straumsbréf

VÍDSKIPTI Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) ákvað að leita eftir tilboðum í fimm prósent hlut sinn í Straumi-Burðarási. Miðað við gengi Straums í gær er virði hlutarins tæpir títu milljarðar króna.

Ad sögn Þorgeirs Eyjólfssonar, forstjóra LV, hefur verið sent út bréf til þeirra aðila sem talið er að kunni að hafa áhuga á bréfunum. Frestur til að skila inn tilboðum rennur út að hádegi á mánudaginn. Stjórnendur sjóðsins áskilja sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

„Við höfum átt þennan hlut til margra ára og teljum tímabært að leysa hann inn.“ - eþa



ALI HIRSI Hollenska þingkonan sem svipt var ríkisborgararétti. NORDICPHOTOS/AFP

Hollenska ríkisstjórnin:

Segir af sér vegna Hirsi

HOLLAND, AP Hollenski forsætisráðherrann, Jan Peter Balkenende, lýsti því yfir að þriggja ára samsteypastjórn hans muni segja af sér eftir að þrjú ráðherrar sögðu sig úr henni í gær. Ætlað Balkenende að senda Beatrix drottningu bréf þess efnis í dag.

Ástæðan er ósætti sem ríkt hefur innan stjórnarinnar eftir að þingkonan Ali Hirsi var svipt ríkisborgararétti sínum, en hún er af sómoliskum uppruna. Sviptingin hefur verið dregin til baka. - smk

Vátryggingafélag Íslands:

Segja upp 22 starfsmönnum

ATVINNUMÁL Tuttugu og tveimur starfsmönnum Vátryggingafélags Íslands, VÍS, verður sagt upp störfum frá og með mánaðamótum vegna skipulagsbreytinga hjá fyrirtækinu.

Ad sögn Erlends Hjaltasonar, annars forstjóra Exista sem keypti fyrirtækið fyrir skömmu, eru uppsagnirnar liður í að bæta rekstur vátryggingahluta félagsins en tap hefur verið á þeim rekstri að undanförunu. „Við erum að bregðast við þeim hallarekstri en engar fleiri uppsagnir standa fyrir dyrum að svo stöddu.“ - aðe

LÖGREGLUMÁL

Fallhlífastökk Maður fótbrotnaði þegar hann lenti illa eftir fallhlífastökk á Helli-flugvelli í vikunni. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar á Hvolsvelli var um óhapp að ræða en ekki bilun í búnaði.

Fylgi Samfylkingar ekki minna frá kosningum


Sjálfstæðisflokkurinn hefur 42,5 prósent fylgi samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins en fylgi Samfylkingarinnar mælist nú 24,2 prósent. Vinstri græn hafa 14,8 prósent fylgi og Frjálslyndi flokkurinn 6,2 prósent. Fylgi Framsóknarflokks mælist nú 10,6 prósent og hefur ekki mælist meira síðan í nóvember 2004.

SKOÐANAKÖNNUN Samfylking tapar miklu fylgi samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 24,2 prósent segjast myndu kjósa flokkinn ef boðað yrði til alþingiskosninga nú og hefur fylgið ekki mælist svo lítið frá síðustu alþingiskosningum þegar flokkurinn hlaut 33,7 prósent atkvæða. Þar til nú var minnsta fylgi flokksins í könnunum Fréttablaðsins í október 2003 þegar 28,4 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn. Í síðustu könnun blaðsins í febrúar á þessu ári sögðust 34,4 prósent myndu kjósa Samfylkingu.

Mestu fylgi tapar flokkurinn frá síðustu könnun á landsbyggðinni eða rúm 13 prósentustig. Í síðustu könnun sögðust 30,9 prósent íbúa utan höfuðborgarsvæðisins myndu kjósa Samfylkingu en nú eru það 21,6 prósent. Þá hefur fylgi flokksins dregist saman á höfuðborgarsvæðinu um rétt rúm átta prósentustig, en nú segjast 26 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu myndu kjósa Samfylkinguna.

Fylgi meðal karla hefur minnkad um rúm ellefu prósentustig; er nú 19,7 prósent en var 30,9 prósent í könnun blaðsins í febrúar. Þá segjast 29,1 prósent kvenna myndu kjósa flokkinn sem er tæplega tíu prósentustigum minna en í síðustu könnun.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist sem fyrr með mesta fylgið og segjast 42,5 prósent myndu kjósa flokkinn yrði boðað til kosninga nú. Það eru örlítið færri en í síðustu könnun þegar 44,3 prósent sögðust styðja flokkinn. Helstu breytingarnar á fylgi Sjálfstæðisflokksins nú miðað við síðustu könnun er að



heldur færri karlar segjast nú myndu kjósa flokkinn. Nú segjast 42,4 prósent karla styðja Sjálfstæðisflokkinn, sem er tæplega fimm prósentustigum minna en í síðustu könnun. Þá hefur fylgi meðal kvenna aukast um rétt rúmlega tvö prósentustig og segjast nú 42,6 prósent kvenna myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Vinstri græn bæta nokkuð við sig frá síðustu könnun og segjast nú 14,8 prósent styðja flokkinn. Það er fimm prósentustigum meira en í könnun blaðsins í febrúar. Það verður þó að hafa í huga að fylgi

vinstri grænna í febrúarkönnun blaðsins var versta útkoma flokksins síðan í október 2003.

Mest bæta vinstri græn við sig fylgi meðal karla en nú segjast 17,1 prósent karla myndu kjósa flokkinn, sem er tæplega átta prósentustigum meira en í síðustu könnun. Þá segjast 12,4 prósent kvenna myndu kjósa flokkinn. Fylgi flokksins eykst meira á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Nú segjast 14,7 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu myndu kjósa vinstri græn, í stað 8,7 prósent í síðustu könnun. Þá segjast 14,9 prósent íbúa utan

höfuðborgarsvæðisins myndu kjósa listann í stað 11,7 prósent.

Framsóknarflokkurinn bætir við sig fylgi frá síðustu könnun og mælist nú með 10,6 prósent og hefur flokkurinn ekki mælist með meira en tíu prósent fylgi í könnunum Fréttablaðsins síðan í nóvember 2004, þegar 12,3 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn. Fylgi Framsóknarflokks eykst mest á landsbyggðinni en í síðustu könnun sögðust tíu prósent íbúa utan höfuðborgarsvæðis myndu kjósa flokkinn, en nú er hlutfallið 15,9 prósent. Þá eru örlítið fleiri á höfuðborgarsvæðinu sem segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn, eða 7,1 prósent, en var 5,4 prósent í síðustu könnun.

Líkt og áður mælist Frjálslyndi flokkurinn með minnsta fylgið, 6,2 prósent en fylgi flokksins eykst hlutfallslega mest milli kanna. Í síðustu könnun sögðust 3,5 prósent myndu kjósa Frjálslynda flokkinn. Best eykst fylgi flokksins á landsbyggðinni, en í síðustu könnun sögðust 2,8 prósent íbúa utan höfuðborgarsvæðis myndu kjósa flokkinn. Það hlutfall hefur aukist um 4,9 prósentustig og segjast nú 7,7 prósent íbúa landsbyggðarinnar styðja Frjálslynda flokkinn, en 5,1 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Hringt var í átta hundruð kjósendur miðvikudaginn 28. júní og skiptust svarendur jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til kosninga nú? 65 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. svanborg@frettabladid.is

GOTT VEÐUR TIL AÐ BYRJA AÐ ÆFA!

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. ÁGÚST

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	24°C léttskýjað	London	26°C léttskýjað	Alicante	28°C léttskýjað
Billund	22°C hálfskýjað	Paris	28°C léttskýjað	Mallorca	25°C léttskýjað
Oslo	23°C léttskýjað	Frankfurt	29°C skýjað	Algarve	27°C léttskýjað
Stokkhólmur	22°C léttskýjað	Friedrichshafen	23°C skýjað	Krit	29°C léttskýjað
Gautaborg	21°C léttskýjað	Berlin	26°C léttskýjað	Las Palmas	25°C heiðskirt

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Frábær tilboð

30%
afsláttur við
kassa

Holta-
kjúklingur



Kjúklingalundir

kryddlegnar western kjúklingalundir

TILBOÐ
1.607 kr/kg
Merkt verð 2.295,-



Úrvals
humar

TILBOÐ
2.798 kr/kg
Verð áður 3.245,-

20%
afsláttur við
kassa

Jóa
FEL



Svínakótilettur

kryddlegnar að hætti Jóa Fel

TILBOÐ
1.439 kr/kg
Merkt verð 1.799,-



*Salatdressingar
í miklu úrvali*



2 fyrir 1

Kauptu **2l appelsín** og
fáðu **2l mix** í kaupbæti



20%
afsláttur

Maarud

Maarud í útileguna, sumarbústaðinn
eða bara heima í sófa...

20%
afsláttur

Nýtt
í Hagkaupum



Fylltir kartöfluklattar

Frábærir á grillið og í ofninn.
Fylltir m/rjómaosti og kryddjurtum
eða mozzarella og tómötum

Gildir til 2. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Nýtir þú þér þjónustu bókasafna á sumrin?

Já	52%
Nei	48%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Nýtir þú þér innanlandsflug?

Segðu skoðun þína á visir.is



Frávísunarkrafa ákærðu og verjenda þeirra vegna endurákæru í Baugsmálinu:

Úrskurður kveðinn upp í dag

DÓMSMÁL Arngrímur Ísberg, dómari í Baugsmálinu, kveður í dag upp úrskurð um það hvort endurákærum í Baugsmálinu verði vísað frá dómi eða ekki. Verjendur ákærðu í málinu, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Tryggva Jónssonar og Jóns Gerald Sullenberger, kröfðust þess að endurákærum í málinu yrði vísað frá dómi vegna „ágalla og viðamikilla staðreyndavilna í ákæru,“ eins og Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, lét hafa eftir sér fyrir dómi.

Settur saksóknari í málinu, Sigurður Tómas Magnússon, vísaði því á bug fyrir dómi að ágall-



SAKSÓKNARI, VERJANDI OG JÓN ÁSGEIR
Tekist var harkalega á um frávísunarkröfu verjenda fyrir dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ar væru á ákærunum. Hann sagði að málið væri „flóknasta og víðamesta efnahagsbrotamál sem upp hefur komið á Íslandi og það

er brýnt að það fái efnislega meðferð.“

Fyrsti ákæruliðurinn er víðamestur en þar er Jón Ásgeir einn ákærður. Ákæran telur um tuttugu blaðsíður en fyrsti ákæruliðurinn er rúmar fjórar blaðsíður af þeim.

Þar er Jóni Ásgeiri meðal annars gefið að sök að hafa vísitandi „beitt stjórn Baugs blekkingum í auðgunarskyni,“ með því að leyna því að hann væri raunverulegur seljandi hlutafjárins í Vöruveltunni, rekstrarfélags 10-11 verslananna, þegar Baugur festi kaup á rekstrarfélaginu í maí 1999.

Akstursáhugafólk bregst við:

Gera átak gegn utanvegaakstri

UMFERÐ Ferðaklúbburinn 4x4, Vélhjólaíþróttaklúbburinn, Ferðafélag Íslands, Útivist, Umhverfisstofnun, Landgræðsla ríkisins og Landvernd kynntu í dag átak gegn utanvegaakstri. Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra hóf átakið formlega með opnun vefsíðu sem ætlað er að fræða fólk.

„Aukning síðustu ára á akstri utan vega á jeppum og torfæruhjólum er alvarlegt vandamál og ef ekki tekst að sporna við henni strax mun það hafa í för með sér verulegan skaða á þeim náttúruverðmætum sem við eigum,“ segir á vefsíðu átaksins. - öhó

Ísraelar handtaka Palestínupingmenn

Ísraelsher hélt áfram hörðum hernaðaraðgerðum á Gaza-strönd í gær. Tugir palestínskra þingmanna voru handteknir til að auka þrýsting á Palestínunum.

GAZA-BORG, AP Ísraelski herinn handtók í gær á Vesturbakkanum tugi palestínskra þingmanna úr Hamas-samtökunum, þar á meðal sjö ráðherra úr Palestínustjórn. Einnig héldu ísraelskir hermenn áfram aðgerðum sínum á Gazasvæðinu til þess að þrýsta á að ísraelskur hermaður, sem Palestínunum handtöku á sunnudag, verði látinn laus.

Hins vegar frestuðu Ísraelar að gera stóra innrás á Gaza-svæðið í gær, og þótti það til marks um að eitthvað hefði miðað í samningaviðræðum um að fá hermenninn lausan.


Hernaður Ísraela hefur til þessa mest beinst að suðurhluta Gazasvæðisins, þar sem talið er að hinn 19 ára hermaður, sem heitir Gilad Shalit, sé hafður í haldi.

Herskáir hópar Palestínumanna tóku ísraelska hermenninn í sína vörslu á sunnudag, þegar þeir gerðu árás á ísraelska landamærastöð. Á þriðjudaginn hóf ísraelski herinn svo innrás sína á Gaza-strönd með loftárásum og brynvögnum og sú innrás hélt áfram í gær, þrátt fyrir að viðamikilli innrás landhersins úr norðri hafi verið frestað.

Í gær skýrði einn hinna herskáu hópa Palestínumanna, sem stóðu að árásinni á sunnudag, frá því að þeir hefðu tekið 18 ára ísraelskan landnema af lífi, en lík hans fannst grafíð á Vesturbakkanum í gær.

Ísraelski herinn sagðist hafa handtekið 64 embættismenn frá Hamas-samtökunum í gærmorgun á Vesturbakkanum, þar á meðal aðstoðarforsætisráðherra Palestínustjórnar, sjö aðra ráðherra og tuttugu þingmenn.

Ísraelar segja þessar handtökur eingöngu gerðar til þess að draga



úr getu Hamas-samtakanna til þess að ráðast á Ísraela, en Yair Naveh, yfirmaður í ísraelska hernum, viðurkenndi að til greina kæmi að láta þessa Palestínunum lausa í skiptum fyrir ísraelska hermenninn, sem Palestínunum hafa í haldi.

Palestínunum voru ævareidur

þessum handtökum. „Við höfum enga stjórn, ekki neitt,“ sagði Saeb Erekat, sem er í flokki með hinum hófsamari Mahmoud Abbas forseta. „Þetta er algjörlega óþolandi og við krefjumst þess að þeir verði látnir lausir þegar í stað.“

gudsteinn@frettabladid.is

Sættir náðust í deilum starfsmanna IGS, dótturfélags Icelandair, í Leifsstöð:

Farþegar geta andað léttar

KJARAMÁL Sættir hafa náðst í deilum starfsmanna IGS, dótturfyrirtækis Icelandair sem sér um þjónustustörf í Leifsstöð, og stjórnar fyrirtækisins, en sem kunnugt er lögðu starfsmenn niður vinnu í þrjá tíma seinasta sunnudag til að mótmæla kjörum og vinnuáðstöðu.

Trúnaðarmenn og fulltrúar starfsmanna funduðu með Gunnari Olsen, framkvæmdastjóra IGS, og Jóni Karli Ólafssyni, forstjóra Icelandair, í fyrirakvöld. „Ég hef ekki borið tillögurnar undir alla starfsmenn ennþá en mér sýnist vera komin farsæl laus á málið,“ segir Einar Atlason, talsmaður starfsmanna IGS.

„Málið er komið í farsælan farveg og ég held að almennt séu allir sáttir við niðurstöðuna. Það verður unnið í að leysa þessu mál á næstu vikum og mánuðum. Það var mest



SETUVERKFAHLL STARFSMANNA Talsmaður starfsmanna segist vongóður um að farsæl laus sé komin á málið.

verið að ræða aðstöðu- og alagsmál og við fundum lausnir á þeim málum sem allir virtust vera sáttir við,“ segir Jón Karl Ólafsson.

Gunnar Olsen segir að ekki séu uppi áform um að starfsmenn eða

stéttarfélag þeirra verði lögsótt vegna mótmælanna á sunnudaginn var. „Það liggur fyrir að aðgerðirnar voru óheppilegar en við erum komin vel á leið með að grafa stríðsöxina.“ - sþs

afrit.is

- ✓ Afritun á hvers konar gögnum
- ✓ Einfalt viðmót og uppsetning
- ✓ Hagkvæm þjónusta fyrir alla
- ✓ Ókeypís aðgangur í 30 daga
- ✓ Sjálfsafgreiðsla á Netinu
- ✓ Vottuð fyrsta flokks þjónusta
- ✓ Vöktun allan sólarhringinn
- ✓ Þúsundir ánægðra viðskiptavina
- ✓ Örugg dulkóðun og samskipti



afrit.is

ÚT-SALA

hefst í dag
föstudaginn 30. júní

MINNST 40% AFSLÁTTUR

H&M
ROWELLS
fólk

Kringlunni 7 • sími 588 4422

Fólk ehf. • Tíska • Gæði • Betra verð



GEFUR LÍFINU EPLABRAGÐ!
ÁN VIÐBÆTTIS SYKURS





VEISTU SVARID?

1 Landsbankinn fagnar afmæli um þessar mundir. Hversu gamall er bankinn?

2 Hvenær var Landsmót hestamanna fyrst haldið?

3 Hvaða dómari hefur veifað rauðum og gulum spjöldum oftast í einum leik á HM?

SVÖR Á BLS. 54

Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði vilja viðhorfsbreytingu gegn mansali og vændi:

Verðum að afstýra mansali

MANSAL Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði hafa skorað á Norrænu ráðherranefndina að útbúa sameiginlega norræna verkefnaáætlun í baráttunni við mansal.

Í tillögunni, sem lögð var fram á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Færeyjum nú í vikunni, er lögð áhersla á að mansal feli í sér alvarleg brot á mannréttindum. Vilja jafnaðarmenn með þessu stuðla að skilvirkari aðgerðum gegn mansali og markvissri viðhorfsbreytingu gegn vændi.



RANNVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR

„Samkvæmt tölum frá Sameinuðu þjóðunum þá er verslað með um átta hundruð þúsund manns á heimsvísu ár hvert. Það er talið að það sé einhversstaðar milli 120 þúsund og hálfir milljónar í Evrópu. Þetta eru í flestum tilfellum konur og börn,“ segir Rannveig Guðmundsdóttir, alþingismaður, en hún er fulltrúi í forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

„Það er okkar mat að það þurfi norrænt, evrópskt og alþjóðlegt samstarf til að hægt sé að kanna flutningsleiðir og ná bakmönnum-

um í þessum stóru hringjum, og afstýra því að fólk og börn verði fórnarlömb mansals.“

Þá segir Rannveig mjög mikilvægt að tryggja þeim sem lent hafa í mansali tímabundið dvalarleyfi í því landi sem þau eru komin til svo þau hafi tíma til að koma undir sig fótunum aftur.

„Svjar eru með löggjöf sem ekkert annað Norðurlandanna hefur sett. Þar er bannað að kaupa vændi og snúa þeir þannig sökinni yfir á þann sem kaupir. Við viljum að bornar verði saman þær leiðir sem farnar eru á Norðurlöndunum og sameiginlega sé fundin besta leiðin gegn mansali og vændi“

- öhö

Vefur Reykjavíkurborgar:

Hlýtur góða einkunn

REYKJAVÍK Vefur Reykjavíkurborgar er efstur af vefjum höfuðborga á Norðurlöndunum, samkvæmt nýrri alþjóðlegri könnun. Vefir borga í hundruð löndum voru skoðaðir.

Háskólarnir Rutgers í Bandaríkjunum og Sungkyankwan í Kóreu gerðu könnunina í samstarfi við ýmsa aðila, þar á meðal Sameinuðu þjóðirnar.

Hlaut vefur Reykjavíkurborgar 12. sæti í könnuninni. Í fyrsta sæti var vefur Seoul en vefur New York borgar var í öðru sæti. Reykjavík er eina borg Norðurlandanna sem kemst á meðal tuttugu efstu.

- öhö

Sólin og ströndin í Búlgaríu

17.500 kr.

Netfargjald með sköttum á mann 4. júlí

10.000 afsláttur!

Í tilefni afmælisins gefum við afslátt í takmarkaðan sætafjölda 18. og 25. júlí.

Nú gildir að vera snöggur!

Bókaðu núna!
www.apollo.is

Tilboð í óvissuferðir:
4. júlí: 1 eða 2 vikur
11. júlí: 1 eða 2 vikur

Apollo Smile eru óvissuferðir fyrir þá sem vilja fyrst og fremst komast í sólina og á ströndina en leggja síður áherslu á gístaði.

Við tryggjum gistingu í tví- eða þríbýli og þú getur valið um gæði gistingarinnar

Óvissuferð 21.000 kr.*

• Við tryggjum svefnpláss með lágmarkspægingdum. Verð frá 21.000 kr. á mann í viku 4. júlí.

Apollo Smile 22.990 kr.*

• Gístaðurinn fær 2 sólr í gæðakerfi okkar. Verð frá 22.990 kr. á mann í viku 4. júlí

Apollo Smile 3 sólr 24.990 kr.*

• Gístaðurinn fær 3 sólr í gæðakerfi okkar. Verð frá 24.990 kr. á mann í viku 4. júlí

Lesið nánar um skilmála óvissuferða á www.apollo.is



Náðu þér í bækling!



Bæklingar liggja frammi á völdum Esso-stöðvum:

Reykjavík: Ártúnshöfði, Fossvogur og Geirsgata.

Hafnarfjörður: Lækjargata

Keflavík: Hafnargata

Akureyri: Leiruvegur

apollo

5 100 300 www.apollo.is

Langferðir ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogur

* Verð miðast við bókun á netinu. Ef bókað er á söluskrifstofunni bætist við 2.500 kr. bókunargjald á mann. Óvissuferðir eru án fæðis og ferða til og frá flugvelli ytra



ROMAS KOSAKOVSKIS Í HÉRADSÓMI Drakk eina af þeim sex flöskum sem hann reyndi að smygla inn til landsins í febrúar. Hinar fimm flöskurnar innhéldu sterkan amfetamínbasa og brennisteinssýru.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Drakk úr einni flösku

Litháinn Romas Kosakovski er ákærður fyrir að reyna að smygla amfetamínvökva og brennisteinssýru til landsins. Amfetamínvökvinn hefði dugað til að framleiða sautján og hálf kíló af amfetamíni.

DÓMSMÁL Mál Romasar Kosakovskis, Litháans sem handtekinn var í Leifstöð í febrúar er hann reyndi að smygla sex flöskum af amfetamínbasa og brennisteinssýru inn til landsins, var tekið fyrir í dómi í gær.

Flöskurnar fundust við gegnumlýsingu hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli og vitnuðu tollverðir fyrir dómi að grunsemdir hefðu vaknað þegar í ljós hafi komið við skoðun að á þær vantaði innsigli og ómögulegt hafi reynt að opna þær. Flöskurnar voru ein teklaflaska, fjórar Perrier og ávaxtasafi.

Tveir tollverðir báru vitni fyrir dómi að Romas hafi um leið og ferðataskan hans var opnuð, gripað eina Perrier-sódavatnsflöskuna, opnað hana og fengið sér að drekka. Fyrir dómi kom fram að hinar fjórar Perrier-sódavatnsflöskurnar hafi innihaldið amfetamínbasa og brennisteinssýru, en að sögn Jakobs eiturefnafræðings hefði innihald þeirra dugað margfalt til að bana Romasi.

Brennisteinssýra er nauðsynleg til að vinna efni úr amfetamínbasa til neyslu að sögn Jakobs Kristinssonar, dósents í eiturefnafræði, sem bar vitni fyrir dómnum. Saksóknari sagði við dóminn að vökvinn sem Romas flutti hingað til lands, hefði dugað til að framleiða sautján og hálf kíló af amfetamíni.

Romas bar fyrir rétti að hann

hafi verið neyddur til að drekka eina flöskuna og að mikill magaverkur hafi gert vart við sig þremur til fjórum tímum síðar. Hann hafi þá haft samband við lækni, sem hafi ráðlagt honum að drekka vatn.


Romas segist hafa keypt flöskurnar í góðri trú á götumarkaði í Kaunas, heimaborg sinni í Litháen, þar sem búa tæplega sjö hundruð þúsund manns að hans sögn. Hann gaf lögreglu lýsingu á manni sem seldi honum flöskurnar, við skýrslugerð hjá lögreglu, en lögregla ákvað að aðhafast ekkert frekar í málinu og reyndi ekki að finna umræddan mann.

Romas bar fyrir rétti að tilgangur ferðar hans hingað til lands hefði verið að fara í frí. Hann segist ekki hafa ætlað að hitta neinn hér á landi, en í lögregluskýrslu sem tekin var af honum við handtökuna sagðist hann hafa ætlað að hitta einhverja Kristínu sem hann kynntist á netinu. Lögreglu hefur ekki tekist að hafa upp á umræddri konu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Við komu Romas til Íslands fundust á honum, auk ofangreinds, tveir farsímar. Hann sagði fyrir rétti er hann var spurður um ástæðu þess að hann ferðaðist með tvo farsíma, að hann tæki yfirleitt tvo farsíma með sér í ferðalög ef annar skyldi bila.

Dómur verður upp kveðinn í málinu eftir þrjár vikur.

aeigr@frettabladid.is



© NEWM / ISIA / M29522



5 dagar

Nú teljum við niður!

Þátturinn verður sýndur beint á SkjáEinum á miðvikudaginn á miðnætti.

Nú nærðu SKJÁEINUM í gegnum Digital Ísland





– allt til framkvæmda

Kraftur, gæði og öryggi

Pegar fjárfesta á í tækjum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim allhliða fagþjónustu.

MEST býður upp á Metabo rafmagnsverkfæri fyrir fagaðila og framkvæmdafólk. Hafðu samband við söluráðgjafa okkar fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.



– allt til bygginga

Malarhöfða 10, Reykjavík

Bæjarflöt 4, Reykjavík

Hringhellu 2, Hafnarfirði

Hrísmýri 8, Selfossi

Leiruvogi 8, Reyðarfirði

Rússar í Írak myrtir af hópi uppreisnarmanna:

Myrtir vegna Tétsníu

RÚSSLAND, AP Utanríkisráðuneyti Rússlands hefur staðfest að fjórir sendiráðsstarfsmenn Rússlands í Írak hafi verið myrtir af lítt þekktum hópi uppreisnarmanna sem talinn er tengjast al-Kaída-hryðjuverkanetinu.

Uppreisnarmennirnir kröfðust þess að rússneski herinn drægi lið sitt frá Tétsníu og sleppti múslimum úr rússneskum fangelsum, en flestir íbúa Tétsníu eru múslimar.

Rússneska ríkisstjórnin, sem var mótfallin árás Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra á Írak, hefur krafist þess að stjórnvöld í Bagdad sjái til þess að



FRÁ AFTÖKUNNI Upptaka sem sýndi aftöku gislanna var sett á netið um helgina.

NORDICPHOTOS/AFP

enginn glæpamannanna sleppi við refsingu. Er þeirra nú leitað af þarlandum stjórnvöldum. - kóp



DR. NIELS BRACKE OG BJÖRN BJARNASON VIÐ KYNNINGU Á SKÝRSLUNNI Bracke segir að þótt lítið sé um glæpi á Íslandi og löggæslan fámenn þá sé nauðsynlegt að Þjóðaröryggisdeild sé starfandi til að safna upplýsingum um möguleg hryðjuverk.

Upplýsingum verði safnað

Ný Þjóðaröryggisdeild á að safna upplýsingum um hryðjuverk áður en til þeirra kemur. „Mikilvægt að læra af öðrum þjóðum,“ segir Björn Bjarnason.

ÞJÓÐARÖRYGGI Skipan Þjóðaröryggisdeildar er meðal þess sem lagt er til í nýrri skýrslu um hryðjuverkavarnir sem kynnt var í gær. Hlutverk deildarinnar væri að afla upplýsinga um hryðjuverk og aðra glæpi á fyrirbyggjandi stigi, eða áður en til þeirra kemur. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, kynnti skýrsluna á blaðamannafundi í gær ásamt dr. Niels Bracke, sem er annar tveggja sérfræðinga Evrópusambandsins í lögreglu- og hryðjuverkamálum sem unnu skýrsluna.

Í skýrslunni er vakin athygli á því að hér á landi séu engar reglur um beitingu sérstakra rannsóknarráða, einkum fyrirbyggjandi, sem öryggisþjónustur annarra landa beiti venjulega áður en til opinberrar rannsóknar komi, og því séu fyrirbyggjandi aðgerðir óheimilar að íslenskum lögum. Mælt er til þess að ný Þjóðaröryggisdeild innan embættis ríkislögreglustjóra sé stofnuð, undir yfirumsjón dómsmálaráðuneytisins.

„Til þess að geta tekist á við mögulegar upptökur er nauðsynlegt að fá upplýsingar fyrirfram svo hægt sé að koma í veg fyrir þær áður en þær gerast. Annars er

hætt við að þær verði löggæslunni ofviða, sérstaklega í landi eins og Íslandi þar sem lögreglan er tiltölulega fámenn,“ segir dr. Bracke svipaðar deildir löggæslunnar í Þýskalandi hafi komið í veg fyrir upptökur fótboltaþullna vegna heimsmeistaramótisins í knattspyrnu.

Aðspurður um hvort einhver þörf sé í raun fyrir slíka deild á Íslandi þar sem hér hafi aldrei verið framin hryðjuverk sagði Björn að mikilvægt sé að læra af reynslu annarra þjóða í þessum málum til þess að hægt sé að koma í veg fyrir slík atvik ef þau skyldu gerast. „Ef menn vilja biða eftir einhverju og skamma stjórnvöld síðan fyrir að hafa ekki gert neitt þá er það ákveðið viðhorf, en ég hef ekki það viðhorf.“

Settur hefur verið á laggirnar starfshópur sem hefur það hlutverk að vinna úr tillögum

skýrslunnar. Unnið er að því að semja drög að löggjöf um fyrirbyggjandi verkefni og störf deildarinnar ásamt heimildum hennar og takmörkum. Einnig á eftir að ákveða hvernig eftirliti með deildinni verður hagað, en ljóst er að verkefni hennar geta skarast á við persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Héraðsdómur Reykjaness þingfestir ákæru:

Tvær líkamsárásir

DÓMSMÁL Tvær ákæru voru þingfestar í vikunni í Héraðsdómi Reykjaness vegna líkamsárása á eða við skemmtistaðinn Traffic í Keflavík.

Annars vegar eru tveir tæplega tvítugir piltar ákærðir fyrir að hafa í nóvember ráðist í sameiningu á mann á þrítugsaldri með

þeim afleiðingum að hann tvíbrotnaði á ökkla og hlaut mar og bólgur.

Hins vegar er maður á fertugsaldri ákærður fyrir að skalla annan mann á fertugsaldri í andlitið með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði. Allir ákærðu neita sök að mestu.

- sh

Bragð til að treysta á

Prófaðu nýju kryddmyllurnar frá McCormick

Italian Herb Seasoning GRINDER
Sea Salt GRINDER
Steakhouse Seasoning GRINDER
Black Peppercorn GRINDER
Pizza Seasoning GRINDER

McCormick

Bragð til að treysta á

STUÐMENN

SUMARIÐ 2006

Laugardagskvöldið

1. júlí á Nasa

forsala hefst í dag kl. 14:00 á Nasa

- 1. júlí Nasa
- 8. júlí Sjallinn Akureyri
- 15. júlí Félagsheimilið Blönduósi
- 22. júlí Traffic Reykjanesbæ
- 29. júlí Félagsheimilið Bolungarvík
- 3. ágúst Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum
- 4. ágúst Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum
- 5. ágúst Fjölskyldur og húsdýragarðurinn Reykjavík
- 6. ágúst Galtalækjarskógur
- 12. ágúst Reiðhöllin Ingólfshvoli
- 19. ágúst Menningarnótt Reykjavík
- 26. ágúst Íþróttahúsi Gróttu, Seltjarnarnesi



Hljómsveit allra landsmanna þakkar bandaríska hernum fyrir að koma en einkum fyrir að fara.



Ísland í nýju ljósi

-  **Fyrir börnin** – Loksins handbók sem sinnir þörfum yngstu ferðalanganna.
-  **Áhugaverðir staðir** – Allir ókeypis
-  **Moli** – Skemmtilegur og óvæntur fróðleikur um íslenska náttúru
-  **Söguhornið** – Íslandssagan aðgengileg og ekki síst spennandi
-  **Forvitnilegt** – Allt sem þú vissir ekki áður um Ísland
-  **Gönguleið** – Fjölbreyttar leiðir fyrir unga sem aldna

Loksins er komin handbók sem gjörbreytir sýn okkar á landið og hvernig á að ferðast þannig að öll fjölskyldan hafi gaman af. Fallegar lautir, skemmtilegir buslulækir, steinafjörur, hellar, dularfullir róluvellir og margt, margt fleira.

Upplifum Ísland í gegnum börnin, slökum á og njótum!

 **Edna**
edda.is

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

STAÐAN Á VINNINGUM Í SUMARLEIK COCA-COLA

GLABNINGARNIS Í TAPPALEIK COCA-COLA HAFA ROKIÐ ÚT. STAÐAN ER ÞESSI:

10.000 BOLTAR ERU EFTIR (AF 23.000)

SPILADU MEÐ

40X

ÖKUTEKIÐ ÞITT Í SUMAR

20X+ 6.900 kr.

ERU AÐ KLÁRAST NÝ SENDING VÆNTANLEG NÝ SENDING VÆNTANLEG Í BYRJUN JÚLÍ.

ENN NÓG EFTIR 5X

SAFNADU ÞEIM ÖLLUM

Coca-Cola
Upplifum stemninguna



Coca-Cola, the design of the Coca-Cola Contour Bottle and the modified Dynamic ribbon are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2005 The Coca-Cola Company.

Gallup kannar afstöðu fólks til hringvegarins:

Veggjald einn kosta

SAMGÖNGUMÁL Tæplega sjötíu prósent aðspurðra í nýlegri könnun Gallup vilja stytta hringveginn með nýjum vegi sunnan við Blönduós. Stór meirihluti er samkvæmt könnuninni tilbúinn til að greiða sérstakt veggjald, eins og þekkist í Hvalfjarðargöngum, til að svo geti orðið.

Með slíkri vegagerð myndi vegalengdin milli Akureyrar og Reykjavíkur stytta um þrettán kílómetra og er áberandi meirihluti, af þeim rúmlega 3.500 sem svöruðu, hlynntur slíkri framkvæmd. Eykst hlutfall þeirra sem hlynntir eru framkvæmdinni í 76 prósent þegar aðeins eru spurðir íbúar á Norðurlandi og hefur



HRADAÆFTIRLIT VIÐ BLÖNDUÓS Meirihluti vill styttingu hringvegarins.

hugsanlegt veggjald upp á þrjú hundruð krónur engin áhrif á þá afstöðu þeirra.

- aðe



KOSNINGAR Í KÚVEIT Kúveisk kona kys í þingkosningum sem fram fóru í Kúveit í gær. Þetta voru fyrstu kosningarnar sem haldnar eru þar í landi þar sem konum er heimil þátttaka, bæði sem kjósendur og frambjóðendur. Mikil stemning ríkti á kjörstöðum kvenna, en kjörstaðir voru kynskiptir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Konur kjósa í fyrsta sinn

Þingkosningar voru haldnar í Kúveit í gær og var þetta í fyrsta sinn sem konur fengu að kjósa í hinu olíuríka arabalandi. Kjörstaðir voru kynskiptir.

KÚVEIT, AP Konur gengu til þingkosninga í fyrsta sinn í Kúveit í gær. Jafnframt var þetta í fyrsta sinn í sögu landsins sem konur fengu að bjóða sig fram til kosninga, og voru 27 konur meðal frambjóðendanna 249.

„Þetta er eins og brúðkaupsdagur,“ sagði Salwa al-Sanoussi, 45 ára húsmóðir sem var ein hinna fyrstu til að mæta á kjörstað í Dahyia, einni ríkustu borg Kúveit. Hún var íklædd svörtum kufli og með svartan höfuðklút í stíl.

Kjörstaðir voru kynskiptir og á fyrsta tímanum eftir opnun þeirra stóðu konur í fjórum löngum biðröðum á kjörstaðnum í Dahyia, sem sýndi raunverulegan áhuga kúveiskra kvenna um að nýta sér þennan nýja rétt sinn.

„Áður skipti kjördagur okkur engu máli,“ sagði Gizlan Dashti, 22 ára gömul háskólamaer sem var íklædd gallabuxum og með rauðan höfuðklút. „Nú skipta skoðanir kvenna máli.“

Kosningaþátttaka kvenna getur skipt sköpum fyrir Kúveit.

Landinu hefur hingað til að miklu leyti verið stýrt af íhaldsömum þingmönnum sem hafa

árum saman stöðvað tilraunir emírsins, Sjeik Sabah Al Ahmed Al Sabah, til að veita konum kosningarétt. Þær fengu loks þennan rétt í maí í fyrra.

Konur eru 57 prósent af 340.000 kjósendum, svo skoðanir þeirra geta ráðið úrslitum varðandi stjórn málin næstu fjögur árin í Kúveit.

Enda hefur farið svo að þessir sömu íhaldssömu stjórn mála-menn sem beittu sér harðlega gegn kosningarétti kvenna reyndu mikið að ná atkvæðum þeirra fyrir kosningarnar.

Við kjörstað kvenna í gærmorgun biðu fulltrúar frambjóðenda eftir konunum. Þeir ruku til þegar þær mættu í fylgd karlkyns bílstjóra, fylgdu þeim inn í skólann og héldu yfir þeim regnhlífum til að skýla þeim fyrir sólinni, en snemma um morguninn var hitinn kominn upp í 42 gráður. Eins buðu þeir upp á samlokur og svaladrykki fyrir utan kjörstað, sem konurnar gæddu sér kátar á.

Nú er Sádi-Arabía eina arabalandið sem heldur lýðræðislegar kosningar en heimilar konum ekki að kjósa.

smk@frettabladid.is

Ráðstefna hefst á sunnudag:

Tæplega 1.500 erindi flutt

RANNSÓKNIR Ráðstefna um aðgerðarrannsóknir í Háskóla Íslands verður haldin á sunnudag. Þetta er fjölmennasta alþjóðlega ráðstefna sem hefur verið haldin hér á landi.

Gert er ráð fyrir 1.550 ráðstefnugestum og 250 mökum þeirra en ráðstefnan er nú haldin í tuttugusta og fyrsta skipti og hafa þátttakendur aldrei verið fleiri.

Alls verða flutt um 1.450 erindi og er aðalefni ráðstefnunnar nýting aðgerðarrannsókna til þess að bæta stjórnun sjálfbærrar þróunar. Ráðstefnan stendur fram til miðvikudags.

- spg

Ráðstefna um leiðir til að hamla gegn vopnasölu:

Ríkisstjórnir heims axli meiri ábyrgð

GLÆPIR Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hvatti á mánudag ríkisstjórnir heims til að gæta vopnabúra sinna betur og setja aukinn kraft í að eyða ólöglegum vopnum. Á alþjóðlegri ráðstefnu um ólöglega vopnasölu sem nú stendur yfir sagði Annan vopnasmyglara, þjófá og spillta embættismenn höfuðandstæðinga þeirra sem vilja koma böndum á ólöglega vopnasölu í heiminum, en þó mættu ríkisstjórnir heimsins leggja mun meira af mörkum til að

sporna við henni.

Á ráðstefnunni er rætt um að breyta fyrirkomulagi sölu léttra vopna í heiminum þannig að ríkisstjórnir axli að einhverju leyti ábyrgð vegna þeirra vopna sem þær selja, en slík ákvæði eru í gildi um sölu gjöreyðingarvopna. Nokkrar ríkisstjórnir hafa þegar lýst sig andsnúnar þessari hugmynd.

Létt vopn eins og riffar verða um þúsund manns að bana daglega og samkvæmt nýrri könnun hefur einn af hverjum þremur annað



AÐSTÆÐUR SEM ENGINN VILL LENDA Í Auðvelt er að verða sér úti um vopn af ýmsu tagi víða í heiminum og freistandi fyrir marga þá er minna mega sín að brúka þau til glæpa.

NORDICPHOTOS/AFP

hvort lent í vopnuðu ráni eða þekkir einhvern sem lent hefur í slíku. Vel yfir 60 prósent aðspurðra óttast að lenda í svipuðum aðstæðum.

Könnunin var gerð í sex löndum. Að meðaltali töldu 62 prósent aðspurðra það of auðvelt að verða sér úti um skotvopn í heimalöndum sínum.

- aðe / - kóp

Björgólfur Thor Björgólfsson:

Yfirlýsing vegna fréttar

„Vegna forsíðufréttar Fréttablaðsins um að Straumi-Burðarási verði hugsanlega skipt upp og að það sé líklegasta niðurstaðan varðandi framtíð félagsins er nauðsynlegt að eftirfarandi komi fram:

Straumur-Burðarás hefur markað sér skýra stefnu til framtíðar og náð eftirsóknarverðri stöðu á mörkuðum hér heima sem erlendis. Ég ræddi við stjórnarformann FL Group í gær um uppbyggingu félagsins og komu þar uppskipti ekki til tals. Hugmyndin hefur heldur ekki verið rædd í stjórn félagsins. Stjórn Straums-Burðaráss lítur á kaup FL Group á stórum hlut í félaginu sem stuðning við stefnu hennar og framtíðarsýn félagsins um uppbyggingu á öflugum alþjóðlegum fjárfestingabanka. Umrædd frétt Fréttablaðsins er úr lausu lofti gripin og er alfarið hugarburður fréttamanna blaðsins og til þess fallin að valda óróa og skaða,” segir Björgólfur Thor, stjórnarformaður Straums-Burðaráss.“



HÆSTIRÉTTUR BANDARÍKJANNA Vill skoða hvort ríkinu sé skylt að setja reglur um loftmengun.

NORDICPHOTOS/AFP

Hæstiréttur Bandaríkjanna:

Fjallar um hlýnun jarðar

WASHINGTON, AP Hæstiréttur Bandaríkjanna samþykkti á mánudag að taka til meðferðar mál, sem snýst um það hvort ríkisstjórn Bandaríkjanna beri skylda til að setja hömlur á losun gróðurhúsalofttegunda.

Bandarísk stjórnvöld hafa ekki viljað setja reglur um losun gróðurhúsalofttegunda, og beita þeim rökum að þessar lofttegundir mengi ekki andrúmsloftið, jafnvel þótt þær valdi hlýnun. Þess vegna hljóti það að vera á ábyrgð einstakra fyrirtækja hvort þau dragi úr notkun þessara lofttegunda og hjálpi þannig til við að draga úr gróðurhúsáhrifunum.

- gb

DÓMSMÁL

Fjörtíu grömm af hassi Kona á fertugsaldri hefur verið ákærð fyrir að hafa haft í vörslu sinni rúm fjörtíu grömm af hassi, lítilræði af amfetamíni og tóbaksblönduðu kannabisefni á heimili sínu í desembermánuði í fyrra. Málið hefur verið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur.

ÞÝSKALAND

Læknar yfirgefa Þýskaland Þýskir unglæknar yfirgefa nú Þýskaland í hrönnum vegna lágra launa og bágrar vinnuáðstöðu, og eiga mörg sjúkrahús í vandræðum með að fylla í allar stöður.

3 GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ SPARA

VERDTRYGGÐUR

BÚSTÓLPI

Taflan sýnir mögulega nafnávöxtun Bústólpa m.v. mismunandi verðbólgu og 3,9% raunvexti.

Verðbólga	Nafnvextir
7,5%	11,7%
7,0%	11,2%
6,5%	10,7%
6,0%	10,1%

Bústólpi er verðtryggður reikningur sem ber hámarksávöxtun. Hver innborgun er bundin í 48 mánuði.

KOSTABÓK

Allt að

10,9%

stighækkandi vextir eftir lengd binditíma.

Kostabók KB banka hentar vel fyrir lægri upphæðir og reglubundinn sparnað. Hver innborgun er aðeins bundin í 10 daga.

MARKAÐSREIKNINGUR

Allt að

10,9%

stighækkandi vextir eftir upphæð innstæðu.

Markaðsreikningur hentar vel fyrir hærri innstæður. Hver innborgun er aðeins bundin í 10 daga.

Kynntu þér úrval góðra sparnaðarleiða í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is. Hægt er að stofna sparireikninga í KB Netbanka.



BÁNUS BÁNUS BÁNUS BÁNUS BÁNUS BÁNUS BÁNUS BÁNUS BÁNUS BÁNUS BÁNUS BÁNUS BÁNUS

Ferðin byrjar

24 BOLTAR

MULLIGAN
1599 KR.
24 BOLTAR

MULLIGAN í farangurinn

LEIRKER

199 KR.

-enn lægra verð!

MEÐ SKÁL

ÚRVAL LITA

Góð ker í bústaðinn, svalirnar og á pallinn!

AK LEIRKER
Pottur 18x18x15sm
Undirskál 16x16x1,5 sm

KLÁR FYRIR KRYDDJURTIRNAR OG SUMARBLÓMIN

HALTA PEYTIJÓMI

129 KR.

brúsinn

Halta

RAUÐ VÍNBER

199 KR.

KÍLÓIÐ!

Bláber 340g

BLÁBER

249 KR.

340g

Jarðarber: **HÁLFT KÍLÓ!**

JARÐARBER

239 KR.

500g

Sjáðu magnið!

6 x 2 lítrar

599 KR.

12 lítrar

RETTA BRAGDID - SYKURLAUST

Coca-Cola light

Sjáðu verðið!

12 lítra tilboð

Sneiddur frosinn lamb hryggur og sneitt lambalæri

SNEITT FROSIÐ LÆRI

1079 KR.

Merkj verð 1199 KR.
10% afsláttur við kassann

KJARNAFÆÐI

Kryddlum þú sjálf!

SNEIDDUR FROSINN HRYGGUR

1259 KR.

Merkj verð 1399 KR.
10% afsláttur við kassann

Bragð sem allir elska!

30% afsláttur við kassann

SVINAKJÖT

1189 KR.

Merkj verð 1699 KR.
10% afsláttur við kassann

ALI GRILLKJÖTIÐ VINSÆLA Úrbeinaður grillkryddaður svínahnakki og grillkryddaðar svínakótelettur

LITA OG LÍMMIÐABÓK

Margra tíma afþreying

SUPER STICKER ACTIVITY PAD

299 KR.

LITABÓK • LÍMMIÐABÓK

FOR HOURS AND HOURS OF PUZZLES AND STICKER FUN!

FÍNIR BOLIR Í FERÐINA

-enn lægra verð!

HM BOLUR

799 KR.

ETT VERÐ

HM bolir

60%-bómuill og 40% pólýester

Í Bónus!

Villibráðarkryddaðar lambasneiðar

VILLI LAMBASNEIÐAR

839
KR.
MERKT VERÐ 1399[₰]

Coca-Cola TILBOÐ

1399
KR.

18 flöskur

500 ml
x18

40%
afsláttur
við kassann

FREYJU RÍSBITAR 425g

FREYJU RÍSBITAR

399
KR.

425g

30 stk.

Hangiframpartur með beini frá KF
Góður við öll tækifæri!

HANGIFRAMPARTUR M/BEINI

679
KR.

MERKT VERÐ 799[₰]

Létt Egilsgull

49
KR.

500 ml

LANGVINSÆLASTA
hangikjötið í Bónus!

AMERICA/CHEESE

129
KR.

200g

COOL AMERICA/CHEESE

BEINLAUS ÝSA -HARÐFISKUR
FRÁ SJÓMANNINUM

HARÐFISKUR 230g

998
KR.

230g

Villibráðarkryddaðar lambakótelettur

45%
afsláttur
við kassann

VILLI KÓTELETTUR

1485
KR.

MERKT VERÐ 2699[₰]

Bónus skúffukaka, 400g

SKÚFFUKAKA

198
KR.

400g

Sjáðu
verðið!

Fín í farangurinn!

www.bonus.is

8 sprengipinnar
8 superpinnar
8 grænir pinnar
8 gulir pinnar

8 PINNAR

195
KR.

KASSINN

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS





BEIDID VIÐ HVÍTA HÚSIÐ Japönsk börn bíða eftir því að japanski forsætisráðherrann Junichiro Koizumi og George W. Bush Bandaríkjaforseti láti sjá sig fyrir utan Hvíta húsið í gær. Koizumi er í opinberri heim-sókn vestra.

Ungt fólk fundaði með bæjarstjórn Hafnarfjarðar og lagði fram tillögur til bóta:

Vilja ókeypiss getnaðarvarnir

HAFNARJÖRDUR Ungmennaráð Hafnarfjarðar fundaði með bæjarstjórn Hafnarfjarðar í vikunni og lagði ungt fólk í bænum þar fram tillögur sínar um það sem betur mætti fara. Tillögurnar eru afrakstur ungmennabings sem haldið var í lok apríl.

Meðal þess sem ungmennin lögðu til voru bættar samgöngur fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur milli Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs. Leggja þau til að Hafnarfjarðarbær leiti eftir samstarfi við nágretta sína um þau mál. Þá vilja ungmennin efla sérkennslu og að íþróttaiðkun verði metin sem valfag í



UNGmennaráð Hafnarfjarðar Kynntu hugmyndir sínar og voru ánægð með viðtökur bæjarstjórnar.

grunnskólum. Einnig leggur ungmennaráðið til að boðið verði upp á fríar eða ódýrar getnaðarvarnir, að komið verði upp kvikmyndahúsi í bænum og að aðstaða í Suðurbæjarlaug verði bætt fyrir sundlaugargesti.

„Við erum mjög ánægð með fundinn og þær viðtökur sem við fengum hjá bæjarstjórninni. Við vonum að hugmyndir okkar verði teknar til alvarlegrar skoðunar. Það er mikið ánægjuefni að bæjarstjórn skuli bera traust til ungs fólks,“ segir Axel Guðmundsson, eitt ungmennanna sem sátu fundinn.

Tillögur ungmennaráðsins voru teknar fyrir á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar í gær og þeim vísað til nefnda.

- óhó

Kona vildi láta elda fyrir sig:

Stakk mann sinn á hol

KÍNA Hin 25 ára gamla Tang Xiaowan frá Sjanghæ í Kína hefur æft skylmingar frá blautu barnsbeini. En nýverið kom vopnið henni í bobba þegar hungrið tók að sverfa að henni.

Tang hótaði eiginmanni sínum Li Weidong reglulega með sverðinu sínu til að fá hann til að gera eins og hún vildi. En þegar hún reyndi nýlega að fá Li til að elda fyrir sig, neitaði hann því staðfastlega, þar sem hann hafði átt erfiðan dag. Hún beindi að honum sverðinu, en ekki vildi betur en svo til að hún hrasaði og stakk hann á hol. Li dó skömmu síðar af sárum sínum.

-sgj



FRAMSÓKNARÞINGMENN KJÖRDÆMISINS Dagný Jónsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Birkir Jón Jónsson og Jón Kristjánsson voru á ferð um kjördæmið og komu við á Eskifirði.

Þingmenn Framsóknar:

Pakka fyrir góð viðbrögð

ÞINGMENN Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, þau Dagný Jónsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Birkir Jón Jónsson og Jón Kristjánsson, voru á ferð um kjördæmið og komu í fyrradag við á Eskifirði þar sem þau ræddu við lögrelumenn sem staðið höfðu í ströngu vegna mengunarslyssins á Eskifirði í fyrradag.

„Mér finnst það standa upp úr hversu yfirvegað var staðið að öllu hér,“ sagði Dagný. „Allir unnu vel saman og yfirvöld eru mjög ánægð með samskiptin við sam-hæfingarstöðina í Reykjavík. Við vildum koma hingað og þakka fyrir,“ sagði Dagný.

-sdg

Héraðsdómur Vesturlands:

Réðu ófaglært þvert á reglur

DÓMSMÁL Reykholahreppur var dæmdur til greiðslu 1,5 milljóna króna bóta til faglærðs sjúkraliða sem ekki var ráðinn í starf við hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð þvert á reglur.

Hreppurinn réð hins vegar tvo ófaglærða en í dómnum kemur fram að faglært fólk eigi skýlausan rétt á opinberum störfum sem auglýst eru og ekki megi ráða ófaglært fólk í staðinn nema umsóknir frá fagfólki séu engar.

- aðe

Unnið er að gerð samnings við Kína

Fríverslunarsamningar skipta miklu fyrir fyrirtæki á Íslandi. Samningarnir opna fyrirtækjum leið inn á nýja markaði. Mikilvægt að gera samninga við lönd í Asíu vegna mikils vaxtar í framtíðinni.

EVROÞUSAMSTARF Fríverslunarsamningurinn sem var undirritaður við Tollabandalag Suður-Afríku á Höfn í Hornafirði síðastliðinn mánudag er sá sextándi í röðinni sem EFTA-samtökin, Fríverslunarsamtök Evrópu, gera. EFTA-samtökin samanstanda af Íslandi, Liechtenstein, Noregi og Sviss en öll standa þessi lönd fyrir utan Evrópusambandið. Fríverslunarsamningar fela það í sér að tollar á milli landa minnka verulega eða falla niður og greiða þannig fyrir viðskiptum á milli landa.

EFTA-ríkinn fyrir utan Sviss hafa einnig EES-samninginn sem veitir fullan aðgang að innri markaði Evrópusambandsins en EES-samningurinn er mikilvægasti samningurinn sem Ísland á aðild að.

Sérstæði EFTA-samninganna er að þeir ná til fiskis og fiskafurða en það er Íslendingum mikilvægt. Meðal landa sem EFTA hefur gert samning við eru Búlgaría, Chile, Ísrael, Singapúr, Tyrkland, Marokkó og Mexíkó. Nýjustu samningarnir eru við Túnis, Líbanon og Suður-Kóreu en þeir tveir síðastnefndu hafa þó enn ekki tekið gildi.

Aðalsteinn Leifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir að fríverslunarsamningarnir sem EFTA á aðild að jafni viðskiptakjör fyrirtækja hér á landi til samræmis við fyrirtæki innan Evrópusambandsins. Evrópusambandið fari yfirleitt á undan í fríverslunarsamningaviðræðum sínum og EFTA fylgi á eftir. EFTA hefur það að markmiði að gera jafngóða eða betri samninga en sambandið. Í sumum til-



VÖRUR FARA ÚR LANDI Fiskur hefur verið aðal útflutningsvara Íslendinga en lyf eru stór hluti útflutnings til Suður-Afríku.



FULLTRÚAR EFTA-RÍKJANNA Á HÖFN Odd Eriksen, Valgerður Sverrisdóttir, Rita Kieber, Joseph Deiss og William Rossier.

fellum hefur EFTA þó verið á undan eins og þegar samið var við Singapúr. Fyrir utan EFTA-samningana þá hefur Ísland gert tvíhliða samning við Færeyjar og vinnur nú að gerð slíks samnings við Kína.

„Við mörg þeirra ríkja sem við erum að gera fríverslunarsam-

ingna við eru sáralítil viðskipti en menn eru að horfa til þess að skapa strax aðstæður, greiða brautina, þannig að þegar viðskipti komast á þá eru öll skilyrði til staðar til þess að það geti gengið vel fyrir sig,“ segir Aðalsteinn.

EFTA á nú í viðræðum við nokkur lönd um gerð fríverslunarsamninga, meðal annarra Egyptaland, Kanada og Tæland en það er mikilvægt fyrir EFTA að ná samningum við lönd í Asíu vegna þess hversu markaðir þar vaxa hratt. Það getur til að mynda reynt Íslendingum mjög mikilvægt að ná tvíhliða samning við Kína en vöxturinn þar er meiri en fordæmi eru fyrir.

gudrun@frettabladid.is

Rússnesk heræfing innan íslensku efnahagslögsögunnar í burðarliðnum:

Rússarnir þurfa ekkert leyfi

ALÞJÓÐAMÁL Landhelgisgæslunni hafa engar upplýsingar borist varðandi fyrrihugaða heræfingu Rússa innan tvö hundruð mílna íslensku efnahagslögsögunnar, samkvæmt Ásgrími L. Ásgrímssyni yfirmanni vaktstöðvar siglinga hjá gæslunni. Gæslunni er því ekki kunnugt um hvenær æfingararnar eiga að hefjast.

Hann segir Rússana ekki þurfa að hafa samband vegna æfingarinnar því tvö hundruð mílna efnahagslögsagan sé opið hafsvæði, en öðru máli gegnir um tólf mílna landhelgina. „Við munum að sjálfsgöðu fylgjast vel með þegar við fréttum af komu þeirra,“ segir Ásgrímur.

Fyrir nokkrum árum héldu Rússarnir svipaða heræfingu hér við land. Til þeirra sást úr landi þar sem þeir héldu sig rétt utan við tólf mílna landhelgina og áhyggjur



RÚSSNESKT HERSKIP Skip voru rétt utan 12 mílna lögsögu Íslands 29. september 2004.

vöknúðu á meðal manna um að mögulega væri eitt kjarnorku-drifnum skipanna bílað.

„Okkur er illa við allar komur herskipa hingað til lands, hvort sem um kurteisishæðisóknir er að ræða í reykvískar hafnir eða heræfingar af þessu tagi,“ segir Stefán Pálsson, formaður miðnefndar herstöðvarandstæðinga. „Í fyrsta lagi teljum við að þau hafi ekkert

erindi hingað og verið sé að bjóða hættunni heim, það geta alltaf orðið slys í svona æfingum og ekki er skárri ástandið þegar rússneski flotinn sem hingað er að koma er í svona og svona ástandi.“

Stefán fordæmir íslensk stjórnvöld fyrir að hafa ekki friðlýst tvö hundruð mílna efnahagslögsöguna fyrir kjarnaorkuvopnum. Tillögur þess efnis hafi verið felldar.

-æpe

Fáðu FÍB dælyukil

Með **FÍB-dælyukli** færð þú 2 krónur í afslátt af hverjum bensín- og dísilítra. Félagar í FÍB fá að auki margvíslegan ávinning eins og **FÍB aðstoð** (ókeypis start, hjálp við sprungið dekk og dráttarbil), 1.080 kr. afslátt af bifreiðaskoðun og lægri tryggingaíðgjöld.

Hringdu núna eða sæktu um lykil á www.fib.is **FÍB dælyuklar** gilda á bensinstöðvum **Atlantsolíu**.

Show your Card! afsláttur og sérkjör um víða veröld.

FÍB blaðið - fróðleikur og skemmtiefni.

FÍB / Sími 414 99 99
www.fib.is

Afsláttur • Sparnaður • Ávinningur • Sértilboð



Notaðir bílar. Fislétt kaup - aðeins 10% útborgun.
 Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
 Aðeins í dag. Komdu strax.

Fislétt kaup

Píg vantar bíl. Núna
 Aðeins 51 bíll. Í dag
 Komdu strax

Opið frá kl. 9-18

Tökum notaðan
 uppi notaðan

Fislétt bílakaup - afborgun undir 15.000 kr. á mánuði



9.901 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 48 mánuði.

Renault Clio 1,4 beinsk skrd. 03/2000 ek: 103.000 km.
 Verð 520.000 kr. Tilboðsverð 420.000 kr. Útborgun 42.000 kr.
 9.901 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. VF-538.



11.955 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Renault Megane Scenic 1,6 beinsk skrd. 08/1999 ek: 116.000 km.
 Verð 740.000 kr. Tilboðsverð 399.000 kr. Útborgun 39.900 kr.
 11.955 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. LX-786.



12.362 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 24 mánuði.

Ford Mondeo CLX 1,6 beinsk. 04/1998 ek: 92.000 km.
 Verð 480.000 kr. Tilboðsverð 290.000 kr. Útborgun 29.000 kr.
 12.362 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. VN-285.



14.693 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Hyundai Coupe 1,6 sjálfsk. skrd. 12/1999 ek: 97.000 km.
 Verð 640.000 kr. Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 49.000 kr.
 14.693 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. YS-818.

Fislétt bílakaup - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mánuði



15.555 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 24 mánuði.

Ford Mondeo 1,6 beinsk. skrd. 05/1998 ek: 171.000 km.
 Verð 450.000 kr. Tilboðsverð 350.000 kr. Útborgun 35.000 kr.
 15.555 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. RT-145.



17.008 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 24 mánuði.

Subaru Legacy 2,0 sjálfsk. 4x4 skrd. 05/1998 ek: 144.000 km.
 Verð 750.000 kr. Tilboðsverð 399.000 kr. Útborgun 39.900 kr.
 17.008 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. ZM-262.



17.333 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Focus Trend 1,6 sjálfsk. 01/2004 ek: 49.000 km.
 Verð 1.490.000 kr. Tilboðsverð 1.250.000 kr. Útborgun 125.000 kr.
 17.333 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. SP-018.



17.685 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 48 mánuði.

VW Passat 1,6 beinsk. skrd 02/2000. ek: 100.000 km.
 Verð 920.000 kr. Tilboðsverð 750.000 kr. Útborgun 75.000 kr.
 17.685 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. TP-507.

Fislétt bílakaup - afborgun 20.000 - 25.000 kr. á mánuði



22.622 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 48 mánuði.

Subaru Forester 2,0 sjálfsk. 4x4 skrd. 09/2000 ek: 139.000 km.
 Verð 1.050.000 kr. Tilboðsverð 890.000 kr. Útborgun 89.000 kr.
 22.622 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. BB-410.



23.340 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Toyota Rav4 1,8 beinsk. skrd. 06/2003 ek: 62.000 km.
 Verð 1.610.000 kr. Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
 23.340 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. EG-659.



23.438 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Citroën C5 2,0 sjálfsk. skrd. 07/2004 ek: 37.000 km.
 Verð 1.820.000 kr. Tilboðsverð 1.690.000 kr. Útborgun 169.000 kr.
 23.438 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NM-442.



23.516 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Subaru Forester Turbo 2,0 beinsk. 4x4 skrd. 09/2001 ek: 72.000 km.
 Verð 1.670.000 kr. Tilboðsverð 1.290.000 kr. Útborgun 129.000 kr.
 23.516 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. PT-478.

Fislétt bílakaup - afborgun yfir 25.000 kr. á mánuði



25.348 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Nissan Terrano 2,4 beinsk. 4x4 bensín skrd. 06/2001 ek: 81.000 km.
 Verð 1.540.000 kr. Tilboðsverð 1.390.000 kr. Útborgun 139.000 kr.
 25.348 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. MG-737.



29.415 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 24 mánuði.

Suzuki Grand Vitara V6 2,5 beinsk. 4x4 skrd. 09/1998 ek: 140.000 km.
 Verð 1.070.000 kr. Tilboðsverð 690.000 kr. Útborgun 69.000 kr.
 29.415 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. UD-160.



29.436 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 24 mánuði.

Nissan Terrano II 2,4 beinsk. 4x4 bensín skrd. 01/1998 ek: 162.000 km.
 Verð 890.000 kr. Tilboðsverð 590.000 kr. Útborgun 59.000 kr.
 29.436 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. RG-848.



63.667 kr. á mánn.
 meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Lincoln Aviator Ultimate 4,6 sjálfsk. 4x4 skrd. 10/2004 ek: 23.000 km.
 Verð 5.150.000 kr. Tilboðsverð 4.590.000 kr. Útborgun 459.000 kr.
 63.667 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. KG-804.

Píg vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.
 Fislétt kaup. Aðeins í dag.



Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára, er fasteignaeigandi og hvorki kaupandi eða maki er á vanskilaskrá. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.



885 kr. kg
~~1100~~
 Goða lambalæri
 frosið

25%
 afsláttur

40%
 afsláttur



299 kr. kg
~~498~~
 4 grillborgar með
 brauði

Sumargledi Krónunnar



Emmess
toppar 2 teg
369
 kr/pk



Pik-nik
kartöflustrá
299
 kr/stk



Góu
tvenna
299
 kr/pk



3 fyrir **2**

af 2 lítra Pepsi
eða Pepsi light

GRILLVÖRUR Í FERÐALAGIÐ



Einnota
grill
199
 kr/stk



Kingsford
grillkol
259
 kr/stk



Hunts
grillsósusur 4 teg
169
 kr/stk



Virki
Sam-
keppni

SKEIFAN / virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-18	BÍLDSHÖFÐI / virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19	HRINGBRAUT / virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19	BREIÐHOLT / virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21	NORDURBRÚN / virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21	HVALEYRARBRAUT / virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21	MOSFELLSBÆR / Allir dagar 12-23	SELFÖSS / virkir dagar 11-19 föstudagar 11-20 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19	VESTMANNAEYJAR / virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19	ÞORLÁKSHÖFN / virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19
--	---	---	--	---	---	--	---	---	--

KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI



VIÐ **AFNEMUM VSK** AF ÖLLU
GRILLKJÖTI Í KRÓNUNNI Í DAG!



Bratz
bakpoki
998
kr/stk

Krónu pylsur
199
kr/stk

50%
afsláttur

Krónu salöt
verð frá:
135
kr/stk

Lif ávaxtasafi
3 tegundir
89
kr/stk

Condis og Remi
kekki
129
kr/pk

Krónu brauð
gróft og stórt
99
kr/stk

Nektarínur í
öskju
199
kr/kg

Appelsínur í
neti 2 kg
189
kr/pk

Ferskjur í
öskju
249
kr/kg

Alltaf frábær tilboð alla daga

„ORÐRÉTT“

Áhrif slyssins á samfélagið

„Samfélag á svona stöðum byggist á samkennd og að fólk þekki hvert annað. Mín reynsla er sú að svona þjappar fólki saman.“

JÓNAS VILHELMSSON, FYRIRLÖG-REGLUÞJÓNN Í FJARÐABYGGÐ, UM MENGUNARSLYSIÐ Á ESKIFIRÐI. FRÉTTABLAÐIÐ 29. JÚNÍ

Kom alveg af fjöllum og úr Fjörðum

„Hvað segirðu, er Geir líka ættaður úr Fjörðum? En skemmtileg tilviljun.“

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR, UTANRÍKISRÁÐHERRA ÞEGAR HENNI VAR TJÁÐ AÐ GEIR HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA ÆTTI RÆTUR AÐ REKJA TIL EYÐIBYGGÐARINNAR Í FJÖRÐUM Í GRÝTUBAKKAHREPPI LIKT OG HÚN SJÁL. MORGUN-BLAÐIÐ 29. JÚNÍ

nær og fjær tilveran

SIÓNARHÓLL ÁTTA LIÐA ÚRSLIT Á HM



SVAVA JOHANSEN

Fór á leik í 16 liða úrslitum

„Ég er bara nokkuð ánægð með þau lið sem eftir eru í átta liða úrslitum,“ segir Svava Johansen verslunarkona þegar hún er spurð hvað henni þyki um heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu það sem af er. „Ég var reyndar á leik Þjóðverja og Svía í 16 liða úrslitum. Það var afskaplega skemmtilegt enda var þetta á hinum glæsilega leikvangi í München og ég var nokkuð sátt við úrslitin. Það var svo sérstök ánægjuuppþót fyrir 10 ára son minn að við gistum á sama hóteli og þýska landsliðið. Ekki var það amalegt fyrir kauða að getað setið í kaffistofunni með Ballack og félögum,“ segir hún og hlær við.

„Annars er England mitt lið og þeir eru ennþá inni svo ég get ekki verið annað en glöð. Ég held upp á England einfaldlega vegna þess að ég hef farið svo oft á völlinn í Englandi og séð þessi stærstu lið; Liverpool, Chelsea og af sjálfsögðu Manchester United sem er mitt lið.“

Eflaust þykir mörgum undarlegt að svona kona sem þekkt er fyrir starf sitt með tiskuvörur skuli vera svo vel að sér í þessum fræðum. „Málið er einfaldlega það að ég verð að fylgjast með þessu ef ég á að vera viðræðuhæf við son minn,“ segir hún og hlær við.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR BÆJARSTJÓRI Í DALVÍKURBYGGÐ

Gott samfélag fyrir barnafjölskyldur

„Fyrsta verk okkar í nýrri bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar var að lækka leikskólagjöld um 20 prósent. Þetta gerum við til þess að innsigla það að Dalvíkurbyggð sé gott samfélag fyrir barnafjölskyldur,“ sagði Svanfríður Jónasdóttir, nýráðinn bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar.

Svanfríður tók við starfi bæjarstjóra 15. júní síðastliðinn en hún á að baki langan feril í stjórnámálum, bæði á þingi og í sveitarstjórn. Svanfríður var þingmaður fyrir Norðurlandskjördæmi eystra frá 1995 til ársins 2003. Þá hefur hún verið kennari og aðstoðarskólalastjóri.

„Það er búið að vera mikið að gera þessa fyrstu daga en allt mjög skemmtilegt og kunnuglegt, þar sem ég þekki mig vel á staðnum. Það liggja mjög mörg spennandi verkefni fyrir. Vegna sameiningar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar

í Fjallabyggð þurfum við að skoða hvernig við ætlum að koma skóla- og félagsþjónustu fyrir til framtíðar, en við höfum verið í samvinnu við Ólafsfirðinga um þau mál.“ Svanfríður segir að mótun skólafestu fyrir Dalvíkurbyggð sé eitt af stórum verkefnum sem hún hlakki til að vinna að á næstunni. „Þá höfum við þegar skipað byggingarnefnd vegna byggingar nýs íþróttahúss. Vonir standa til að það mál komist vel áleiðis núna á kjörtímabilinu.“

Svanfríður ætlar að nota sumarið til vinnu og undirbúnings fyrir veturinn og hlakkar til að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem bíða hennar. „Dalvíkingar eru bjartsýnir og hafa fullt tilefni til þess. Atvinnullífið er í góðu standi og það er mikið sótt um lóðir. Fólk vill fara að byggja og það gefur okkur fulla ástæðu til að vera bjartsýn á framtíðina.“



Sungið, leikið og kennt

Á sunnudaginn lauk tónlistarhátíðinni Við Djúpið sem haldin var á Ísafirði en hún stóð í fimm daga. Fjölmargir landsþekktir tónlistarmenn léku og sungu fyrir hátíðargesti en einnig miðluðu þeir af þekkingu sinni og reynslu á námskeiðum sem haldin voru á meðan hátíðinni stóð.

Ísafjörður hefur lengi verið rómður fyrir blómlegt tónlistarlíf enda er þar starfandi einn elsti tónlistarskóli landsins. Þar hefur löngum verið lagt mikið upp úr því að fá tónlistarmenn til að auðga tónlistarlífið með tónleikahaldi og kennslu. Tónlistarhátíðin Við Djúpið er eftir þessari forskrift og héldu landsþekktir tónlistarmenn tónleika og svo námskeið. Meðal þeirra voru Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran, Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari og Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari en hún er einnig framkvæmdastjóri hátíðarinnar. Við lok námskeiðsins sýndu svo nemendurnir á sérstökum tónleikum hvað þeir höfðu lært.

„Það er algjör draumur að halda svona hátíð hér á Ísafirði,“ segir Tinna Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar. „Fólk tekur tónlistarmönnum afar vel og maður fann það að tónlistarfólkinu þykir afar gaman að koma vestur. Einnig er það mjög mikilvægt að fá að ausa úr viskubrunni tónlistarmanna eins og Sigrúnar og Önnu Guðnýjar en þær hafa látið mikið til sín taka í listalífinu en ekki eins mikið við kennslu svo þetta var í raun alveg einstakt tækifæri sem þarna gafst,“ segir Tinna. Eins og verða vill er framkvæmdastjórinn beðinn um að nefna hápunkt hátíðarinnar en þá



DAVIÐ ÞÓR JÓNSSON Í HAM Tríó Flís hélt eftirminnlega tónleika á hátíðinni en forsvarsmenn hennar segjast vera gjörningagaldramenn. Fengu þeir góðar viðtökur á Ísafirði enda eru Vestfirðingar vanir galdramönnum.

vandast málið. „Ég veit eiginlega ekki hvað skal nefna. Tónleikar Flís tríósins í Tjörúhúsinu. Það var húsfullir og mikil stemning enda eru þarna á ferðinni frábærir tónlistarmenn og miklir húmoristar, það skemmir ekki fyrir. Svo voru tónleikar Sigrúnar Hjálmtýsdóttur og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur í Hömrum, sal tónlistarskólans, sérlega skemmtilegir enda vel mætt. Ég held að

þessir tveir atburðir hafi staðið upp úr.“

Þetta er í fjórða sinn sem tónlistarhátíðin er haldin og segir Tinna að umfang hennar hafi færst í vöxt með hverju árinu.

jse@frettabladid.is

TINNA ÞORSTEINSDÓTTIR



þú þekkir

Canon

Canon dagar

Myndarleg tilboð



NYHERJI · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

Vínmenningin blómstrar á landsbyggðinni

Margir kynnu að halda að vínmenningin á landsbyggðinni sé íbúum þar síður til sóma. Dominique Plédel Jónsson sem haldið hefur vínsmökkunarnámskeið vítt og breitt um landið telur þó alls ekki svo vera. „Ef eitthvað er tel ég að áhugi á vínmenningu sé jafnvel mun meiri úti á landi en í höfuðborginni,“ segir hún.



ALDA DAVÍÐSDÓTTIR

klúbb hér á Patreksfirði,“ segir Alda Sigurðardóttir sem umsjón hafði með námskeiðinu. „Þá stendur jafnvel til að fara í vínsmökkunarferð til Evrópu sem Vínskólinn stendur fyrir en við eigum eftir að ræða það betur,“ segir Alda.

Um síðustu helgi hélt hún námskeið á veitingahúsinu Þorpinu á Patreksfirði við góðan orðstír. „Þetta var alveg stórkostlegt og nú þegar við erum komin á bragðið stendur til að stofna vín-

frönsk en hefur búið hér síðan 1970, hefur einnig haldið námskeið á Sauðárkróki og Hveragerði og innan skamms mun hún halda til Akureyrar og Egilsstaða. Hún stofnaði Vínskólann í janúar á þessu ári og þar geta vínþjónar og fagfólk farið á stutt og hnit-

miðuð símenntunarnámskeið. Einnig geta þeir sem minna kunna fyrir sér í fræðunum fengið grunnkennslu. Dominique leggur mikið upp úr því að fólk velji vín og mat sem vel eigi saman og því var á námskeiðinu á Patreksfirði lögð áhersla á vín sem vel fara með grillmat þar sem mesti grilltími ársins er genginn í garð.

„Ég myndi ekki segja að viðhorf fólks til áfengis hér á landi sé neitt sérstaklega neikvætt,“ segir Dominique. „Það eru aðeins mismunandi hefðir í landi hverju og hegðun fólksins ræðst af þeim. Svo er heimurinn að breytast þannig að menn læra inn á aðrar hefðir og þá breytist hegðunin með,“ segir hún að lokum. -jse



DOMINIQUE PLÉDEL JÓNSSON Hér fer leiðbeinandi yfir fræðin með nemendum í Hveragerði. Námskeiðunum hefur verið vel tekið á landsbyggðinni og huga nú Patreksfirðingar að stofnun vínklúbbs eftir námskeiðið sem haldið var þar síðustu helgi. BRYNDÍS SIGURDARDÓTTIR



LÁRA Á ÓLAFSDÓTTIR, AÐALBJÖRG SIGMARSÓTTIR, EMILÍA SIGMARSÓTTIR Þær Lára og Aðalbjörg frá Héraðsskjalasafninu á Akureyri og Emilía frá Landsbókasafni Íslands höfðu í nógu að snúast í gær við undirbúning sýningarinnar.

Ævi þúsundþjalasmiðsins

Í dag verður opnuð í anddyri Amtsbókasafnsins á Akureyri sýningin „Sú þrá að þekka og nema“ en hún er tileinkuð ævi og störfum séra Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili.

„Honum Jónasi var afar margt til lista lagt,“ segir Emilía Sigmarsdóttir frá Landsbókasafni Íslands sem einnig stendur að sýningunni ásamt Amtsbókasafninu, Héraðsskjalasafninu á Akureyri og Minjasafninu á Akureyri. „Þó er líklegast merkasti menningararfurinn sem hann skildi eftir sig bókin Íslenskir þjóðhættir sem hann vann og gat út árið 1934 en hún er enn kennd í þjóðfræði félagsvísindadeildar við Háskóla Íslands. En hann vann hin ýmsu störf, var kennari, prestur, teiknari mikill og læknir. Sem kennari lét hann ekki nægja að þylja yfir nemendum sínum heldur gerði hann fjölmargar námsbækur sem ekki var vanþörf á, til dæmis reikningsbók, stafrófskver, dansk-íslenska orðabók og svo þýddi hann bók eftir Ben Hur svo dæmi séu tekin.“

Arni Björnsson þjóðháttafræðingur mun halda erindi á sýningunni og einnig Halldór Rafnar en hann er barnabarn Jónasar.

Til stendur að gefa út rit Jónasar, Íslenskir þjóðhættir, síðla sumars en það hefur verið gefið út þrisvar sinnum áður. Ekki er nóg með að Jónas hafi ritað það verk heldur gerði hann einnig teikningarnar fyrir ritið. Þá er ráðgert að flytja sýninguna til höfuðborgarinnar í haust en þá verður einnig haldið málþing um ævi og störf þessa fjölhæfa og merka manns. -jse



JÓNAS JÓNASSON FRÁ HRAFNAGILI



Jón Bjarnason efnaverkfræðingur

Jón Árni rannsóknarmaður

Baldvin Már Frederiksen málarameistari

Sérfræðingar í útimálningu fyrir íslenskt veðurfar

„Hjá Málningu hf. vita menn að það þarf rannsóknir, prófanir og þróunarvinnu til að framleiða bestu fáanlega útimálningu fyrir íslenskar aðstæður. Það er grunnurinn sem ég treysti á.“

Baldvin Már Frederiksen, málarameistari




- Útsöluastaðir Málningar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi • Byko Akranesi • Axel Þórarinnsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur byggingavörverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vik, Neskaupstað • Byko Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík

málning
-það segir sig sjálft-

Svona erum við

> Innflutningur frá Spáni í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: RÉTTARBÓT HOMMA OG LESBÍA SEM TÓK GILDI Í VIKUNNI

Nánast öllu misrétti útrýmt

Ný lög um réttarstöðu samkynhneigðra tóku gildi í vikunni. Lögin bæta réttarstöðu homma og lesbía í 40 lagagreinum þannig að þau hafa nú nánast sömu réttindi og gagnkynhneigðir en fyrsta skref var stigið í þessa átt árið 1996 þegar lög voru sett um staðfesta samvist. Tæknilega séð er breytingin nú samt meiri áfangi en var 1996 því að nú er nánast öllu misrétti útrýmt.

Nákvæmlega hvernig er réttarstaðan að breytast núna?

Samkynhneigð þör geta fengið sambúð sína skráða í þjóðskrá eins og gagnkynhneigð þör.

Samkynhneigðir njóta þar með sömu réttinda og lúta sömu skyldum hvað varðar almannatryggingar, lífeyrismál, skattamál, erfðamál og fleira að því gefnu að þórin skrá sig í óvígða sambúð á Hagstofu. Þá hafa skilyrði fyrir staðfestri samvist verið rýmkuð og er til dæmis ekki lengur krafist fastrar búsetu á Íslandi þegar íslenskir ríkisborgarar eiga í hlut.

Geta samkynhneigðir nú eignast börn með því að fara í tæknifróvgun?

Konu í sambúð eða staðfestri samvist með annari

konu er nú heimilt að fara í tæknifróvgun með gjafasæði á opinberri sjúkrahöfnun líkt og konur í gagnkynhneigðu parsambandi. Þá hafa samkynhneigðar konur sama rétt til töku fæðingar- og foreldraorlofs eins og gagnkynhneigð þör.

Hvað er þá eftir í réttindabaráttunni?

Það er einkum tvennt. Í fyrsta lagi verða samkynhneigðir fyrir misrétti hvað varðar vígsluna því að prestar og aðrir vígslumenn safnaða hafa ekki leyfi til að gifta fólk, með öðrum orðum að framkvæma löggjöfninginn staðfesta samvist. Þá vilja hommar og lesbíur útrýma staðfestri samvist. Þau telja óviðunandi að tala um hjónaband samkynhneigðra sem staðfesta samvist þegar vígslan sé gifting og hjónabandið hjónaband með nákvæmlega sömu skyldum og réttindum og gilda um hjónaband gagnkynhneigðra.



SPURT & SVARAD

NORO-VEIRAN

Lyflækningadeild Landspítalans í Fossvogi hefur verið opnuð á ný eftir að veirusýkingar varð þar vart fyrir tveimur vikum síðan. Um var að ræða svokallaða Noro-veiru. Már Kristjánsson er yfirlæknir smit-sjúkdómadeildar spítalans.



Hvað er Noro-veira? Það er bráðsmitandi veira sem smitast úr umhverfi og berst á milli manna annað hvort með snerti- eða úðasmiti. Hún gengur í far-öldrum, sérstaklega þar sem nálægð er mikil á milli manna eins til dæmis á skipum og sjúkrahúsum.

Er hún hættuleg? Hún getur verið hættuleg þeim sem eru aldraðir og eru veikir fyrir. Afleiðingar veirusýkingarinnar geta dregið fólk til dauða en hún er ekki talin hættuleg ungu og heilbrigðu fólki.

Hver eru einkenni hennar? Geta verið svoltið mismunandi en byrja yfirleitt með flökurleika, ógleði og uppköstum og í kjölfarið koma krampakenndir verkir í kvíðinn og niðurgangur. Þetta stendur yfirleitt yfir í einn til tvo daga hjá heilbrigðu fólki.

Alls óvíst með Norðlingaölduveitu



FRÁ ÞJÓRSÁRVERUM Náttúrulegt umhverfi Þjórsárvera þykir einstakt á heimsvísu. Áform Landsvirkjunar um frekari virkjanir á svæðinu hafa mætt mikil mótspyrnu hjá áhugafólki um náttúruvernd.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER

HUGMYND AÐ STÆKKUN FRÍÐLANDS Hugmynd Umhverfisstofnunar að stækka friðlandsins í Þjórsárverum. Skyggða svæðið er núverandi friðland en heildregna línan tillaga að stækkingu. Ýmsar fleiri tillögur hafa komið fram en vilji er fyrir því hjá umhverfisráðherra að stækka friðlandið enn frekar. FRÉTTABLAÐIÐ/UMHVERFISSTOFNUN

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði um það í vikunni að set- og miðlunarlón norðan og vestan Þjórsárvera þurfi að fara í umhverfismat. Sáttin um úrskurð setts umhverfisráðherra, Jóns Kristjánssonar, virðist hafa rofað.

Friðgeir Björnsson, dómari í Héraðsdómi Reykjavíkur, sýknaði í vikunni íslenska ríkið og Landsvirkjun af kröfum hóps áhugafólks um verndun Þjórsárvera, er varðaði þá kröfu að úrskurður setts umhverfisráðherra skyldi ógildur í heild sinni. Sú niðurstaða kom ekki á óvart, en athygli vakti að dómarrinn komst að þeirri niðurstöðu að set- og miðlunarlón norðan og vestan Þjórsár þurfi að fara í umhverfismat. Íslenska ríkinu og Landsvirkjun var að auki gert að greiða eina og hálf milljón í málskostnað.

Þessi niðurstaða dómsins hefur glætt efnislega umræðu um virkjanir í Þjórsárverum lífi á nýjan leik.

Niðurstaðan fagnaðarefni

Talsmenn áhugahópsins hafa fagnað þessari niðurstöðu og sagt hana staðfesta grundvöllinn að málflutningi áhugahópsins fyrir dómi, sem var að ekki hefði verið staðið að framkvæmd umhverfismats með lögförlega réttum hætti. Samkvæmt úrskurði setts umhverfisráðherra frá því í janúar 2003 þurftu set- og miðlunarlónin ekki að fara í umhverfismat. Með úrskurði Jóns Kristjánssonar var eldri úrskurður Skipulagsstofnunar felldur úr gildi en með honum var fallist á byggingu Norðlingaölduveitu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Siv Friðleifsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, sagði sig frá því að úrskurða um Norðlingaölduveitu þar sem hún hafði lýst því yfir opinberlega, að friðlandið í Þjórsárverum væri gersemi sem til

JÓNÍNA BJARTMARZ Nýskipaður umhverfisráðherra telur ekki líklegt að Norðlingaölduveita verði að veruleika.

greina kæmi að stækka enn frekar. Með þessu sagðist Siv vera að axla ábyrgð, svo tryggt væri að fullt hlutleysi væri að baki ákvörðuninni um Norðlingaölduveitu.

Náttúruverndunarsinnar sögðu Siv með þessu sýna hversu kraftlítill og ótrúverðugur málsvari umhverfisins hún væri, þar sem hugsjónir hennar fengu að vika fyrir virkjunaráformum.

Í fyrstu virtist víðtæk sátt hafa náðst um úrskurð Jóns Kristjánssonar en eftir því sem tíminn hefur liðið, hefur sú rödd orðið æ háværari að slá þyrfti frekari virkjunaráform í Þjórsárverum út af borðinu. Sigfrúður Jónsdóttir, ein þeirra sem stefndi íslenska ríkinu og Landsvirkjun, segir niðurstöðuna fagnaðarefni.

„Þessi áform Landsvirkjun voru aldrei kynnt

með lögförlegum hætti, og það staðfestir dómur héraðsdóms. Það hefði óneitanlega verið betra ef úrskurðurinn hefði verið ógiltur í heild sinni. Vonandi hættir Landsvirkjun við þessi áform nú þegar þessi dómur liggur fyrir,“ sagði Sigfrúður en ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það hvort dómnum verður áfrýjað.

Umhverfisráðherrar efast um virkjunaráform

Jónína Bjartmarz, nýskipaður umhverfisráðherra, hefur opinberað þá skoðun sína, eftir að dómurinn féll, að hún vilji stækka friðlandið í Þjórsárverum og líklegt sé, úr því sem komið væri, að Landsvirkjun héldi ekki virkjunaráformum sínum í Þjórsárverum til streitu. Með þessu tekur hún undir sjónarmið Sigríðar Önnu Þórðardóttur, forvera hennar í umhverfisráðuneytinu, sem lýst hefur því yfir að ólíklegt sé að nauðsynleg sátt geti náðst um Norðlingaölduveitu, þar sem andstaða við framkvæmdirnar á svæðinu væri mikil.

Miðað við þessi sjónarmið, blasir nú við nýr veruleiki í umræðu um framkvæmdir í Þjórsárverum, þar sem æðsti málsvari umhverfismála í landinu efast um að sátt náist um áform Landsvirkjunar. Úr þeirri átt hafa ekki komið jafn afdráttarlaus sjónarmið í þessa veru um árabíl.

Úrskurður ráðherra ekki lögum samkvæmt

Í dómi héraðsdóms er það tilgreint sérstaklega að Skipulagsstofnun hafi ekki brotið gegn tilgangi laga um mat á umhverfisáhrifum með því að samþykkja, án frekari skýringa frá Landsvirkjun, þá kosti sem sýndu Norðlingaölduveitu með vatnsyfirborði tæplega 580 metra yfir sjávarmáli.

Skipulagsstofnun er ekki heldur talin hafa brotið gegn lögum með því að fallast á matsáætlun án þess að Landsvirkjun útlístaði hagkvæmni þess og verðmæti að ráðast ekki í framkvæmdirnar. Því ekki væri hægt að gera þá kröfu, að útskýrt væri nákvæmlega hver áhrifin yrðu ef ekki yrði virkjað eða framkvæmt.

Í dómnum er það hins vegar tilgreint sérstaklega að lögum hafi ekki verið fylgt með úrskurði setts umhverfisráðherra, þar sem veituframkvæmdinni í norðausturhluta Þjórsárvera hafi ekki verið lýst í matsskýrslum, sem miðað var við, þegar afstaða var tekin til framkvæmdanna. Á þeim forsendum skiptist framkvæmdin í tvennt, það er að miðlunarlónin væru tvö en ekki eitt. Í dómsorði segir, að framkvæmdin sé með þessu að hluta orðin ný framkvæmd sem hugsanlega hefur það mikil umhverfisáhrif, að nauðsynlegt sé að meta þau enn frekar. Þess vegna sé nauðsynlegt að fá úr því skorið hver sé raunveruleg umhverfisáhrif af set- og miðlunarlóni norðan og vestan Þjórsárvera.

FRÉTTASKÝRING

MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is



Borgartúni 18 - 2. hæð

INNKÖLLUN

Stjórn SPV gerir kunnugt að hún hefur ákveðið að stofnfjárbréf í sparissjóðnum verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi mánudaginn 31. júlí 2006 kl. 9.00 árdagis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu stofnfjárbréf í sparissjóðnum í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð.

Stofnfjárlutir í SPV eru 3205 og eru allir gefnir út á pappírformi. Nafnverð hvers hlutar er 25.000 kr. og allir stofnfjárlutir eru í sama flokki. Stofnfjárbréfin ógildast er rafræn skráning tekur gildi skv. framsögðu.

Hér með er skorað á alla eigendur stofnfjárhluta í SPV, sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í stofnfjárskrá SPV, að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til Reginu Fannýjar Guðmundsdóttur fulltrúa SPV á skrifstofu hennar að Borgartúni 18 í Reykjavík, eða á netfangið reginag@spv.is. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart sparissjóðnum fyrir 15. júlí 2006.

Enn fremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til stofnfjárhluta í SPV, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við ofangreindan fulltrúa SPV, innan sömu tímamarka.

Við rafræna útgáfu stofnfjárbréfanna verður nafnverð þeirra skráð með sama hætti og áður, þ.e. hver stofnfjárhlutur er 25.000 kr. að nafnverði.

Reykjavík,
F.h. stjórnar SPV,
Ragnar Z. Guðjónsson, sparissjóðsstjóri.

nettó í sumarskapi

full búð af tilboðum

**pú sparar
843 kr/kg**

GOURMET

45%

afsláttur við kassa

Verð 1031 kr/kg

Gourmetvillikryddað lambalæri

**pú sparar
550 kr/kg**

25%

afsláttur við kassa

Verð 1649 kr/kg

Fjallalamb lærisseibær
grillkryddaðar

nýtt!

999

kr/kg

Fjörfrísk Grillax
Lime & pestomarineraður

**pú sparar
499 kr/kg**

25%

afsláttur við kassa

Verð 1496 kr/kg

Norðlenskar lærisseibær

**pú sparar
488 kr/kg**

40%

afsláttur við kassa

Verð 1220 kr/kg

Borgarnes hunangsgrís

**pú sparar
400 kr/kg**

25%

afsláttur við kassa

Verð 1596 kr/kg

Norðlenskar lambagrillsseibær

149

kr/pk

X-tra franskur 1 kg í ofn.

**frábært í
ferðalagið!**

Umbrot: Auglýsingastofa Vikurfrétt
Umbrot: Auglýsingastofa Vikurfrétt

Capri
milkshake

200 g

**kaupu 4 pk Coke
og fáðu 2 stk HM
glös frítt með!**


100% safi

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 30. júní til 2. júlí eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó



landslag

fólkið í landinu

ATVINNUREKANDINN: VERSLUNIN EYJALÓS

Smækkuð mynd frá því sem áður var

Hjónin Jónína Sigurbjörg Þorbjarnardóttir og Ingimar Ragnarsson reka matvöruverslunina Eyjalós í Hrísey. Eyjalós er í sama húsi og gamla Kaupfélagið var en síðan þá hafa nokkrir rekstraraðilar reynt fyrir sér í húsnæðinu með misjöfnum árangri.

„Að mínu mati eiga að vera heimamenn sem sjá um reksturinn á svona verslun,“ segir Jónína. Hjónin eru bæði Hríseyingar þótt Jónína hafi ekki búið í eyjunni alla ævi. Börn Jónínu hjálpa til við að koma nýjustu vörum á rétta stað í hillurnar áður en verslunin opnar. „Pau fá smá vasapening fyrir að hjálpa til,“ bætir Jónína brosandí við.

„Verslunin núna er mjög smækkuð mynd af því sem áður var, þegar kaupfélagið var hérna enn,“ útskýrir Jónína en frá þeim tíma hefur fólkinu í Hrísey fækkað um þriðjung. Þau hjónin reka verslunina með það fyrir augum



INGIMAR OG JÓNÍNA Í EYJALÓSI


að sjá fólki fyrir því nauðsynlegasta því margir Hríseyingar gera öll stærri innkaup á Akureyri. Jónína segir að fólkið í þorpinu versli þó mjög mismikið við þau. „Sumir versla allt sitt hérna og gera það af hujónarástæðum. Það er þó meira af eldra fólki þótt sumir af yngra fólkinu geri það líka.“

Yfir sumarið er opnunartíminn samfelldur yfir daginn en á veturna er aftur opið tvisvar á dag, um hádegis og aftur í eftirmiðdögum. Jónína segir það ágætt fyrirkomulag því alltaf sé mest að gera í hádeginu.

Aðspurð um hvernig reksturinn gangi segir Jónína sem svo að þetta sé „mikil vinna fyrir lítið“. Ótrúlega mikið vafstur sé í kring um eina verslun og hún krefjist auðvitað mikillar viðveru. „Ég myndi ekki nenna að vera að afgreiða í einhverri búð, en hérna gerir maður allt sjálfur og því fylgir meiri ábyrgð,“ segir Jónína.

STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



Hrísey

Staðsetning: Hrísey í Eyjafirði.
Íbúafjöldi: Tæplega 200 manns.
Stærð: Um 7,5 kílómetrar á lengd og 2,5 kílómetrar á breidd þar sem hún er breiðust. Hrísey er næst stærsta eyjan við Íslandsstrendur á eftir Heimaey. Hæsti punktur: 110 metrar yfir sjávarmáli á eyjunni norðanverðri.
Samgöngur: Ferjan Sævar gengur frá Árskógssandi til Hríseyjar frá morgni til kvölds og tekur siglingin um fimmtán mínútur. Fjarlægð frá Reykjavík: 403 kílómetrar til Árskógssands.
Atvinna: Útgerð, fiskvinnsla og þjónusta.
Sveitarfélag: Akureyrarkaupstaður en Akureyri og Hrísey voru sameinuð í eitt sveitarfélag árið 2004.
Náttúrulíf: Fjölskrúðugt fuglalíf er í Hrísey og fer þar mest fyrir rjúpunni en hún prýðir skjaldarmerki Hríseyjarhrepps. Einnig er í Hrísey eitt mesta kriuvarp í gjörvallri Evrópu.



ALLTAF ÚTI AÐ LEIKA Þau Friðrik, María, Emil, Máni, Reynir, Jara Sól, Eygló og Gabríel léku sér á trampólíni í sólinni í Hrísey. Þeim finnst gaman að eiga heima í Hrísey og segja að krakkarnir hjóla og leika sér mikið úti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANNA

Perla og paradís í Eyjafirði

Í sólskini og skjóli frá hafgolunni er Hrísey sannkölluð paradís. Á fallegum júnídegi kom Önnu Tryggvadóttur að minnsta kosti ekki á óvart að Hrísey er stundum kölluð perla Eyjafjarðar.

Hríseyingar lifa þó ekki á fegurðinni einni saman, eins og einn eyjaskeggja komst að orði. Mikið áfall reið yfir árið 1999 þegar Kaupfélag Eyfirðinga lokaði hraðfrystihúsi sínu í Hrísey. Misstu þá tugir manna vinnu og í kjölfarið fækkaði íbúum eyjarinnar um nærri þriðjung. Atvinnuhorfur eru þó betri í eyinni nú um stundir og starfa tvö fiskvinnslufyrirtæki á bryggjunni fyrir frumkvæði heimamanna.

Alltaf úti að leika

Fyrsta heimafólkið sem blaðamaður hittir í heimsókn sinni í Hrísey er frækinn hópur barna sem hoppa saman á stóru trampólíni. Þau segjast öll vera úr Hrísey nema Emil sem er úr Reykjavík. Börnin segja glöð í bragði að það sé skemmtilegt að búa í Hrísey og telja upp sitthvað sem þau hafa fyrir stafni í eyjunni. Þau leika sér, hjóla og fara stundum í skólann, þótt það sé kannski ekki alltaf jafn skemmtilegt. „Ég leik mér alltaf úti,“ bætir Jara Sól við, rétt til útskýringar, og brosir blítt.

Byggðir í rúst með pennastriki

Ásgeir Halldórsson málarí er í Hríseyjarkirkju þegar blaðamaður ber að, lágrestri en fallegri kirkju, þar sem hann dyttar að nokkrum hlutum. „Allir sem búa hérna og vilja hafa vinnu geta nú unnið, en þetta var náttúrulega alveg hræðilegt hérna fyrir nokkrum árum þegar kvótinn fór allur á Dalvík,“ segir Ásgeir um stöðu mála í þorpinu í dag. Hann segir fólksfækkunina hafa verið mikla blóðtöku fyrir ekki stærra pláss og veit alveg hverju á að kenna um vandann. „Þetta er náttúrulega þorp þar sem



SIGURGEIR JÚLÍUSSON Sigurgeir fer reglulega út fyrir eyjuna og sækir sér nokkra fiska.



MÁLARI VIÐ KIRKJUNA Ásgeir Halldórsson málarí í Hrísey var við vinnu í kirkjunni þegar blaðamaður bara að garði.

Sala í sögufrægu húsi

Ferðamannaíðnaðurinn er kærkominn aukagrein á sumrin í Hrísey og hafa nokkrar konur meðal annars tekið sig saman um að selja handverk í Gallerí Perlu. „Þetta er sögufrægt hús sem við fengum afnot af og höfum gert upp sjálfar. Og ég segi sjálfar því það hefur aldrei neinn karlmaður verið í þessu með okkur,“ segir Hanna Antonsdóttir sem er ein kvennanna sem standa að versluninni. Hvatinn að stofnun hennar var að fá ferðamenn til að stoppa í eyjunni og hafa konurnar fengið mikið hrós fyrir framtakið. Hanna sem er fædd og uppalin í Hrísey segist bjartsýn á framtíð þorpsins og eyjunnar, enda vill hún hvergi annarsstaðar vera.

Ferjumenn ættu að fá fálkaorðu

Hinum megin á bryggjunni er smábátahöfnin þar sem blaðamaður hittir fyrir Sigurgeir Júlíusson, eða Geira, eins og hann er oftast kallaður. Þrátt fyrir að vera orðinn 77 ára leikur Geiri sér að því að sækja fisk rétt fyrir utan eyjuna sem hann herðir.

Geiri hefur séð allt gerast í eyjunni og tjáir blaðamanni að mikið gott hafi gerst í eyjunni á allra síðustu misserum og nefnir sameiningu Hríseyjar og Akureyrar í eitt sveitarfélag fyrir tveimur árum. „Hér voru farnir að leka allir hitaveitubrunnar og þeir komu bara strax og gerðu við þetta allt saman. Svona má lengi telja, til dæmis er verið að fara að byggja ípróttahús og fleira.“ Að mati Geira eru horfurnar í atvinnulífínu betri, sem betur fer, því ekki lifir fólkið á loftinu einu saman. „Ferjumenn eru búnir að kaupa annað vinnsluhúsið hérna og hafa komið því til með blóma. Þeir standa sig skínandi vel og ættu helst að fá fálkaorðuna,“ segir Sigurgeir Júlíusson.

2 fyrir 1 til
Ítalíu / Króatíu

5. og 12. júlí
frá kr. **19.990**

Verð kr. **19.990**

Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð. Netverð á mann.

Gisting frá kr. **2.900**

Netverð á mann á nótt, m.v. 2 í herbergi með hálfu fæði á Hotel Delfin í Porec.

Aðeins örfá sæti

Nú bjóðum við frábært tilboð á síðustu sætunum til Bologna á Ítalíu 5. júlí í 1 eða 2 vikur eða 12. júlí í viku. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Griptu tækifærið og skelltu þér til Ítalíu eða yfir til Króatíu á einstökum kjörum. Gisting í Porec í Króatíu í boði og hinum einstaklega fallega bæ Rovinj.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 401 1099 • www.heimssferdir.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.449 -0,50% Fjöldi viðskipta: 143
Velta: 729 milljónir

MESTA HÆKKUN

FL Group 0,58%
Strau.-Burð. 0,56%
Össur 0,48%

MESTA LÆKKUN

Landsbanki 0,98%
KB banki 0,95%
Bakkavör 0,90%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 62,40 +0,00% ... Alfesca 3,88 -0,51% ... Atorka 6,25 +0,00% ... Bakkavör 44,10 -0,90% ... Dagsbrún 5,69 -0,70% ... FL Group 17,40 +0,58% ... Flaga 3,83 +0,00% ... Glitnir 17,60 -0,57% ... KB banki 730,00 -0,95% ... Landsbankinn 20,30 -0,98% ... Marel 70,30 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,80 -0,63% ... Straumur-Burðarás 18,00 +0,56% ... Össur 106,50 +0,48%

* Í GÆR KLUKKAN 12.45

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Stirred not shaken

Forstjóri Dansk Aktie Analyse sendir Íslendingum tóninn í Jyllandsposten. Þar telur sá danski sig greina í útrás Íslendinga spennandi en hættulegan kokteil þar sem saman fari greind, skuldsetning og lágt siðferðisstig. Hann heggur sem sagt í sama knérunn og sumir aðrir landar hans sem sviður uppgangur gömlu undirsátanna í Danaveldi.

Már Másson, viðskiptafultrúi í sendiráðinu í Kaupmannahöfn, lætur þessu ekki ósvarað og segja má að Már sé „stirred en ekki shaken“ í viðbrögðum sínum. Viðbrögðin eru fremur þurr, þótt greina megi sætan keim með skvettu af köldum húmor.



Þannig segir Már að annar kokteill einkenni skrif Danans sem sé sýnu verri, nefnilega kokteill vanþekkingar, fordóma og ruddaskapar.

Og síðan er skvett

Már rekur síðan vinsamleg samskipti þjóðanna og þá gagnkvæmu virðingu sem ríki meðal þeirra yfirleitt. Síðan reiðir Már á ný til höggs og afgreiðir Peter Falk-Sørensen, forstjóra Dansk Analyse, fyrir vanþekkingu og skrif grundvölluð á slúðri „Greiningarfyrirtæki sem vill láta taka sig alvarlega hlýtur að þurfa að byggja mál sitt á staðreyndum og engu öðru,“ segir Már og ef nota má myndmál, skvettir úr kokteillglasinu framan í Danann. Það er greinilegt að menn eru búnir að fá sig fullsadda og munu ekki láta ósvarað rakalausum dylgjum af þessu tagi um íslenskt viðskiptalíf.

MARKAÐSPUNKTAR

Gengi hlutabréfa hækkaði á Norðurlöndunum í gærmorgun eftir nokkrar sveiflur undanfarnar vikur. Greiningardeild Glitnis telur að hækkanir á bandarískum hlutabréfum í fyrradag skýri hækkanirnar. Skýringarnar eru þó mismunandi á milli kauphalla, að sögn deildarinnar.

Þýska kauphöllin hefur síður en svo dregið sig út úr sameiningartilraunum við samevrópska hlutabréfmarkaðinn Euronext. Forstjóri kauphallarinnar fór til Parísar í gær til að telja stjórn Euronext á að tilboð þeirra væri betra til langs tíma lítið en tilboð kauphallarinnar í New York.

Heildartekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga eru áætlaðar 124,4 milljarðar króna á fyrstu þremur mánuðum ársins, samkvæmt Hagstofu Íslands.

Ísland er sveigjanlegt

Sveigjanleiki opinberra fjármála er mun meiri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Þetta sýnir ný skýrsla matsfyrirtækisins Standard & Poor's sem sagt er frá í Morgunkorni Íslandsbanka. Í skýrslunni er vísitala fyrir sveigjanleika fjármála í 28 Evrópulöndum reiknuð út. Tekur hún mið af getu stjórnvalda til að bregðast við óhagstæðri þróun hagkerfisins og ytri áföllum með breytingum á skattastefnu og opinberum

útgjöldum. Er tilgangur þessa kvarða að slá mati á líkur þess að viðkomandi lönd lendi í vanda með greiðslubyrði opinberra skulda.

Ísland er í fimmta sæti af þeim 28 löndum sem metin eru, á eftir Kýpur, Sviss, Írlandi og Eistlandi. Hinum Norðurlöndunum vegnar öllum verr á þessum mælikvarða. Noregur er í 20. sæti, Finnland í 22. sæti, Svíþjóð í því 24. og Danmörk í 25. sæti.

- hhs

Stofna 130 milljarða sjóð

Innan Baugs Group var óeining um fjárfestingarstefnu varðandi Woolworths.

Breska blaðið Times greinir frá því að Baugur Group, FL Group og Kevin Stanford, stofnandi Karen Millen-keðjunnar, stefni að því að stofna 138 milljarða fjárfestingasjóð á sviði verslunarreksturs. Sjóðurinn mun fá nafnið Unity.

Stærstu eignir sjóðsins verða þrettán prósent hlutur í verslunarkeðjunni Woolworths og fimmtungshlutur í tískukeðjunni French Connection, sem hluthafar leggja til, en bréfin eru metin á tæpa þrettán milljarða króna. Þar að auki hefur félagið tryggt sér 125 milljarða króna til viðbótar.

Forsprakkarnir seldu saman 2,4 prósent hlut í Marks & Spencer fyrir nokkru, með yfir sex milljarða söluhagnaði, en salan mun hafa verið upphafið að Unity. Félagið mun leggja áherslu á



EIGA FIMMTUNG Í FRENCH CONNECTION Nýja fjárfestingafélagið Unity á eignir upp á 138 milljarða.

stöðutökur fremur en yfirtökur og því mun það ekki koma að hugsanlegri yfirtöku Baugs og FL Group á House of Fraser.

Í Times kemur fram að innan Baugs hafi menn ekki verið sam-

mála um hvert eigi að stefna með fjárfestingu félagsins í Woolworths, til dæmis hvort fara ætti í yfirtöku. Baugur keypti sjö prósent hlut í febrúar og bætti síðar við þann hlut.

- eþa

Slakari framleiðni

Svo virðist sem dregið hafi úr framleiðni vinnuafns á fyrsta fjórðungi þessa árs og hagvöxturinn á þessu tímabili hafi alfarið verið knúinn áfram af vexti vinnuafns. Morgunkorn Glitnis banka greinir frá þessu. Hagvöxturinn á þessu tímabili var fimm prósent en á sama tíma fjölgaði starfandi um 4,9 prósent og meðalfjöldi vinnustunda á viku um 1,2 prósent.

Á fyrstu stigum hagvaxtar-tímabils og eftir ládeyðu í efnahagslífinu reynist framleiðnivöxtur jafnan mikill. Þegar vinnumarkaðurinn er hins vegar orðinn mjög spennur og atvinnuleysi lítið kemur það oft niður á framleiðnivextinum. Í Morgunkorninu segir að reikna megi með því að framleiðnivöxtur verði lítil í íslensku efnahagslífi á næstunni.



DREGUR ÚR FRAMLEIÐNI Greiningardeild Glitnis gerir ráð fyrir litlum framleiðnivexti í efnahagslífinu á næstunni.

Komið sé að niðursveiflu og reynslan sýni að margur atvinnurekandinn veigri sér við að draga úr fjölda starfsmanna, að minnsta kosti á fyrstu stigum sveiflunnar og þannig koma minnkandi umsvif fram í minni framleiðnivexti.

Framleiðni vinnuafns hér á landi er ekki nema rétt í meðallagi í samanburði við önnur OECD-lönd.

- hhs

Kaupir 172 fasteignir í Svíþjóð

Keops er að ganga frá kaupum á eignasafni sem samanstendur af 172 fasteignum í Svíþjóð, alls 900 þúsund fermetrum af skrifstofu- og atvinnuhúsnæði. Margir leigusamningar fylgja með í kaupunum en meðal leigjenda eru Volvo og Ericsson.

Heildarvirði viðskiptanna nemur um 5,4 milljörðum danskra króna, eða um 70 milljörðum

króna, og eru kaupin fjármögðuð með bankaláni og útgáfu fasteignaskuldabréfa að upphæð fimmtán milljarðar króna, sem verða skráð í Kauphöllina í Kaupmannahöfn. Hafa kaupendur og seljendur undirritað skilyrt samkomulag um að eignasafnið verði yfirtekið þann 3. október á þessu ári.

Kaupin eru í samræmi við

stefnu Keops að auka hlutdeild sína á sænskum fasteignamarkaði en félagið á nú fasteignir fyrir 140 milljarða króna í Svíþjóð. Fyrr í vikunni greindi Keops frá því að það hefði keypt 37 skrifstofubyggingar í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð fyrir nítján milljarða króna sem verður miðlað áfram til viðskiptavina félagsins.

- eþa



Cyntellec fær 38 milljóna króna styrk

Bandarísk-íslenska líftæknifyrirtækið Cyntellec hefur hlotið tæplega 38 milljóna króna styrk til áframhaldandi þróunar á LEAP leysigeislátækni félagsins. Styrkurinn veitir bandaríska alríkisstofnunin National Science Foundation.

„Styrkurinn er staðfesting á þeim mikla árangri sem Cyntellec hefur náð undanfarið ár“, sagði Fred Koller, forstjóri í yfirlýsingu.

Nú stendur yfir opið hlutfjárútbóð í Cyntellec og verður félagið í kjölfarið skráð á iSEC markað Kauphallar Íslands.



BERNHARD Ö. PÁLSSON Bernhard er stjórnarformaður Cyntellec sem skráð verður á iSEC hlutabréfamarkaðinn.

Stjórnarformaður Cyntellec er Íslendingurinn Bernhard Ö. Pálsson. -jsk

Loftleiðir kaupa lettneskt flugfélag

Loftleiðir Icelandic, leiguflugfélag Icelandair Group, hefur gengið frá kaupum á 55 prósentum hlutfjár í lettneska leiguflugfélaginu Latcharter Airlines. Þá hafa Loftleiðir skuldbundið sig til að kaupa félagið að fullu innan ákveðins tíma.

Samkvæmt upplýsingum frá Icelandair Group eru kaupin gerð í framhaldi af nánú samstarfi félaga í sölu- og markaðsmálum og undirstrikar frekari sókn inn á leiguflugsmarkað Austur-Evrópu, auk þess sem vöruframboð félagsins er útvíkkað með tilkomu tveggja Airbus 320 véla Latcharter.

Loftleiðir Icelandic starfa nú að verkefnum í Norður- og Suður Ameríku, Evrópu og Mið-Austurlöndum með fjórum Boeing 757 flugvélum og tveimur Boeing 767 breiðþotum, sem allar eru reknar á flugrekstrarskírteini Icelandair.

Latcharter var stofnað árið 1992 og er með 87 starfsmenn. „Félagið hefur verið í öruggri vexti og flutti yfir 100.000 farþega í leiguflugum á síðasta ári auk þess að sinna blautleigu verkefnum víða um heim,“ segir í tilkynningu Icelandair Group. Behrens Fyrirtækjaráðgjöf veitti ráðgjöf við kaupin. - óká



LATCHARTER POTA Loftleiðir hafa samið um kaup á lettneska flugfélaginu Latcharter, en þegar hefur verið keyptur 55 prósent hlutur.

Hafa það fínt utan EMU

Ákvörðun Dana, Svía og Breta um að gerast ekki aðilar að Efnahags- og myntbandalagi Evrópusambandsins (EMU) árið 2000 hefur ekki komið niður á efnahagslífi landanna. Þetta er niðurstaða hugveitunnar Centre for Economic Policy Research sem bar efnahag landanna þriggja saman við efnahag landanna tólf sem tóku evruna upp um síðustu aldamót.

Danska blaðið Børsen segir

marga hafa varað við því að efnahagur landanna myndi versna gengju þau ekki í myntbandalagið. En annað hefur komið á daginn því viðskipti EMU-landa á milli hafa ekki verið jafn mikil og búist var við, að sögn blaðsins.

Hagvöxtur á evrusvæðinu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs var 1,9 prósent. Verðbólga á svæðinu hefur aukist nokkuð það sem af er ári og mældist 2,5 prósent á tímabilinu, sem er 0,5 prósentum

yfir verðbólgu markmiðum evrópska seðlabankans, samkvæmt Hagvísunum Seðlabanka Íslands.

Til samanburðar spáði Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) 4,1 prósent hagvexti hér á landi á þessu ári í maílok, 5,6 prósent verðbólgu á árinu og 5,3 prósent verðbólgu á næsta ári. Þetta er talsvert meira en verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands kveða á um en þau eru 2,5 prósent. -jab

Viðauki við skráningarlýsingu Dagsbrúnar hf. frá apríl 2006



Viðauki við skráningarlýsingu Dagsbrúnar frá því í apríl 2006 er gefinn út vegna tveggja hækkana á hlutfé Dagsbrúnar hf. samtals að fjárhæð 858.173.190 krónur að nafnverði.

Fyrri hækkuninni, að nafnverði 413.333.333 krónur á genginu 7,5, var ráðstafað í skiptum fyrir hluti í Kögun hf. Hækkunin var skráð í Kauphöll Íslands hf. 23. maí 2006.

Síðari hækkuninni, að nafnverði 444.839.857 krónur á genginu 5,60, var ráðstafað í skiptum fyrir hluti í Kögun hf. Hækkunin var skráð í Kauphöll Íslands hf. 14. júní 2006.

Hlutfé félagsins eftir síðustu hækkun er 5.929.871.824 krónur að nafnverði.

Þar sem hlutfé Dagsbrúnar hf. hefur verið hækkað um meira en sem nemur 10% af heildarhlutfé frá því félagið gaf út skráningarlýsingu í apríl 2006 ber félaginu að gefa út viðauka við framangreinda skráningarlýsingu, samkvæmt 1. tl. 1. gr. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 og bráðabirgðaákvæði í reglugerð nr. 242/2006.

Allt hlutfé Dagsbrúnar hf. er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. undir auðkenninu DB.

Viðaukann er hægt að nálgast hjá Dagsbrún hf., Síðumúla 28, Reykjavík, á vefsíðu félagsins www.db.is, hjá umsjónaraðila skráningarinnar, Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, Reykjavík og á vefsíðu bankans www.landsbanki.is



BLUE LAGOON
ICELAND

skoðun

SJÓNARMÍÐ
PORSTEINN PÁLSSON

Sigurbjörn biskup og þjóðin:

„... lítillætis lund kát ...“

Orð Sigurbjörns Einarssonar biskups hafa nú í gegnum langa tíð verið „þeim til fróðleiks, huggunar og uppvakningar sem iðka vilja“, ekki síður en Hallgrímsskver á sinni öld og fram á okkar daga.

Á þann veg háttar til að á þessum degi fyllir Sigurbjörn Einarsson biskup hálfan tíunda tuginn. Það er gott æviskeið. Hitt skiptir þó öllu meira máli að starf hans hefur verið þjóðinni auðnubót.

Einnmitt þess vegna hæfir vel að vinir hans skuli á þessum tímamótum hafa gengist fyrir nýrri útgáfu á predikunar- og ræðusöfnum hans frá fyrri árum. Það er að sönnu þarft verk, en þó umfram allt annað sá sómi sem best á við.

Sú auðnubót sem Sigurbjörn biskup hefur gert samferðamönnum sínum og íslenski siðmenningu felst í orðum hans, skrifuðum jafnt sem töluðum, í bundnu máli rétt eins og óbundnu. Ræður hans eru því vel þegar á prenti og tilefnið vissulega vert umtals.

Það er ósmátt hlutskipti þegar sagt er um einn mann að hann hafi öðrum fremur verið leiðtogi heillar þjóðar í andlegum eignum um sína daga. Slík staða er ekki sjálfvirk afleiðsla hárrar tignar. Hún getur aðeins verið ávöxtur eigin ágætis.

Að vísu er það ekki svo að Sigurbjörn biskup hafi alltaf og um alla hluti sem hann hefur tekið sér fyrir hendur verið óumdeildur eða að hann hafi aldrei dregist inn í deilur. En þegar á heildina er litið falla slík smáatriði í skuggann af laufskrúði stórra verka.

Fáir menn að jöfnu áhrifum hafa sömu „lítillætis lund“ og Sigurbjörn biskup. Í því ljósi er ef til vill ótilhlýðilegt og ekki tímabært að jafna honum við þá sem hæst rísa í andlegum eignum eins og séra Hallgrím og meistara Vídalín.

Þegar til þessara nafna er litið er vissulega nokkur vík á milli í tíma og rúmi. En eigi að síður fer ekki hjá því að margir hljóta að upplifa Sigurbjörn biskup eins og samferðamann þeirra í skarpri andlegri leiðsögn.

Andleg áhrif eiga jafnan rætur í eiginleikum. Það má með réttu segja um Sigurbjörn biskup eins og áður hefur verið sagt um Vídalín að þeim áhrifum valdi „dæmalaus ratvísi í vöndarhúsi mannlægs hjarta“.

Nú um stundir heyrast stöku sinnur raddir um stjórnskipulegan aðskilnað ríkis og kirkju. Það er ákvörðun sem þjóðin tekur sjálf samkvæmt stjórnskipunarlögum.

En þegar horft er til biskupsins Sigurbjörns er flestum ugglaut þannig farið að þeir sjá traudla hvernig skilja meg á milli orða hans og þjóðarinnar. Það myndi horfa við eins og hver annar siðmenningarlegur niðurskurður.

Hér má gripa til kunnrar samlíkingar. Boginn sér og strengurinn sér eru ónýtir til varnar. Gæti ekki verið að afls yrði vant ef þjóðin stæði sér og kirkjan sér?

Á þessum degi er gott að fagna með kátri „lítillætis lund“ sem sannarlega hefur markað þau spor í samtímann að í þau gæti verið ófokið þegar ný framtíð verður veruleiki.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ábyrgð Karls Steinars

Það vekur athygli að starfsmaður Tryggingastofnunar ríkisins hafi getað skotið um 75 milljónum króna undan í mörg ár án þess að nokkur tæki eftir því. Vissulega er þetta aðeins dropi í hafið hjá þessari opinberu stofnun enda renna umtalsverðar fjárhæðir þar í gegn í hverjum mánuði. Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi segir í Fréttablaðinu í gær að innra eftirlit stofnunarinnar hafi brugðist. Það er því ekki nóg fyrir Karl Steinar Guðnason, forstjóra TR, að segja málið úr höndum þeirra og hjá lögreglu. Hann ber ábyrgð á rekstri sem veitir meira en milljarði króna af skattfé borgar-



anna. Og verður að svara fyrir það sem fer úrskeiðis.

Pólitik og fagmennska

Tilkynnt var í gær að Ingimundur Friðriksson hefði verið skipaður í embætti bankastjóra Seðlabanka Íslands að beiðni Jóns Sigurðssonar, sem lætur af störfum. Er þá varla hægt að segja að fagmennskan hafi vikið fyrir pólitíkinni við skipunina. Ingimundur hefur starfað í bankanum frá 1975 og verið aðstoðarbankastjóri frá 1994. Hann er því öllum hnúttum kunnugur. Er hann nú yngsti bankastjórinn í Seðlabankanum, fæddur 1950. Davíð Oddsson er fæddur 1948 og Eiríkur Guðnason 1945.

Góð upplýsingagjöf
Slysið í sundlauginni á Eskifirði fór varla fram



hjá neinum hér á landi. Strax upp úr hádegi á þriðjudaginn fóru fréttamiðlar að segja fyrstu fréttir af vettvangi. Oft hefur fjölmiðlafólk gagnrýnt stjórnvöld við slíkar aðstæður. Hefur verið erfitt að miðla fréttum til almennings vegna skorts á upplýsingum. Því var ekki til að dreifa nú. Fljótlega var samhæfing- arstöð almanna- og Skógarhlíð tekin til starfa og upplýsingar fóru að berast reglulega. Sú sem stjórnaði þeirri vinnu var Jónína Sigurðardóttir aðstoðaryfir- lögregluþjónn hjá embætti ríkislög- reglustjóra. Var samstarf hennar við fjölmiðla til fyrirmyndar eins og á reyndar við um alla þá sem komu að björgun fólksins á Eskifirði. Það finnst því ekki einungis forystumenn hjá Ríkislögreglustjóra heldur líka forystukonur.

bjorgvin@frettabladid.is

Allt er betra en verðbólgan

Tvær athyglisverðar pólitískar yfirlýsingar komu fram í þessari viku. Báðar gefa fyrirheit um að pólitíkin á komandi kosningavetri verði lágstemmdari og yfirveg- aðri en búast hefi mátt við. Fyrri yfirlýsingin er tilkynning ríkis- stjórnarinnar um aðgerðir til að slá á þenslu og sú seinni er að Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskipta- ráðherra hefur gefið það út að hann muni gefa kost á sér til formennsku í Framsóknarfloknum á flokksþinginu í ágúst.

Fyrri yfirlýsingin, þessi um að slá á þensluna, er nokkuð djarf- mannleg frá ríkisstjórn sem er að sigla inn í kosningavetur. Eflaust hafa margir átt von á því að ríkis- stjórnarflokkarnir myndu reyna að koma sér undan því að taka erf- iðar og óvinsælar ákvarðanir var- andi ríkisútgjöld, opinberar fram- kvæmdir og séstaklega varðandi íbúðalánasjóð. Lendingin með aðil- um vinnumarkaðarins hafði tekist mjög vel. Tilkynningin um aðhald í útlánum til húsnæðislána og frestun framkvæmda er um margt eðlilegt framhald af samningum á vinnumarkaði þó vissulega megi alltaf deila um hvernig að þessum aðhaldsaðgerðum verður staðið.

Í gegnum tíðina hafa pólitísk slagorð stjórnmálaflokka og hags- munasamtaka verið ólík. Í dag er höfuðslagorð allra stjórnmála- flokka og hagsmunaaðila í þjóðfé- laginu það sama: „Allt er betra en verðbólga.“ Undir þessu slagorði voru gerðir samningar á vinnu- markaði og undir þessu slagorði gaf ríkisstjórnin út yfirlýsinguna gegn þenslunni. Það er hins vegar ekki óeðlilegt þótt menn spyrji hversu mikil alvara sé þarna að baki. Þegar ráðherrar hafa verið spurðir nánar út í þær fram- kvæmdir sem á að fresta, verða svörin loðin. Þetta mun ekki hafa áhrif á stóriðjuna, ekki nýja spít- alann, ekki Héðinsfjarðargöng og ekki Sundabraut. Sama er að segja um sveitarstjórnarmenn, sem eiga samkvæmt tilkynningunni að taka

Í DAG
YFIRLÝSINGAR
VIKUNNAR

BIRGIR
GUÐMUNDSSON

Það er því afar freistandi að efast – og fólk mun ugglaut efast – um að yfirlýsingin gegn þenslunni sé orðmörg en verði efnislítill þegar til kast- anna kemur. Reynslan verður að skera úr um hvernig það verkast á endanum.

upp viðræður við ríkið um frestun framkvæmda. Þar er allt á huldu. Ljóst er hins vegar að samdátur- inn í útlánum íbúðalánasjóðs mun slá verulega á uppsveifluna á fast- eignamarkaði og búast má við að pólitískt óþægileg staða kunni að verða komin upp í þeim efnun þegar líður á næsta vetur. Frestun framkvæmda mun án nokkurs vafa líka kalla á harða gagnrýni á ríkisstjórnina, og því mun þurfa mikla stefnuafstöðu ef ríkisstjórnin ætlar ekki að berast af þessari leið sinni. Það er því afar freistandi að efast – og fólk mun ugglaut efast – um að yfirlýsingin gegn þenslunni sé orðmörg en verði efnislítill þegar til kastanna kemur. Reynslan verður að skera úr um hvernig það verkast á endanum. Hitt er brýnt að hafa í huga, að hvernig svo sem aðgerðirnar eru útfærðar og hvernig sem til tekst á endanum, þá felst í þessari til- kynningu ákveðin yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar um almenna pólitíska stefnu á kom- andi kosningavetri. Sú stefna mun finna sér farveg undi yfirskrift- inni að „allt er betra en verð-

bólga“, en ekki undir formerkjum framkvæmdaupþöða í aðdrag- anda kosninga þar sem allt er gert fyrir alla.

Hin yfirlýsingin, frá Jóni Sig- urðssyni, vekur athygli fyrir það að hún kemur fram svo skömmu eftir að hann var kallaður inn í rík- isstjórnina. Jón er margreindur mannaáttir í Framsókn og hefur reynst flokknum mjög dýrmætur bæði í kvótamálum og ekki síst í Evrópumálum. Þegar allt virtist komið í óefni varðandi forustu- skiptin í flokknum er hann enn kallaður til og fyrir vikið nær flokkurinn að bjarga sínum málum í horn. Orðræða og stíll Jóns fellur í kramið hjá framsóknarmönnum og þeir vita sem er að það er síður en svo sjálfgefið að menn standi upp úr huggulegum seðla- bankastjórástól til að „gera skyldu sína“ fyrir flokkinn. Jón á eftir að njóta þess í formannskjörinu. Raunar verður að teljast frekar ósennilegt að fleiri frambóð til formanns komi fram – jafnvel þó að hann telji sjálfur að svo muni verða. Athygli manna og spenn- ingur mun nú beinast að varaform- mannskosningu – ekki að næsta formanni heldur þeim þarnaæsta. Á sama tíma mun hins vegar fær- ast ákveðin festa yfir forustumál- in hjá Framsókn, festa sem mun skila sér inn í stórnarsamstarfið og stuðla að því að ríkisstjórnin á auðveldara með að útskýra og selja hugmyndina að allt sé betra en verðbólgan.

Það er engin spurning að fyrir- bærið „kosningavetur“ er mikil- væg breyta þegar bæði hagfræði og stórnámál á Íslandi eru annars vegar. Yfirleitt myndi þessi breyta stuðla að örlæti og eftirgjöf í rík- isfjármálum, þenslu og verðbólgn- um kosningaloforðum. Yfirlýsing- ar vikunnar, frá ríkisstjórninni annars vegar og frá Jóni Sigurðs- syni hins vegar gætu unnið gegn slíku. Það á aftur á móti eftir að koma í ljós hvernig stjórnninn gengur að standa við stóra orðin.

FORELDRA SÍMINN 581 1799

BÖRN ERU
LÍKA
FÓLK



1986-2006

20
ára

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: www.frettabladid.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

JARÐHITINN NÝTTUR Í MATARGERÐ

Í Kjöt & kústi í Hveragerði eru farnar óhefðbundnar leiðir í matargerð.

MATUR 2



VÉLIN SPRAKK EFTIR ÞRÍJA KÍLÓMETRA

Bjarki Birgisson hefur sjaldan gert eins slæm kaup og þegar hann keypti fyrsta bílinn.

TILBOÐ 4



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[MATUR TILBOÐ]

Miele þvottavélar eru nú með allt að 30 prósentu afslætti hjá Eirvík. Miele þvottavélar hafa 20 ára líftíma, eru með nýrri tromlu með vaxkókumynstri sem fer betur með þvottinn. Einnig má fá þurrkara á tilboðsverði.

Oriental BBQ-maríneringinn frá Argentínu steikhusi er komin í verslanir. Maríneringinn hefur notið mikilla vinsælda matargesta á Argentínu síðustu 16 ár. Nú er kryddlögurinn fánlegur í verslunum og geta góðir grillarar notað hann til að fullkomna grillsteikina.

Sumardekk eru á tilboði hjá Stillingu-bíla-varahlutum. Tilboðið gildir meðan birgðir endast. Sem dæmi má nefna að 15 tommu dekk 185/65R15 kosta nú 4.400 krónur en kostuðu áður 6.600. 16 tommu dekk 205/55R16 kostuðu áður 8.990 en kosta nú 5.900.



GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 30. júní, 181. dagur ársins 2006.



	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	3.03	13.31	23.58
Akureyri	1.52	13.16	24.36

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Gretu Mjöll finnst gaman að bjóða vinum í mat og eldar þá gjarnan hinn vinsæla kjúklingarétt. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Engin pítsa á borðum

Gretu Mjöll fótoltakonu finnst mjög gaman að elda og halda matarboð en því miður hefur hún allt of sjaldan tíma til þess.

„Á átján ára afmælinu mínu, síðasta haust, bauð ég vinum mínum í mat og það var engin pítsa í boði heldur þriggja rétta máltíð sem ég gerði sjálf,“ segir Greta Mjöll sem ekki bara spilar fótbolta með úrvalsdeildarliði Breiðabliks heldur hefur hún einnig nóg að gera í söngnum eftir að hún lenti í öðru sæti í söngkeppni framhaldsskólanna. Hún gefur sér þó af og til tíma til þess að elda góðan mat enda er matseld eitt af hennar helstu áhugamálum. „Mér finnst rosalega gaman að bjóða í mat og borða með mínum nánustu. Ég og kærastinn minn eldum oft saman eða förum út að borða. Við erum frekar ólík að eðlisfari. Hann er ekkert í boltanum og ég er algjör íþróttafrík þannig að það mætti segja að þetta væri okkar sameiginlega áhugamál,“ segir Greta Mjöll. „Ég fæ alla mína orku úr mat og borða

alveg nóg af honum þannig að ég hef aldrei þurft að fara á fæðubótarefni eða eitthvað svoleiðis út af boltanum. Ég er líka algjör nammigrís og myndi aldrei geta neitað mér um nammi eða sætindi enda lifir maður bara einu sinni. Aftur á móti kemur nammi aldrei í staðinn fyrir máltíð. Ef ég þyrfti að velja á milli skyndibita og lambalæris þá myndi ég alltaf velja lambalæri. Heimatilbúinn matur gerður frá grunni er einfaldlega langbestur.“ segir Greta Mjöll.

Uppskriftin sem Greta Mjöll gefur lesendum er að spænskum kjúklingarétti sem er í miklu eftirlæti hjá henni og segir hún alla þá sem hafa smakkað hann gjörsamlega falla fyrir honum og heimta hann aftur. Uppskriftin er á bls. 3.

erlabjorg@frettabladid.is

Góð kaup í Debenhams

SUMARÚTSALAN FER VEL AF STAÐ Í DEBENHAMS

Útsölnurnar hefjast nú hver á fætur annari og útsalan í Debenhams í Smáralind er nú hafin. Þar má gera góð kaup þessa dagana enda eru valdar vörur á allt að 50 til 70 prósentu afslætti. Jackpot dömbolir sem áður kostuðu 2.490 krónur kosta nú 990 og finar Osborne spariskyrtur fást nú á 1.500 krónur en kostuðu áður 5.990.

Fram á sunnudag fást þar að auki handklæði á 20 prósentu afslætti. Þeir sem þurfa að fylla á handklæðalager fjölskyldunnar ættu því ekki að láta sig vanta í Smáralindina um helgina.



Ef ég ætti eina ósk ...

veistu hvers ég myndi óska mér ...

reyndu að giska á ...

hvers eðlis þessi ósk mín er ...



MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI



PRÓTEINRÍKUR OG FITULAUS

Skyris-drykkurinn er fljótleg og holl næring fyrir þá sem vilja styrkja líkamann og lifa heilbrigðu lífi.

allt

matur o.fl.

Peir sem eiga erfitt með að ákveða hvað á að vera í matinn ættu að búa til tveggja vikna matseðil og fylgja honum í einu og öllu. Valkviðann burt!



VÍNGERÐARVERSLUN

HÁGÆÐA VÍNGERÐAREFNI

NÝ VERSLUN !

MIKIÐ ÚRVAL - TILBOÐ

HÁTEIGSVEGUR 1
105 REYKJAVÍK
SÍMI: 533-1020
www.aman.is



Verzlunin er opin alla virka daga en fyrirtækið býður einnig upp á glæsilega veisluþjónustu eftir pöntunum.

„Polski Sklep Stokrotka, Hafnarfjörður“.

U nas taniej !!!



Chorizo, 2188 kr.kg.

Wedliny o niszzej

cenie za 1 kg.

i 30 % obnizki

na wszystkie

towary

spozywcze i

czasopisma, we

wszystkie

weekendy do

konca lata a

takze 30 %

obnizki we

wszystkie dni

na wybrane

towary“.



Galare



Boczek wedzony, 1348 kr.kg.



Zwyczajna, 908 kr.kg.



Torunska, 1162 kr.kg.



Grillowa, 1162 kr.kg.



Szykowa, 1778 kr.kg.




Jalowcowa, 1504 kr.kg.



Ogrkik



Kabanos, 2462 kr.kg.



Metka, 1026 kr.kg.

Opnunartími
Virka daga 11-19
Lau 11-18
Sun 11-18

Stokrotka

Hvaleyrrarbraut 35, sími 517-1585

Jarðhitinn nýttur í matargerð

Hjónin Ólafur Ingi Reynisson og Anna María Eyjólfsdóttir reka sælkeraverslunina Kjöti & kústi í Hveragerði. Verzlunin er einstök sinnar tegundir í heiminum því þau hjónin hafa leitt jarðhitann frá hverasvæðinu í nágrenninu inn í eldhúsið þar sem þau sérhæfa sig í ýmsum sælkeraréttum.

„Kjöt & kústi er sælkeraverslun þar sem við blöndum saman sælkerabúð með kjóti og öllu tilheyrandi við tilbúna rétti sem hægt er að hita í ofni. Síðan erum við með heimabökuð brauð, kökur, salöt og heitan mat. Við förum því alveg frá hráum, tilbúnum og upp í heitan mat,“ segir Ólafur Ingi. Það sem gerir verslunina í Hveragerði einstaka er það hvernig jarðhiti frá hverasvæðinu í nágrenninu hefur verið nýttur „Við erum eina fyrirtækið í heiminum sem gengur fyrir hveraorku. Við erum tengd við háhitasvæði hérna í 50 metra fjarlægð. Inn í húsið streymir 170 gráðu heit gufa sem býið er að beisla með sérsmíðuðum tækjum og tólum. Hitinn er svo gífurlegur að gufan sést varla, það er eiginlega ekkert vatn í henni, bara gífurlegur hiti.“

Hveraorkan er svo notuð til



Ólafur Ingi með svínslæri við hverapottinn.

þess að elda ýmsa rétti, meðal annars baka þau sérstakt hverabrauð, framleiða blömmör og lifrarpylsu ásamt því að nota gufuna til þess að bræða hamsatölg sem að öllu jöfnu er mjög orkufrekt. „Við höfum líka boðið hópum upp á að kaupa skoðunarferð og sjá hvernig við notum jarðhitann til þess að elda. Síðan geta gestir fengið sér hveraeldaðan fisk eða hveraeldað svínslæri sem við sérhæfum okkur í. Það tekur átta klukkutíma að elda svínslærið,“ segir Ólafur.

Kjöt & kústi leggur einnig mikla áherslu á að vera með sérframreitt kjöt fyrir viðskiptavinina ásamt því að sjá um allt fyrir grillveislur. „Við græjum allt fyrir stórar veislur. Þegar fjölskyldur halda veislur þá lendir það oft á einum eða tveimur að sjá um kjótið, þá geta þeir bara hringt í Kjöt & kústi og við sjáum um kjótið, salatið og allt saman. Það koma margir viðskiptavinir hingað frá Stór-Reykjavíkursvæðinu til þess að panta sér kjöt, enda leggjum við mikið upp úr persónulegri þjónustu,“ segir Ólafur sem sjálfur er aðfluttur frá Reykjavík.

Ein af nýjungunum hjá Kjóti & kústi er sveitakaffihlaðborð sem boðið er upp á. Á hlaðborðinu er boðið upp á hangikjöt, rúgbrauð, lummur, skonsur og fleira ekta íslenskt og gott. „Hlaðborðið er í þessum sveitafiling, það kemur allt smurt á borðið og fólk ténir bara á diskinn. Útlendingarnir skynja þetta dálítið öðruvísi enda höfum við verið að fá til okkar fólk sem spyr okkur hvort sami matseðillinn, með hamborgurum, pitsum og pulsum, sé það eina sem hægt sé að fá við hringveginn. Ferðamennirnir eru í leit að íslenskri menningu og íslenskum mat. Svona „taste of Iceland“ eins og þeir orða það,“ segir Ólafur Ingi Reynisson. valgeir@frettabladid.is

Smoothies

ávaxtaðrykkir eru úr pressuðum ávöxtum, án allra aukaefta, án viðbættis sykurs.

100% hreinn safi

arka ehf • s. 899 2363

Húsráð }

Kann't að sjóða pasta?

Pasta þarf að sjóða í miklu vatni og stórum potti. Lítil pottur eða of lítið vatn þrengir að því og gerir það að verkum að súðan verður ójöfn og pastað verður klesst. Hálf kíló af pasta ætti að sjóða í tveimur lítrum af vatni með tveimur teskeiðum af salti.

Til að kanna hvort pastað er mátlega soðið er ráð að taka eitt stykki upp úr pottinum og leyfa því að kólna aðeins. Pastað er tilbúið til neyslu ef það er „al dente“ sem þýðir stínt undir tönn en hvorki hart né maukkent. Ef pastað er í lengjum er líka gamalt og gott ráð að taka eina lengju og henda í vegg. Ef hún festist á veggnum er pastað nógu soðið.

Hellið pastanu í gegnum sigti en geymið einn bolla af vökvanum ef bleyta þarf aðeins upp í réttinum áður en hann er borinn fram. Aldrei setja pasta undir kalda vatnsbunu. Ef meiningin er að nota það í salat eða lasagna verður bara að sjóða það fyrir svo það nái að kólna.

allt atvinna

Alla sunnudaga



Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

Múffur með sítrónu og valmúafraejum

Drekkutíminn er tími sem við ættum að gefa okkur oftar. Sólskin á svölunum, dúkurinn á borðinu bærast í gólfunni, smurt brauð með eggjum, gúrkum og tómötum, te og múffur, jarðarber og rjómi. Þannig hljómar uppskrift að indælu drekkutíma í júní. Múffurnar eru ekta, loftmiklar og deigar, eins og Bandaríkjamenn einir geta gert þær, þar til nú.



- 2 dl sykur
- rifinn bökur og safi af 1 stórrú sítrónu
- 2 egg
- 1 dós sýrður rjómi
- 2 dl rjómi
- 6 dl hveiti
- 1/2 tsk matarsódi
- 1 msk lyftiduft
- 1/2 tsk salt
- 100 g smjör (vel kalt og skorið í litla bita)
- 3 msk valmúafrae

1. Setjið sykurinn í skál og rífið sítrónubökurinn saman við.

2. Brjótið egginn í aðra skál og blandið sítrónusafa, sýrðum rjóma og rjóma saman við og hrærið vel í.

3. Sigið næst þurrefnin yfir sykurblönduna. Blandið vel saman með trésléif og setjið svo valmúafraein og smjörbitana saman við.

4. Gerið dæld í miðja þurrefnablönduna og hellið vökvunum úr hinni skálinni þar ofan í. Hrærið deigið saman með trésléif, 4-5 snúninga þannig að deigið verði ekki ofhrætt og þar með loftminna.

5. Setjið deigið í vel smurt (bæði bollar og brúnir) múffuform fyrir 12 múffur. Látið deigið rétt kíkja upp úr hverjum múffubolla. Bakið í 180 gráðu heitum ofni í 30-35 mínútur eða þar til múffurnar verða gullnar á lit.

Brakandi fersk sumarsalöt

Á sumrin er gott að borða eitthvað létt í maga og því eru salöt tilvalinn sólskinsréttur.

„Í dag er svo sem allt leyfilegt í matargerð, þó finn ég að ihalldsemi mín birtist í því að blanda ekki saman grænmeti og ávöxtum nema þá helst steiktum eplum og grænmeti eða jarðarberjum til skrauts,“ segir Helga Mogensen hjá versluninni Maður lifandi.

Helga finnur þó fyrir vissum straumum í matargerð nú á sumardögum. „Hráfæði er sífellt að koma sterka inn í íslenska matargerð og ég tek því fagnandi. Ég hvet lesendur til að lesa sér vel til um hráfæðið því þar eru til dæmis önnur viðmið með kornmeti og fræ,“ segir Helga, sem finnst mikilvægast að hafa gaman af góðum mat. „Það er best þegar fólk notar hugmyndaflugnið og nýtur matarinn í góðum félagskap.“



Kjúklingasalatið er sniðugt í sumar. FRETABLADIÐ/HEIÐA

Sumarlegt og flott kjúklingasalati fyrir 6

- Blandið saman 1 haus af eikarsalati frá Lambhaga
- 1 poka ruccola-salati frá Engi
- 1 poka af spínatsalati ásamt 1/2 haus af rauðu salati handfylli af kóriander, sama af basil og smá af tímian til skrauts.
- 2 óskjur af kirsberjatómötum frá Akri skornir í tvennt eða hafðir heilir
- 2 stk rauð paprika skorin í þunna strimla
- 2 avacadó afhýddir og skornir í munnbita
- 1 dós fetastur
- 1 afhýdd agúrka og skorin í grófa munnbita
- 2 dósir af möndlumixi frá ML
- 3 kjúklingabringur
- Nokkrar döðlur og fikjur, lifrænar frá Bode, skornar niður í litla bita
- Olía til steikingar
- Hnífsoddur af turmerik, smá salt og grófur pipar (Það er minnsta mál að sleppa kjúklingnum)

Kjúklingabringurnar eru steiktar í olíu, salti, pipar og turmerik og síðan bakaðar þar til að þær eru gegnumsteiktar. Öllu grænu er

blandað saman við og ferska grænmetinu síðan bætt við ásamt kryddjurtum og þurrkuðum ávöxtum. Kjúklingurinn er skorinn í þunna strimla og blandað varlega saman ásamt fetastinum og möndlumixinu. Skreytt með fersku tímíani og borið fram með heitu brauði, íslensku smjöri, hummus og graskerspestói.

Baunasalat frá Miðjarðarhafinu. Fyrir 4-6

- 1 dós af lifrænum kjúklingabaunum
- 2 stk lifræn epli steikt í smá olíu, turmeriki og salti
- Handfylli af basil
- Handfylli af steinselju
- 1 græn paprika skorin í strimla
- 1 höfuð af eikarlaufum
- 1 pakk af ruccola-salat
- 1 dós af maisbaunum
- 4 stk tómatar skornir í báta
- 1 smátt saxaður rauðlaukur
- 1 stk chili frá Akri opnað, fráein tekin úr og chilið síðan skorið í litla strimla og blandað saman við baunirnar.

Eplin eru létt steikt í turmeriki, olíu og salti og síðan kæld. Sigið baunir. Blandið græna salatinn saman við grænmetið og baunirnar ásamt smátt söxuðu kryddjurtum.

Sósan samanstendur af ólífuolíu, salti, grófum pipar, paprikudufti og 1 msk af grófri sinnepsósu.

Hristið vel saman sósuna og stráið yfir rétt áður en borið er fram.

„Þetta salat er gott með grilluðu kjöti, eitt og sér með brauði eða fiskrétti svona til tilbreytingar. Ef salatið er borðað með fiskrétti þá er það góð viðbót að strá



Ávaxtaeftirréttur sem er svakalega góður með þeyttum rjóma.

Uppskrift Gretu Mjallar }

Spænskur kjúklingaréttur

Fyrir átta manns

8 kjúklingabringur eða 2 heilir kjúklingar

Marinering:
Hálfur saxaður hvítlaukur
1/4 bolli rauðvinsedik
1/8 bolli oregano
1/2 bolli ferskjur
1/4 bolli ólífur, skornar í tvennt
1/4 bolli kapers
1 bolli ólífuolía
6 lárviðarlauf
salt og pipar eftir smekk

1/4 bolli steinselja
1/2 bolli hvítvín
1/2 bolli púðursykur

Marinering hræð vel saman í skál og kjúklingur látinn út í. Kjúklingur látinn marinerast í 6-24 tíma - eftir því hvað tíminn leyfir. Eftir marineringu er kjúklingurinn settur í eldfast mót og bætt steinselju, hvítvíni og púðursykri við. Bakað við 180 gráður í 40 mínútur.

Borið fram með hrisgrjónum, brauði og salati.



Ekki sneiða hjá þessum



Þúsundeyjasósa... ... þegar vindur hvín!



Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

Hvítlaukssósa... ... þegar sólin skín!



Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna. Góð á saltkeið með rifsberjahlaupi og sem idýfa.

VOGABÆR

allt tilboð o.fl.

50%

Í Bónus fást túnfiskssteikur á 99 krónur sem áður kostuðu 199 krónur. Í Krónunni fást Krónupylsur á 50% afslætti en þær eru nú á 199 krónur en kostuðu áður 398 krónur.

GRÍMA ER 10 ÁRA

Leggjum skærin frá okkur á morgun 1. júlí frá kl. 14-16. Þjóðum öllum viðskiptavinum okkar til rómverskrar veislu, hljómsveit á staðnum, gráfíkjur og epli.



Gríma - hárstofa - Álfrheimum 4

Pau hafa lengt sinn sólarhring!

"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með „margfalt mein skúning.“
Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.
„...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknaeild í vor.“
Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.
„...hvergi áður náð jafn hári ávöxtun á tímasparnað...“
Fylkir Sævarsson, 39 ára iðnfræðingur.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið: Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviþýðing, nýtsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

NÝTT 3. vikna hraðnámskeið 4. júlí
NÝTT 6. vikna hraðnámskeið 20. júlí

Skráning á sumarnámskeið er hafin á www.h.is og í síma 586-9400



VR og fleiri stéttarfélag styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Fullkomin þægindi



Bear Chair
garðhúsgögnin
frá Kanada
eru einstaklega
falleg hönnun og þekkt fyrir
þægindi og endingu.

Þau eru unnin úr SEDRUS við sem fúnar ekki og springur ekki og henta því vel fyrir Íslenska veðrattu.



Bæjarlind 6, Kóp. • s. 5347470 • www.feim.is
Opíð virka daga 10-18 og laugardaga 10-15



Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Matfugl grillaður kjúklingur	598	789	598	24
Kjöthúsið 4 hamb./brauði 80gr + 2L kók	595	683	-	13
Ali hunangs grísakötiletur úrb.	1.626	2.168	1.626	25
Borgarnes lambalærisneiðar kryddaðar	1.539	2.198	1.539	30
Borgarnes lambakötiletur kryddaðar	1.521	2.173	1.521	30
Borgarnes grill ostapylsur	769	1.099	769	30
Borgarnes grill svínakötiletur	1.182	1.689	1.182	30
Euro Mix 2,5kg frosið	763	954	305	20
Vínber græn þökkuð 500gr	139	nýtt	278	-
Blómkál og brokkól mix ferskt 1,1kg	298	nýtt	270	-
Gular melónur	119	159	119	25
FK hrásalat 320gr.	98	147	306	33
FK kartöflusalat 320gr.	118	168	369	30
Þeyttur jurtarjóm 250gr.	98	179	392	45

Tilboðin gilda til 1. júlí



Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Kf kofareyktur hangiframpartur m. beini	679	799	679	15
Freschetta pizzur 760 gr	399	599	525	33
Danskar kjúklingabringur 900 gr	1.398	Nýtt	1.398	-
Egils gull léttbjór 500 ml	49	69	98	29
KF villikryddaðar lambakötiletur	1.485	2.429	1.485	39
KF lambalæri í sneiðum	1.079	1.199	1.079	10
KF lambahryggur í sneiðum	1.279	1.399	1.279	9
Túnfiskur 2*125 gr steikur	99	199	396	50
Svínalundur írskar	1.599	Nýtt	1.599	-
NF grillspjót 5*200 gr	1.198	Nýtt	1.198	-
Bónus wc pappír 12 rúllur	198	259	16	24
Bónus xl eldhúsrúllur 3 stk	298	Nýtt	99	-

Tilboðin gilda til 2. júlí



Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Ungnaulahamborgarar 120 gr	149	198	149	25
Nóatúns frampartasneiðar þurrkryddaðar	1.189	1.698	1.189	30
Nóatúns lærisneiðar þurrkryddaðar	1.609	2.298	1.609	30
Sumarpylsa Nóatúns 1 kg.	798	998	798	20
Graf/reyktir laxbitar Eðalfiskur 1 kg.	1.578	2.430	1.578	35
MS Engjabykkni 6 tegundir	77	91	77	15
Myllu skúffukaka m/súkkulaðikremi	199	299	199	33
Merrild kaffi 103	399	479	399	17
Coke/Coke light í dós 10x33 cl	849	949	849	11
Nóa Maltabitur/Hrísbítar	199	265	199	25

Tilboðin gilda til 2. júlí



Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Lambagrillkötiletur þurrkryddaðar	1.738	2.173	1.738	20
Jalapeno pylsur	879	1.099	879	20
Helgargrís með Indverskum hætti	1.439	1.799	1.439	20
Hunts tómatsósa flaska 680gr.	119	139	175	14
Gevalia cappuccino 125gr.	289	319	2.312	9
Mills kaviar 190gr.	199	249	1.047	20
Mills kaviar og osta 170gr.	199	262	1.171	24
Nescafé Gull 200gr.	629	695	3.145	9
Nescafé Gull 100gr.	349	431	3.490	19
Nescafé Café Latte 144gr.	249	288	1.729	14

Tilboðin gilda til 5. júlí



Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Krónu grísahnakkasneiðar kryddaðar	1.319	1.649	1.319	20
Krónu svínakötiletur kryddaðar	1.358	1.698	1.358	20
Krónu 4 grillborgarar m/brauði	299	498	299	40
Krónu pylsur 513 gr.	199	398	388	50
Goða svið soðin 1 kg.	469	670	469	30
Krónusalat rækju/túnfisks 200 gr.	135	225	135	40
Krónubrauð stórt og gróft 770 gr.	99	149	99	34
Pik-Nik kartöflustrá	299	368	299	19
Emmess toppar hnetu/daim 4 stk.	369	390	369	5

Tilboðin gilda til 2. júlí



Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Jói fel marineraðar sv. kótiletur	1.439	1.799	1.439	20
Humar í óskju 1 kg	2.798	3.245	2.798	14
Holta kjúklingalundur í westernkryddl.	1.607	2.295	1.607	30
Myllan skúffukaka m/súkkulaði	199	277	199	28
Nautalundur úr kjötborði	2.998	3.998	2.998	25
Lambafilet m/fitu úr kjötborði	3.098	3.998	3.098	9
Hamborgarar 140gr úr kjötborði	149	199	149	25
Holta kjúklingapylsur 10 stk.	599	855	599	30

Tilboðin gilda til 2. júlí

Vélin sprakk eftir þrjá kílómetra

Bjarki Birgisson er mikill afreksmaður. Sumarið 2005 gekk hann hringinn í kringum landið vegna söfnunarinnar „Haltur leiðir blindan“ og hefur hann nú nýlokið hjólreiðuferð hringinn í kringum landið. Viðförull maður eins og hann hefur gert ýmis góð og slæm kaup á lífsleiðinni en fá þó jafn slæm og bíllinn sem entist honum í þrjá kílómetra.



Bjarki Birgisson

„Bestu kaup sem ég hef gert nýlega er sennilega iPod-spilarinn minn, það er svo gott að nota hann þegar maður er að koma sér af stað á morgnana til þess að fara að hreyfa sig,“ segir Bjarki sem segist hreyfa sig mjög mikið. „Ég var einnig með iPod-spilarann þegar að ég hjólaði hringinn og það var mikill munur.“

Inntur eftir því hver séu hans verstu kaup hugsar Bjarki sig vel um og skellir svo upp úr. „Verstu kaupin mín eru svo sannarlega fyrsti bíllinn minn sem ég keypti

fyrir sex árum. Ég keypti hann af félagamínun og reyndar kostaði hann mig ekki neitt enda var þetta einhver eldgömul Toyota-drusla,“ útskýrir hann. „Ég var ekki búinn að keyra nema um það bil þrjá kílómetra á bílnum þegar vélin í

honom sprakk,“ segir hann hlæjandi en bætir því við að þó svo að bíllinn hafi verið næstum því gefins þá hafi hann þurft að hringja á dráttarbíl og fleira sem fylgir ónýtum bíl, en það hafi kostað hann skildinginn.

Leikföng á góðu verði

Stórtíloboðsdögum í Leikbæ lýkur um helgina

Undanfarna daga hefur verið hægt að gera kjarakaup á svokölluðum stórtíloboðsdögum í Leikbæ. Tilboðin gilda út helgina svo nú fer hver að verða síðastur að ná sér í leikföng á góðu verði.

Pedalpríhjóli sem áður kostaði 4.900 krónur fæst nú á 2.900 krónur og vandaður dúkkuvagn sem

áður kostaði 7.980 krónur fæst nú á 4.900 krónur svo fátt eitt sé nefnt.

Verslanir Leikbæjar eru á Laugavegi, í Mjóddinni, í Faxafeni, Firðinum Hafnarfirði og á Selfossi.



Vikutilboð á Asus-tölvum

Task tölvuverslun lækkar verðið á Asus A6V og W2U í eina viku.

Asus A6V, sem áður kostaði 139.900 krónur, kostar nú 119.900 krónur. Þetta er 15 prósent lækkun. Vélin er með 15.4" SXGA skjá, Intel Pentium M 740 1,73Ghz skjá, ATi Radeon X700 Pro skjákorti 512MB DDR2/ mest 1GB minni auk 60GB - 4200rpm harðdisks.

Asus W2U er með 10 prósent afslætti en um öfluga leikjatölvu er að ræða. Hún kostar nú 209.900 krónur en kostaði áður 229.000 krónur. Vélin er með 17" SXGA (Colorshine LCD / Clare type) skjá, með 1680x1050 upplausn,



Asus W3U kostar nú 209.900 krónur.

Intel Pentium Mobile 770 (2,13 GHz/2MB L2) örgjörva, ATI Radeon X700 128MB Hyper Memory skjákorti, 1GB DDR2 / mest 2GB minni, 100GB 5400rpm hörðum diskum og 8 rása - Intel High Definition 4.1 hljóðkorti. -tg

Útileguvörur á tilboði í Intersport

Intersport býður nú allt sem þarf í útileguna á góðu tilboði. Mikið úrval af tjöldum og svefnpokum frá McKinley er til dæmis á tilboðsverði í verslunum Intersport. Stórt og skemmtilegt þriggja hólfatjald frá McKinley lækkar til dæmis úr 38.990 krónum niður í 32.990 krónur. Annað sex manna McKinley Palace-tjald lækkar úr 30.000 krónum niður í 22 þúsund krónur, þá lækka svefnpokar frá sama framleiðanda mikið í verði.



Vandað McKinley prímusett með tveimur brennurum lækkar einnig úr 19.990 krónum niður í 15.990 krónur.

tilboð }

héðan og þaðan

Cosmo veitir 40 til 70 prósent afslátt á útsölu sinni sem hófst í gær.



Flash á Laugavegi veitir allt að 70 prósent afslátt af útsölvörum.

NC næs connection í Hæðarsmára veitir 30 til 60 prósent afslátt á sumarútsölu sinni.

Barnaföt eru á lagersölu í Súðarvogi 7. Lagersölu-unnir lýkur á sunnudag.



Fúavörn er á tilboði í verslun Litavers á Grensásvegi. Hinar ýmsu fúavarnartegundir eru með allt að 36 prósent afslætti.



Ceres við Nýbýlaveg stendur fyrir blússudögum fram yfir helgi þar sem veittur er 25 prósent afsláttur af öllum blússum og blússujökkum.

Bison í Krínglunni er með 30 til 70 prósent afslátt á útsölu sinni sem hófst í gær.

Toppúsið Mörkinni er farið af stað með útsölu sína og veitir allt að helmingafslátt af vörum sínum.



Örninn veitir 35 prósent afslátt af rafmagnsgolfkerrum frá Mocado.

Útsala Polarn og Pyret hófst í gær.

Trind handsnyrtivörur alltaf no. 1 Nú Nýtt

Nail Antibite til að Hætta að naga neglur.



For Girls Only Aðeins fyrir stelpur



Traveling set ferða sett



Útsalan í fullum gangi

tvölf

Holtasmári 1 • Sími 517 8500 www.tvolf.is

Opið 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum

SVEFNSÓFAR MEÐ HEILSUDÝNU



TILBOÐSDAGAR Í JÚNÍ MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM MEÐ HEILSUDÝNU



**Útsöluforskot
25% afsláttur
af öllum vörum**

ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

Langur laugardagur • Opið 10 - 17



Röndótt í
marimekko

Útsölu horn

marimekko
Laugaveg 56 • Sími 551 7600

**ÚTSALA
30-80%
afsláttur**

RALPH LAUREN
Laugavegi 40 - Sími 561 1690



Staðurinn hefur verið fallega innréttaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Notaleg stemning og lifandi tónar

Q-bar er nýr og spennandi staður í hjarta miðbæjarins.

Skemmtistaðurinn Ari í Ögri er horfinn af sjónarsviðinu og í staðinn hefur verið opnaður nýr og ferskur staður sem kallast Q-bar. „Við opnuðum um miðjan júní og þetta hefur farið mjög vel af stað,“ segir Einar Geir Jónsson sem rekur staðinn ásamt Þórði Ágústssyni. Staðurinn hefur farið í gegnum gagngerar endurbætur og að sögn Einars er mest áhersla lögð á drykkina. „Við erum ekki með eldhús en bjóðum upp á kökur með kaffinu og einfalda smárétti,

til dæmis ýmiss konar nasl til að narta í með bjórnum eða yfir vín-glasinu.“

Á daginn ríkir notaleg kaffihúsastemning á Q-bar en um helgar færist meira fjör í leikinn. „Það hefur verið mjög skemmtileg stemning hérna þessar helgar sem við höfum haft opið. Á fimmtudagskvöldum verða síðan djasskvöld. Þá spila tónlistamennirnir Gunnar Hrafnsson og Björn Thoroddsen og fá með sér ýmsa þjóðþekktu gestasöngvara, þannig

að það er alltaf eitthvað um að vera,“ segir Einar og bætir því við að alltaf séu einhverjar myndlistarsýningar í gangi á staðnum. „Núna erum við með fallega sýningu eftir listamann sem heitir Viðar Þór Guðmundsson og við stefnum að því að vera með ýmsar skemmtilegar sýningar í framtíðinni, með verkum eftir íslenska jafnt sem erlenda listamenn.

Q-bar er opinn alla daga frá klukkan 14 og er til húsa í Ingólfsstræti 3.



Á Q-bar er lögð áhersla á drykki og einfalda smárétti.



Um helgar vikur kaffihúsastemningin fyrir fjörinu og dansinn dunar fram á nótt.

**Handsmíðaða
skartið hennar
Önnu Maríu**



**ANNA
MARÍA**
DESIGN
GULLSMÍÐUR

Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036

Miðborgin vaknar til lífsins

Langur laugardagur er á morgun í miðbæ Reykjavíkur.

Miðborgin hefur þann sið að lifna við á sumrin og iðandi mannlíf fyllir stræti og torg í sumarblíðunni hvort sem sú blíða er blaut eða þurr.

Á löngum laugardegi gefst sérstakt tilefni til að líta við í miðborg Reykjavíkur og blanda geði við mann og annan. Hægt er að líta við í Kolaportinu og fá sér góðan harðfisk, gæða sér á pylsu við Tjörnina, gefa öndunum brauð, tylla sér á kaffihús, sitja þar úti og fá sér á góðar kræsingar og veigar. Ekki er verra að fá sér einn rjómaís og röltu um stræti miðborgarinnar á góðum degi.

Á löngum laugardegi er líka vert að skoða vel í búðargluggana



Miðborg Reykjavíkur er komin í sumarskap og fólk flykkist í bæinn til að sýna sig og sjá aðra.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

enda leynast góð tilboð víða ásamt ýmiss konar uppákomum.



Það verður líf og fjör á Austurvelli á morgun í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans. Fréttablaðið/Páll Bergmann

Afmælishátíð í miðborginni

Landsbanki Íslands heldur upp á 120 ára afmæli sitt á morgun. Afmælishátíðin er fjölskylduhátíð og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Dagskráin er fjölbreytt og hefst hún klukkan tólf.



Nylon-flokkurinn kemur fram á skemmtuninni.

- 12.00 Afmælishátíðin hefst**
Framtíðarskipulag miðborgarinnar ásamt líkani Ólafs Eliassonar verður sýnt á Lækjartorgi. Leiktækjaland og hoppkastalar verða fyrir börnin. Á Austurvelli verður farið í fótboltaleiki með risafótboltum. Götuleikhús verða víðs vegar um hátíðarsvæðið.
- 12.30 Afmælisveitingar** verða í boði fyrir alla. Hægt verður að gæða sér á 120 fermetra afmælisökku í Austurstræti og pylsur verða í boði á Austurvelli.
- 13.00 Dagskrá hefst á Ingólfs-torgi**
Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs, flytur ávarp ásamt Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni, borgarstjóra Reykjavíkur. Kvennakór Reykjavíkur og barnakór syngja afmælisönginn og á

- sama tíma syngja kórar við útibú Landsbankans á landsbyggðinni.
- 13.30 Tónlistarveisla**
Sproti tekur lagið með Felix Bergssyni veislustjóra. Flutt verða brot úr 120 ára dægurlagasögu Íslands. Stórsveit Kjartans Valdemarssonar ásamt mörgum af ástsælustu söngvurum þjóðarinnar. Nylon-flokkurinn kemur heim frá Bretlandi og flytur sín þekktustu lög.
- 15.00 Listamenn og leikmenn í Landsbankadeildinni** sparka fótboltum til áhorfenda.
- 15.15 Lúðrasveitin Svanur** flytur lög ásamt þýskri lúðrahljóm-sveit.
- 17.00 Dagskrárlök**

Langur laugar-dagur



Opnunartími

Á löngum laugardegi eru verslanir í miðborginni opnar lengur en aðra laugardaga. Á morgun má búast við að flestar búðir séu opnar til 17 og sumar jafnvel lengur. Bókabúðirnar eru opnar fram á kvöld og eins má búast við lífi og fjöri á kaffihúsum og börum. Veðurspáin fyrir helgina hljómar ágætlega og búast má við því að sólin láti jafnvel sjá sig í miðbænum.

allt

ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

ÚTSALAN ER HAFIN

Glæsilegt sumarhús í landi Munaðarness við Jötnagarða 28. Húsið er um 65 fm byggt á steypum sökkli og með steyptri gólfplötu. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, snyrting með sturtuklefa, eldhús með mjög góðri innréttingu og tækjum frá Ormsson og rúmgóð stofa. Veggir eru klæddir með furupanel. Heitur pottur. Einnig er 12 fm gestahús eða geymsla með steypum kjallara sem nýtist sem geymsla. Hitaveita er komin að húshlið og lagnir inn í húsin og er sérstæður lagnaskápur fyrir hitveituna staðsettur utandyra. Nú er húsið hitað upp með rafmagni og eru tveir hitakútar fyrir heitt vatn. Mikið útsýni. Húsið er um 1 km. fyrir norðan veitingarstaðinn Bauluna, 1. afleggjari til vinstri.

Kristján í síma 892-1460 veitir nánari upplýsingar.



Vatnaveröld

Verð: 15.000.000

Reykjanesbæ
 Gæluðyraverslun

Verzlunin Vatnaveröld sem er gæluðyrabúð staðsett við helstu verslunargötuna í Keflavík. Verzlunin er í leiguhúsnæði sem er hæð og kjallari sem getur nýst sem lager og er með mjög sangjama leigu og leigusamning til 3 ára. Fullbúin sóttví fyrir fiska fylgir. Vörukaup fara fram að hluta til innanlands og einnig flytjur búðin inn töluvert sjálf. Allar innréttingar eru í eigu verslunarinnar. Gott tækifæri fyrir einstakling eða samhenta fjölskyldu að vera í eigin rekstri.

Jónas Örn
 Jónasson hdl.
 lögg. fasteignasali
 520 9550

Ingi Már
 Sölufulltrúi
 821 4644
 ingim@remax.is

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI**
550 5000

allt hús

Alla mánudaga

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Það er gott að búa á austurlandi

Melgerði 13, Reyðarfjörður.

TIL SÖLU



2. og 3. herbergja íbúðir, til afhendingar í haust

Vandaðar íbúðir fyrir heldri borgara. Íbúðirnar eru hannaðar að þörfum eldri borgara og hreyfihamlaðra með góðu aðgengi í huga.

Sveitarfélagið leggur til stórglæsilega þjónustumiðstöð fyrir félagsstarf aldraða á 2. hæð hússins.

Íbúðirnar verða afhentar kaupendum í nóvember 2006.

2 herb. verð frá KR. 12.250.000*

3 herb. verð frá KR. 16.200.000*

NÚ ER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR, ÖRFÁAR ÍBÚÐIR EFTIR

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa
 FASTEIGNAFÉLAG
 AUSTURLANDS
 567 3400

HÖH
 Tökn um traust
 475 8000



Nánari upplýsingar á netinu: www.nmedia.is/ffa

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934



Baugholt 13

230 Keflavík

Hringdu núna og bókaðu skoðun.

Verð: Tilboð

Stærð: 399 fm
 Fjöldi herbergja: 10
 Byggingarár: 1975
 Brunabótamat: 47.8 M
 Bílskúr: já

Þetta hús er í algjörum sérflokk, húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni og garður af Stanislaw Bohic. Mögulegt er að breyta húsinu í tvær íbúðir. Á efri hæð er forstofa með glæsilegum útskornum skápum, frá forstofu er gengið inn í bílskúr með sjálfvirkum hurðaopnara. Eldhús er með sérsmíðaðri innréttingu úr handskorinni eik eins og allar innréttingar á efri hæð hússins, eyju, og tvöföldum ísskáp. Samliggjandi stofur með arni og útgengt í glæsilegan garðinn. Svefnherbergisgangur með glæsilegu stóru baðherbergi sem hefur bað og sturtuástöðu gerða úr náttúrustein og eikarinnréttingu, hjónaherbergið er stórt með samliggjandi stóru fataherbergi og er gengið þaðan út á suðursvalir, 2 barnaherbergi, bæði með sérsmíðuðum skápum. Neðri hæðin öll er ný parketlögð og allar hurðar sérsmíðaðar og settar í 2005. Hæðin skiptist í 4-5 herbergi, þ.e. barnaleikherbergi, skrifstofu, svefnherbergi, íþróttastöðu og tómstundaherbergi. Verðind er í kringum allt húsið stimpluð árið 2005 eins og náttúrugrjót, trjárúnnar eru upplýstir í kringum sundlaug sem er ný máluð og með splunkunýjum dælum og tölvustýrðri hitastýringu.



RE/MAX
MJÓDD

Jónas Örn
 Jónasson hdl.
 lögg. fasteignasali
 520 9550



Ásdís Ósk
 Sölufulltrúi
 863 0402
 asdis@remax.is



Hafdís
 Sölufulltrúi
 895 6107
 hafdis@remax.is





Þetta gæti tekið tíma



Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25-49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

Yfirlæknir hrakinn á brott

UMRÆÐAN
GEÐSPÍTALAR



KARL V. MATTHÍASSON
PRESTUR OG FYRRVERANDI ALPINGIS-
MAÐUR

Að undanfögnu hefur mikið verið rætt um stöðu fólks sem veikt er á geði hér á landi. Ekki verður annað skilið og séð en að hún megi stórbatna. Griðarlegur niðurskurður hefur verið til geðdeildar Landspítalans og rúmum hefur fækkað til dæmis þegar geðdeild Borgarsjúkrahúsins var slegin af.

Einnig berast okkur fréttir af

margra mánaða bið þeirra barna sem sótt er um fyrir til barnageðdeildarinnar. Engin sjálfstæð öldrunargeðdeild er heldur starfandi hér í landinu, en við verðum að fara að koma henni á laggirnar hið fyrsta, vegna sívaxandi fjölda aldraðra.

Og enn berast okkur nýjar fréttir úr þessum geira heilbrigðiskerfisins. Tómas Zoëga yfirlæknir er hrakinn frá geðdeildinni. Getur þessi frábæri læknir fengið sambærilega vinnu annars staðar, þar sem fjöldi sjúklinga fær notið hæfileika hans og kærleika? Landspítalinn braut lög gegn Tómasi samkvæmt dómi Hæstaréttar og neitar svo að hlíta dómmum. Það liggur í augum uppi að það er áfall fyrir orðstír sjúkra-

Og enn berast okkur nýjar fréttir úr þessum geira heilbrigðiskerfisins. Tómas Zoëga yfirlæknir er hrakinn frá geðdeildinni. Getur þessi frábæri læknir fengið sambærilega vinnu annars staðar, þar sem fjöldi sjúklinga fær notið hæfileika hans og kærleika?

hússins að vísa Tómasi Zoëga á dyr með þeim hætti sem gert hefur verið og það er líka áfall fyrir marga sjúklinga.

Á starfsvettvangi mínum hafa leiðir okkar Tómasar stundum

legið saman og er það ljóst í mínum huga að hann reynist sjúklingum sínum mjög vel, því hann er maður sem auðvelt er að tala við um erfið og flókin mál. Er Landspítalinn svo ríkur að hann hefur efni á að henda slíkum manni fyrir borð? Og í framhaldi af því vakna hjá mér spurningar eins og þessar: Erum við á algerum villigötum í spítalapolítík okkar? Ættu kannski að vera til tvö geðsjúkrahús hér á landi? Eða jafnvel tvö stór sjúkrahús? Og þá í nokkurri fjarlægð hvort frá öðru?

Hér eru ýmsir möguleikar. Hægt væri að skipta Landspítalabákninu í tvennt, eða jafnvel að stækka og efla spítala í nágrenni Reykjavíkur, t. d. á Akranesi. Það myndi skapa eðlilega samkeppni.

Er ekki nóg komið af einokunarfurðum frjálshyggjunnar? Trúa stjórnarflokkarnir ekki lengur á það sem kallað hefur verið samkeppni? Hvers eiga sjálfstæðir menn að gjalda? Komum vel fram hvert við annað.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



Úr sér gengið

Íbúðalánasjóður ríkisins er ekki af baki dottinn þótt ríkisstjórnin hafi ákveðið að þrengja útlánareglur hans örlítið. Daginn sem ríkisstjórnin kynnti þessa ákvörðun sína fór íbúðalánasjóður af stað með blaðaauglýsingar þar sem hann auglýsti eftir fólki sem finnst vera „kominn tími á nýja eldhúsinnréttingu“, „þykir gólfefnin vera út sér gengin“ eða vill gera aðrar breytingar á húsum sínum. Íbúðalánasjóður lánar en þó ekki minna en 570 þúsund krónur. Það er algert lágmark að mati sjóðsins þegar út sér gengnu gólfefnum er skipt út.

Vefþjóðviljinn á andriki.is

Veisla á Víkingnum

Maður fær einhverveginn ekki mikið út úr þessu langa viðtali Morgunblaðsins undanfarna daga við hinn fræga Jón Gerald Sullenberger - annað en það að þetta hafi verið mikil veisla þarna um borð í Víkingi þegar kallað var á fylgdarþjónustuna. Viðbúið að ýmsir eiginmenn úr Vífellshátíðinni séu nokkuð niðurlátir við þær (ekki alveg glænýju) fréttir - en satt að segja virðast þessi fylgdarþjónustuviðskipti vera eini almennilegi glæpurinn sem hefur sannast á Jón Ásgeir og félagi í heil fjögur ár. Við biðum auðvitað leikloka - málið er jú fyrir dómstólum.

Mörður Árnason á mordur.is

Allt okkur að þakka

Íslendingar mega vera stoltir af því að haga málum með þeim hætti að hér á landi beri fólk ekki skarðan hlut frá borði á grundvelli kynhneigðar sinnar. Ég hafði mikla ánægju af því að eiga samstarf við Samtökin 78 sem aðstoðarmaður forsætisráðherra í upphafi þessa máls og vinna að þeirri niðurstöðu sem tekur gildi að lögum í dag. Ég tel að þáverandi forsætisráðherra hafi sýnt mikla framsýni og réttsýni með frumkvæði sínu í þessu máli og tel að það sé íslenskum stjórnárum góður vitnisburður, hve mikil og almenn samstaða var um þetta mál í öllum flokkum, eins og glögglega kom fram í þinglegri meðferð málsins.

Björn Ingi Hrafnsson á bjorningi.is

Hvernig gat þetta gerst?

Fjárdrátturinn í Tryggingastofnun er stórfurðulegt mál. Hvernig gat þetta gerst? Þarna er um að ræða stofnun sem vakir yfir hverjum eyri sem bótaþegar landsins fá og fyrirskipar endurgreiðslur upp á krónur og aura ef svo ber undir. Menn héldu að þarna væri aldeilis passað upp á peningana. En svo virðist einhver réttur og sléttur þjónustufulltrúi geta ávísað út að geðþotta tugum milljóna til vina og vandamanna og enginn tekur eftir því frekar en á Símanum forðum! Hvar hefur Ríkisendurskoðun verið eina ferðina enn?

Orðið á götunni á ordid.blog.is

Vont hjónaband

Ég vona að sá samhljómur sem heyra mátti á Alþingi 2. júní verði til þess að veita kirkjunnar þjónum innblástur og að fram fari málefnaleg umræða og skoðanaskipti um málið [hjónavígslur samkynhneigðra]. Það er ekki við góðu að búast þegar menn kalla hver úr sínu horni, eins og verið hefur, án þess að setjast að sama borði til að ræða sameiginleg mál. Slíkt er eins og vont hjónaband þar sem fólk talar ekki saman nema í gegnum þriðja aðila og neitar að hlusta á og taka tillit til hins aðilans.

Helga Sigrún Harðardóttir á timinn.is



Einstakt tilboð! Pacific EZ Trommuset 29.900,-

með statífum og diskum

nánar www.hljodfaerahusid.is



Takmarkað
magn!

Framleitt af **dw**
The Drummer's Choice

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340

DV

Um helgina



RÍKASTA FJÖLSKYLDA ÍSLANDS

Kaupir draumahús í miðborginni

Sirkus og DV Sport eru fylgirit DV. Hér & nú fylgir einnig frítt til áskrifenda.

Skrytín skilaboð frá Íran

UMRÆÐAN
MANNRETTINDI Í
ÍRAN



HADI GHAEMI

Lögmenn fjölskyldu Kazemi segja að áverkar bendi til þess að hún hafi verið pynduð og að Mortazavi hafi verið viðstaddur yfirheyrslur þegar henni var veitt þungt högg á höfuðið. Nokkrum dögum seinna féll hún í dá og lést í kjölfarið.

Írönskum almenningi var komið í opna skjöldu í síðustu viku þegar stjórnvöld ákváðu að gera Saeed Mortazavi ríkissaksóknara út af örkinni og mæta ásamt sendinefnd á fund Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í Genf. Landsmenn vissu ekki hvort þeir áttu að hlæja eða gráta því Mortazavi er alræmdur fyrir að brjóta á rétti almennings. Mannréttindavaktin hefur krafist þess að Mortazavi verði vikið úr sendinefndinni og að sendinefndir annarra landa ræði ekki við Írana fyrr en það hafi verið gert.

Íllt orð fer af Mortazavi í heimalandi sínu og hann er álitinn holdgervingur alls þess sem er að réttarkerfi landsins; ábyrgðarleysi, óhöfleg friðhelgi embættismanna, skeytingarleysi gagnvart stjórnarskrárbundnum grundvallarréttindum, lagaleg misbeiting í pólitísku skyni, kerfisbundnar pyndingar, og síðast en ekki síst refsiaðgerðir til að kveða niður friðsamleg mótmæli og gagnrýni á stefnu yfirvalda.

Mortazavi er uppnefndur „fjölmíðlaskrárin“. Árið 2000, þegar hann var dómari, lét hann leggja niður á annan tug dagblaða með vísan í lög frá 6. áratugnum til að „tryggja öryggi borgaranna“. Lög in voru upphaflega sett til að vernda almenning fyrir glæpangengjum. Síðan þá hefur Mortazavi látið leggja niður rúmlega hundrað dagblöð og aðra fjölmíðla.

Hann var skipaður ríkissaksóknari árið 2003. Sem slíkur hefur hann ofsótt þá sem láta sig mannréttindi varða og sótt hundr-

uð blaðamanna, andófsmanna, stúdenta og róttæklinga til saka. Þá hefur hann beinlínis verið bendlaður við pyndingar, ólög-mæta frelsisviptingu og að knýja fram falskar játningar. Sumarið 2003 létu yfirvöld í Íran handtaka kanadísk-írnskan fréttaljós-myndara að nafni Zahra Kasemi, sem hafði tekið myndir af Evinfangelsinu í Teheran. Írnska þingið lét rannsaka handtökuna og leiddi sú rannsókn í ljós að Mortazavi hafði sjálfur haft Kasemi í haldi og sakað hana um njósnir. Lögmenn fjölskyldu Kazemi segja að áverkar bendi til þess að hún hafi verið pynduð og að Mortazavi hafi verið viðstaddur yfirheyrslur þegar henni var veitt þungt högg á höfuðið. Nokkrum dögum seinna féll hún í dá og lést í kjölfarið. Enginn hefur verið dreginn til ábyrgðar fyrir dauða hennar.

Þá hefur Mannréttindavaktin vakið athygli á því að árið 2004 fyrirskipaði Mortazavi handahófskenndar handtök á rúmlega 20 bloggum og blaðamönnum á vefmiðlum. Þeir voru fluttir í leynifangelsi og settir í einangrun. Þeir voru pyndaðir og neyddir til að benda starfsbræður sína við ósiðleg ahæfi og játa að þeir stunduðu njósnir fyrir útlendinga. Til að vera sleppt þurftu fjórir þeirra að skrifa undir falskar játningar. Bloggararnir sögðu síðar að Mortazavi hafi sjálfur hótad fjölskyldum þeirra til að neyða þá til að koma fram í ríkissjónvarpinu og lýsa yfir að þeim hafi liðið eins og „blómi í eggi“ í fangelsinu. Einn af

föngunum fyrrverandi segir að rödd Mortazavi gylmi enn í höfði sér og hann óttist um börnin sín.

Hvað voru írönsk stjórnvöld að hugsa? Kannski eru þau móðguð yfir að hafa ekki náð kjöri í Mannréttindaráðið. Kannski er þetta aðferð stjórnvalda til að hræða þegna sína með því að sýna hversu lítils þeir virða mannréttindi og komast upp með það. Ef Mortazavi væri vikið úr embætti og hann sóttur til saka - eins og ætti að gera - yrði auðvelt að finna fólk til að bera vitni gegn honum. Það er hins vegar ólíklegt og almenningur í Íran vonar því að í stað þess að ræða við Mortazavi sem fullgildan erindreka, komi Mannréttindaráðið alþjóðlegri stofnun á fót sem sækir menn eins og hann til saka. Fyrsta skrefið í þá átt væri að skipa sérstakan eftirlitsmann Sameinuðu þjóðanna í Íran. Hann myndi fylgjast með og tilkynna mannréttindabrot og sjá til þess að ábyrgðarleysi stjórnvalda breiði ekki úr sér á öllum stigum samfélagsins.

Enn fremur þarf öryggisráðið og Þýskaland, sem eiga í viðræðum við Íran vegna kjarnorkumála, að setja mannréttindi á dagskrána. Þessir aðilar ættu að krefjast þess að írönsk stjórnvöld taki sig á í mannréttindamálum og haldi ekki verndarhendi yfir brotamönnum á borð við Mortazavi.

Höfundur er starfsmaður Mannréttindavaktarinnar í Íran. Greinin birtist áður í The New York Times.



SAEED MORTAZAVE Síðan hann tók við völdum hefur hann sótt hundruð þeirra sem láta sig mannréttindi varða til saka. NORDICPHOTOS/AFP

Leiðréttta verður hið rangláta kvótakerfi

UMRÆÐAN
KVÓTAKERFIÐ



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Úthlutun á ókeypis aflaheimildum til örfárra útvalinna gæðinga er eitthvert mesta ranglæti sem átt hefur sér stað. Þeir, sem fengu friar aflaheimildir hafa getað braskað með þær og þeir hafa margir hverjir óspart gert það. Sumir bleyta aldrei færi, leigja bara aflaheimildirnar út og hafa gott upp úr því. Aðrir hafa selt frá sér alla kvótana og hætt veiðum. Dæmi eru um að menn hafi fengið marga milljarða fyrir kvóta, sem þeir hafa selt. Þeir hafa sumir hverjir selt kvóta, sem þeir fengu fría, selt heimildir, sem þeir í raun áttu ekki, þar eð þjóðin á fiskinn í sjónum. Fiskurinn er sameiginleg auðlind þjóðarinnar.

Nauðsynlegt er að breyta þessu fyrirkomulagi. Það verður að afhenda þjóðinni veiðiheimildirnar á ný. Og síðan verða allir sem fá veiðiheimildir að greiða fyrir afnot þeirra.

Öbreytt stefna Samfylkingar

Samfylkingin samþykkti svohljóðandi á landsfundi 2003: „Samfylkingin stefnir að því að endurheimta sameiginlega auðlind þjóðarinnar, fiskinn í sjónum, með markvissri innköllun og endurúthlutun veiðiheimilda þar sem opn- aður er aðgangur að veiðiréttinum með jafnræði og réttlæti að leiðarljósi. Þessi leið færir komandi kynslóðum aftur réttinn til arðs og

Dæmi eru um að menn hafi fengið marga milljarða fyrir kvóta, sem þeir hafa selt.

Þeir hafa sumir hverjir selt kvóta, sem þeir fengu fría, selt heimildir, sem þeir í raun áttu ekki, þar eð þjóðin á fiskinn í sjónum. Fiskurinn er sameiginleg auðlind þjóðarinnar.

aðgangs að sameiginlegri auðlind, tryggir nýliðun í útgerð og færir íbúum sjávarbyggðanna á ný réttinn til að nýta þá auðlind sem skóp þær.“

Þessari stefnu hefur ekki verið breytt. Hún er enn í fullu gildi.

Aðaltilgangur kvótakerfisins var að vernda þorsstofninn. En


það hefur mistekist. Ástand þorsstofnsins er verra í dag en áður en kerfið var sett.

Framsókn höfundur kerfisins

Það var Framsóknarflokkurinn sem setti kvótakerfið á og á því höfundarrétt að því. Að vísu var vitað, að LÍU lagði tillögurnar um kvótakerfið fyrir sjávarútvegsráðherra Framsóknar. LÍU og Framsókn bera ábyrgð á þessu kerfi, sem skapað hefur mestu tekjutilfærslur allra tíma í þjóðfélaginu. Þessu kerfi verður að breyta.

Það stendur í lögunum um stjórn fiskveiða, að fiskurinn í sjónum sé sameign þjóðarinnar. Eða eins og stendur orðrétt í 1. grein laganna: „Nytjastofn- ar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Eignarrétturinn nýtur friðhelgi stjórnarskrárinnar. Hvernig er þá unnt að selja eign þjóðarinnar sem nýtur friðhelgi stjórnarskrárinnar. Er það ekki stjórnarskrárbrót? Það þyrfti að láta reyna á þetta ákvæði fyrir dómstólum. Ég tel, að það sé óheimilt að selja kvótana. Það er kominn tími til, að tekið sé í taumana, braskið með kvótana sé stöðvað og þjóðin endurheimti sameiginlega auðlind sína, fiskinn í sjónum.

STELPUDEILDIN ER Á STÖÐ 2!



ÞÚ NÆRÐ Í FLESTAR STELPURNAR Á STÖÐ 2

Heildarhorf í mínútum allar konur á aldrinum 12-39 ára.*

ÞETTA ER ÁSTÆÐAN:

10 VINSÆLUSTU STELPURÞÆTTIRNIR HJÁ ÁSKRIFENDUM STÖÐVAR 2



1. ⚡ Grey's Anatomy
2. ⚡ Stelpurnar
3. ⚡ Prison Break
4. ⚡ Strong Medicine
5. ⚡ Medium
6. ⚡ Neighbours
7. ⚡ Oprah Winfrey
8. ⚡ Twenty Four
9. ☀ Aðþrengdar eiginkonur
10. ① America's Next Top Model

Konur 12-39 ára í áskrift að Stöð 2.*

AUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

*Skv. áhorfskönnun Gallup dagana 28. maí til 3. júní.

GOTT FÓLK McCANN

MIKE TYSON, FÆDDIST PENNAN DAG ÁRIÐ 1966

„Mig langar að rífa úr honum hjartað og láta hann borða það. Mig langar að drepa fólk. Mig langar að rífa úr þeim magana og éta börnin þeirra.“

Boxarinn lítríki og bitglaði lét þessi orð falla um mótherja sinn Lennox Lewis. Tyson hefur átt skrautlegan feril og meðal annars setið í fangelsi.



PETTA GERÐIST: 30. JÚNÍ 1934

Morðin á Nótt hinna löngu hnífa

Að kvöldi þessa dags árið 1934 hófust skipulögð morð á pólitískum andstæðingum Adolfs Hitlers innan stormsveitanna, en þessi aðgerð varð kölluð Nótt hinna löngu hnífa. Stormsveitirnar voru hersveitir Nasistaflokksins í Þýskalandi, sem hjálpuðu Hitler og nasistunum að komast til valda á þriðja áratugnum, sem lauk með krýningu Hitlers sem kanslara árið 1933.

Aðgerðirnar beindust meðal annars gegn Ernst Röhm, leiðtoga Stormsveitanna, en vald hans hafði lengi verið þyrnir í



augum valdamikilla manna eins og Heinrichs Himmler og Hermanns Göring. Einnig hafði samkynhneigð hans misboðið mörgum háttsettum nasistum og þó Hitler hafi alltaf líkað við hann, þá neyddist hann til að fyrirskipa handtöku hans og morð.

Morðin áttu sér stað yfir helgi, en myrtir voru þeir leiðtoga stormsveitanna sem hölluðust meira að sósíalísma en þjóðernishyggju og voru því taldir ógn við kanslarann. Talið er að um 77 hafi verið myrtir, en sumir segja töluna hærrí.

MERKISATBURÐIR

- 1908** Gífurleg sprenging, líklega vegna áreksturs halastjörnu-brots við jörðina, fletur út 2000 ferkílómetra svæði við Tunguska í Síberíu.
- 1960** Zaire, sem áður hét Belgíska Kongó, en heitir nú Lýðræðislega lýðveldið Kongó, lýsir yfir sjálfstæði sínu frá Belgíu.
- 1971** Kosningaaldur í Bandaríkjunum lækkaður í 18 ár.
- 1971** Áhöfnin á sovéska geimskipinu Soyuz 11 ferst vegna súrefnisskorts.
- 2002** Brasilía vinnur Þýskaland 2-0 í Japan og vinnur með því fimmta heimsmeistaratítillinn í knattspyrnu.
- 2005** Spánn lögleiðir giftingu tveggja aðila af sama kyni.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Agnar Guðmann Guðmundsson
múrarmeistari, Haðalandi 15, Reykjavík,

lést á Landsspítalanum við Hringbraut aðfaranótt miðvikudagsins 28. júní. Útförin verður auglýst síðar.

Guðrún Valdimarsdóttir

Edda Agnarsdóttir

Svanhildur Agnarsdóttir

Agnar Rúinar Agnarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Benóný Eiríksson

Hafliði Sigtryggur Magnússon

Guðlaug Sigurðardóttir

SIGURBJÖRN EINARSSON BISKUP 95 ÁRA

Gefur út bók

Herra Sigurbjörn Einarsson biskup er 95 ára í dag, en hann gaf út bók í vikunni. Í bókinni, Meðan þín náð - ræður á helgum og hátíðum, er safnað saman prédikunum og ræðum biskupsins, úr safnrítum sem eru löngu orðin ófáanleg: Um ársins hring, sem kom út 1964, Meðan þín náð, frá árinu 1956 og Helgar og hátíðir frá 1976.

Sigurbjörn hefur lengi verið talinn einn áhrifamesti maður kristinnar trúar á Íslandi á seinni tímum. Enn á tíræðsaldri þykir hann með mælskari mönnum og boðskap hans ættu allir að geta tengt sig við.

Útgefendur bókarinnar segja hana gersemi öllum þeim sem unna kirkju, kristni og íslenskri tungu til að lesa til

uppbyggingar, lærdóms og íhugunar. Sr. Hreinn Hjartarson, formaður stjórnar Skálholtsútgáfunnar, sagði í tilefni útgáfunnar að leitun væri að manni sem hefði boðað kristni á Íslandi með jafn áhrifaríkum hætti og Sigurbjörn Einarsson biskup. Sjálfur sló Sigurbjörn á létta strengi eins og honum einum er lagið, vísaði í gamlan ritdóm um bók með hugvekjum presta sem gagnrýnandi sagði að væri góð til kvöldlestrar, því hún gæti svæft hvern sem væri. Höfundurinn sagðist vona



SÉRA HREINN HJARTARSON OG HERRA SIGURBJÖRN EINARSSON Sigurbjörn heldur á nýtkominni bók sinni á útgáfudegi hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að bókinn sín hefði bæði góð áhrif á svefnfarir manna og vökuverk.

Skálholtsútgáfan, útgáfufélag Þjóðkirkjunnar hefur umsjón með útgáfunni, en textinn er allur endurskoðaður af Sigurbirni. Útgáfan var að hluta kostuð af vinum höfundar.

Herra Sigurbjörn verður að heiman í dag.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Þórarinsdóttir

sjúkrapjálfi, Hraunvangi 1, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum 24. júní síðastliðinn. Útför hennar verður frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 3. júlí kl.13.00.

Þórarinn Stefánsson

Guðni Stefánsson

Tryggvi B. Stefánsson

Valgerður Stefánsdóttir

Ástríður Stefánsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Ragnheiður Karlsdóttir

Ewa Sunneborn

Unnur Sigursveinsdóttir

Sigurður G. Valgeirsson

Jón Á. Kalmansson



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

Sigrún Óskarsdóttir

er látin. Hún verður jarðsungen frá Grafarvogskirkju mánudaginn 3. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

Ágúst I. Sigurðsson

Óskar I. Ágústsson

Arndís Ágústsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Valdimar Óskarsson

Sigurður Bragason



Elskulegur sonur minn, bróðir, mágur og frændi,

Valdimar Guðmundur Jakobsson

Álfaborgum 27, Reykjavík,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi þriðjudaginn 27. júní sl. Jarðarförin verður auglýst síðar. Fyrir hönd aðstandenda.

Jakob Valdimarsson

Sigurlaug Jakobsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Páls Hannessonar

Akri, Grindavík.

Þórdís Ásmundsdóttir

Bragi Pálsson

Páll Hlífur Bragason

Þórdís Jóna Bragadóttir

Reynir Bragi Bragason

Hafdis Dögg Bragadóttir

og barnabarnabörn.

Hafdis Sigríður Jónsdóttir

Elisabet Kjartansdóttir

Kristinn Þór Erlendsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Jónsdóttir

Stigahlíð 6, svo Viðarási 27,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 23. júní sl.

Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 30. júní kl. 11.00.

Halldór Jón Júlíusson

Guðbjörg Fjóra Halldórsdóttir

Snæþór Sigurbjörn Halldórsson

Lína Dögg Halldórsdóttir

Hermann Hinriksson

Laufey Vilmundsdóttir

Agnar Kristinn Hermannsson

Hinrik Nikulás Hermannsson

Alda Guðrún Hermannsdóttir

og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, bróður, og afa,

Guðjóns Björns Ásmundssonar

Hrseyjargötu 6, 600 Akureyri.

Guð blessi ykkur öll.

Ólöf Tryggvadóttir

Guðlaug Ósk Guðjónsdóttir

Guðmundur Karl Guðjónsson

Ásmundur Jónas Guðjónsson

Valborg Inga Guðjónsdóttir

Tryggvi Stefán Guðjónsson

Erla Hrönn Ásmundsdóttir

og afabörn.

Birgir Gunnarsson

Sigrún Guðmundsdóttir

Helga María Stefánsdóttir

Guðjón Páll Jóhannsson

Auður Birgisdóttir

AFMÆLI



Þórey Edda Elisdóttir
stangarstökvari
er 29 ára.



Óskar Jónsson er 43 ára.

Birgir Guðmundsson
er 50 ára.



Afmæli

60 ára er í dag

Hersir Oddsson,

rafmagnstækniþráðingur Strýtuseli 22, R. Hann er á afmælisdaginn í faðmi nánustu fjölskyldu á Krít, en mun ásamt eiginkonu sinni Guðrún H. Ólafsdóttur taka á móti vinum og ættingjum í félagsheimili Orkuveitu R. í Elliðaárdal nk. fimmtudag 6. júlí kl. 17.00 til 19.30.

SETTU ÞAÐ SAMAN



HORIZON/3000



SOFT HVID/KF



DEKOR RAMME HVID EG/2000



CLASSIK HVID/KL



DEKOR HVID BØG/0600



DEKOR KASTANIE/800



SOFT LUD/KH

**FALLEGT,
VANDAÐ,
ÓDÝRT,
TIL Á LAGER
– NÚNA.**

AEG

HEIMILISTEKI Á
TILBOÐSVERÐI
ÞEGAR KEYPTAR ERU
„SETTU ÞAÐ SAMAN“
INNRETTINGAR



ORMSSON

Boot cAMP



Við hlaupum Blátt áfram...

... alla leið frá Hellu til Reykjavíkur

Boot Camp þjálfararnir Arnaldur Birgir Konráðsson, Evert Víglundsson og Róbert Traustason ætla að leggja af stað frá Hellu á miðnætti aðfaranótt laugardagsins 8. júlí og hlaupa til Reykjavíkur.

Hver og einn þeirra mun hlaupa tvö og hálf maraþon!

Hvað getur þú gert til að styrkja Blátt áfram?

• Þú getur hringt í 907 2000

þá dragast 1.000 kr. af símreikningnum þínum

• Þú getur keypt bol*

og fylgt Boot Camp þjálfurunum síðasta spölinn - frá hlaupastöð 1 eða 2

• Þitt fyrirtæki getur heitið á Boot Camp þjálfarana

Hringdu í 533 2929 og styrktu Blátt áfram

*Þú getur keypt Blátt áfram bolina á næstu Esso stöð, á www.blattafram.is eða við hlaupastöðvarnar þann 8. júlí.



Laugardagurinn 8. júlí

Hlaupastöð 1

10.00 Litla Kaffistofan - Hafnarbakkinn = 26,3km

Hlaupastöð 2

12.00 Húsgagnahöllin - Hafnarbakkinn = 7,6km

Leiðin sem farin verður: Ártúnsbrekka, Grensásvegur, Suðurlandsbraut, Laugavegur niður að höfn.

Frjálst er að koma inn í hlaupaleiðina á hvaða stað sem er.

14.00 Reykjavíkurhöfn - Skemmtun

Vertu með!



Lítið skref fyrir þig, stórt skref fyrir börnin
Stígðu skrefið laugardaginn 8. júlí

BLÁTT ÁFRAM!

STUÐ MILLI STRÍÐA Ást og friður

EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR GÆTI VEL HUGSAÐ SÉR AÐ VERA Á HRÓARSKELDU



Hróarskelduhátíðin er hafin og ég verð að viðurkenna að ég hefði ekkert á móti því að vera á henni núna. Ég hef bara einu sinni farið á hátíðina en mig hefur langað að fara aftur á nánast hverju ári síðan.

Þegar ég fór á Hróarskeldu var ég ekki mjög gömul, en bjó samt að áralangri reynslu af íslenskum útihátíðum. Ég vissi nákvæmlega hvað þyrfti að taka með og hvaða hættur ætti að varast. Ég var því öllu viðbúin nema kannski því sem

tók á móti mér þegar ég mætti á svæðið.

Þrátt fyrir gríðarlegan mannfjölda voru nefnilega allir frekar rólegir og afslappaðir. Ekkert ból-aði á tryllingnum sem ég átti að venjast af hátíðunum hér á Íslandi. Engir voru að rífast, engir voru að slást og engir voru á harðahlaupum að reyna að finna einhvern til að hafa með sér heim í tjald. Hugtökin ást og friður urðu nánast áþreifanleg og hjálpsami allra var endalaus.

Auðvitað geta alltaf komið upp einhver leiðindamál á svona hátíðum, en hlutfallslega hafa þau verið alltof mörg á þessum íslensku. Eftir að hafa farið á Hróarskeldu sá ég að fjöldi fólks getur auðveld-

lega safnast saman á útihátíð án þess að allt verði vitlaust eins og raunin hefur alltof oft orðið hérna hjá okkur.

Þó að ég hafi upphaflega haldið að það væri ágætt að fara á nokkrar íslenskar útihátíðir til þess að undirbúa sig fyrir svona stóra hátíð eins og Hróarskelduhátíðina, var ég fljót að skipta um skoðun og komst að þeirri niðurstöðu að sennilega væri betra að snúa þessu við. Núna held ég að það væri ekkert svo vitlaust að Íslendingar á útihátíðaaldri byrjuðu á því að fara að minnsta kosti einu sinni á Hróarskeldu, svo þeir læri hvernig á að haga sér á svona samkomu, áður en þeir fara á útihátíð hérna heima.

myndasögur

■ Pondus



■ Gelgjan



■ Handan við hornið



■ Kjölturakkar



■ Barnalán





Villandi framsetning - er það **kjarni málsins?**

Gættu þess vel hvað er á bak við tölurnar í auglýsingum Morgunblaðsins



Auglýsing í Morgunblaðinu 21. júní 2006.

Morgunblaðið hefur á síðustu dögum birt auglýsingu með afar villandi skilaboðum. Þar er lagður saman **uppsafnaður lestur Morgunblaðsins** og **heimsóknir á mbl.is** sem eru, eins og allir vita, gjörólíkir miðlar. Þessi **framsetning er villandi** fyrir auglýsendur og í raun eins og að **bera saman epli og appelsínur**. Til að eiga möguleika á að ná til umrædds hóps þarf ekki aðeins að auglýsa hvern einasta dag í heila viku í Morgunblaðinu heldur líka að ná til hvers einasta gests sem lítur inn á mbl.is.

Samkvæmt nýjustu könnun Gallup **lesa 40% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið en Morgunblaðið**. Með einni birtingu í Fréttablaðinu getur auglýsingin þín náð til **68,3% þjóðarinnar** sem er meira en nokkur annar fjölmiðill á Íslandi getur boðið.*

Það skiptir því ekki máli hvaða **reiknikúntum** er beitt – Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

Bölvun Sigtryggs Berg



Kl. 17.00

Hljómsveitin Hjálmar leikur fyrir gesti verslunarinnar 12 Tóna á Skólavörðustíg. Ljúfsár stemning og léttar veitingar í boði.

Myndlistarmaðurinn Sigtryggur Berg Sigmarsson heldur einkasýningu í Gallerí Dvergi sem hann nefnir „The Curse of Sigtryggur Berg Sigmarsson“. Þar sýnir hann ljósmyndir, texta- og vídeóverk en hann flutti einnig gjörning þegar sýningin var opnuð síðastliðinn laugardag.

Sigtryggur Berg Sigmarsson stundaði myndlistarnám í Hannover í Þýskalandi hjá hljóðlistamanninum Ulrich Eller í Fachhochschule Hannover Bildende Kunst og útskrifaðist þaðan árið 2005. Áður stundaði hann nám í sonólogíu við Royal Konservatorium í Den Haag í Hollandi. Sigtryggur hefur bæði sýnt verk sín og komið



SIGTRYGGUR BERG SIGMARSSON MYNDLISTARMAÐUR Sýnir ljósmyndir og vídeóverk í Gallerí Dvergi.

fram á hljómléikum afar víða, jafnt undir sínu eigin nafni sem og með hljóðtilraunadúettum Stillupsteypu. Má þar nefna sýningar og gjörninga í Svíþjóð, Þýskalandi, Japan, Ungverjalandi, Bandaríkjunum, Hollandi og Austurríki.

Fyrr í mánuðinum tók Sigtryggur þátt í listahátíðinni „Sonambiente“ í Berlín, þar sem hann sýndi vídeóverk, teikningar, ljósmyndir og texta, sem hann hefur

verið að vinna með síðustu 10 árin og er sýningin í Gallerí Dvergi nokkurs konar smækkuð útgáfa af þeirri sýningu.

Sýningin er opin frá 14-19 í dag og á morgun og á sama tíma að viku liðinni.

> Ekki missa af...

sumartónleikum við **Mývatn** sem hefjast um helgina. **Tónlistarhópurinn Katla** leikur í **Reykjahliðarkirkju** á laugardaginn.

söngleiknum **Footloose** í Borgarleikhúsinu. Frumsýning í kvöld og dansvænt **dúndur** í Borgarleikhúsinu í allt sumar.

sumardagskrá **Minjasafnsins** á **Akureyri**. Fjöldmargir fræðandi viðburðir, gönguferðir, fyrirlestrar og sýningar á **Eyjafjarðarsvæðinu**.

menning

menning@frettabladid.is



MYNDLISTARKONAN LOUISA MATTHÍASDÓTTIR Yfirlitssýning opnuð í Listasafni Akureyrar á morgun.

Listferill Louisu

Yfirlitssýning á verkum Louisa Matthíasdóttur verður opnuð í Listasafninu á Akureyri á morgun laugardag en sýning þessi er sú umfangsmesta sem haldin hefur verið á verkum hennar hérlendis hingað til enda rekur hún feril listmálarans í sex áratugi.

Um er að ræða olíumálverk og verk unnin á pappír, alls um hundrad talsins og hafa mörg verkanna ekki verið sýnd hér á landi áður. Verkefnið er skipulagt af American-Scandinavian Foundation í New York í samvinnu við ættingja listamannsins í Bandaríkjunum þar sem Louisa bjó lengst af og hefur sýningin einnig haft viðdöl í Þýskalandi og Danmörku áður en hún er nú að endingu er sett upp í Listasafninu á Akureyri.

Í tilkynningu frá safninu kemur fram að Louisa hafi jafnan sótt mótíf mynda sinna bæði til

Bandaríkjanna og Íslands og tjáð með þeim einkar persónulega sýn á lífið. „Með breiðum pensilströkum, kröftugum dráttum og líflögum litum einfaldaði hún myndirnar sem hún sá fyrir sér, en jafnframt var á þeim sterkur blær þess ofurraunsæis sem var hennar aðalmerki í listinni. Í kyrralífsmýndum hennar, portrettmyndum jafnt sem sjálfsporetum og sérkennandi landslagsmyndum hennar frá Íslandi kveikja hinar gegnheilu fígúrir og form, með djúpum og möttum litaflötum sínum, tilfinningu fyrir einhverju mikilfenglegu.“

Í tengslum við sýninguna mun Jón Proppé, gagnrýnandi og heimspækingur, halda fyrirlestur um ævi og list Louisu og fer hann fram í Deigluinni á Akureyri á morgun og hefst klukkan 13.

Sýningin stendur til 20. ágúst.

- khh



SIGURÐUR HALLDÓRSSON, LISTRÆNN STJÓRNANDI SUMARTÓNLEIKA Í SKÁLHOLTSKIRKJU Sérstakur afmælisbragur er yfir dagskrá sumarins og von á mörgum góðum gestum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sumarið er tíminn

Yfir fjögur þúsund gestir sóttu Sumartónleika í Skálholti á síðasta ári en um helgina verður hátíðin sett í þrítugasta og annað sinn. Sigurður Halldórsson er listrænn stjórnandi tónleikanna og segir frá gnægtarborði sem gestum í Skálholt býðst í sumar.

Meginviðfangsefni Sumartónleikanna hefur alla tíð verið ný íslensk verk, barokkverk og íslenskur söngarfur en hátt á annað hundrad verka hafa verið frumflutt á þessari stærstu sumartónlistarhátíð landsins. Hátíðin verður sett á morgun og stendur fram í ágúst. Haldnir verða tugir tónleika auk fræðsluerinda og annarra atburða sem skipulagðir eru í tengslum við hátíðina.

„Við erum náttúrulega með fasta liði sem eru viðloðandi allt sumaríð,“ segir Sigurður Halldórsson. „Eins og áður erum við með staðartónskáld en það eru Úlfar Ingi Haraldsson og Doina Rotaru frá Rúmeníu en sönghópurinn Hljómeyki og CAPUT hópurinn munu leika verk eftir þau. Svo leikur Bachsveitin og Skálholtskvartettinn auðvitað líka,“ útskýrir hann.

Tímamótaviðburðir

Sérstakur afmælisbragur verður á dagskrá sumarsins enda verður mörgum tímamótum fagnað með einum eða öðrum hætti, þar á meðal 250 ára fæðingaráfmæli Mozarts en Sigurður bendir líka á að Bachsveitin hefur nú starfað í tuttugu ár og áratugur er síðan vísir að Skálholtskvartettinum kom fyrst fram á tónleikum.

„Við erum einnig að taka þátt í hátíðarhöldum í tilefni af því að á þessu ári eru 400 ár liðin frá fæðingu Brynjólfs Sveinssonar Skálholtsbiskups. Í tengslum við það verða haldnar fjórar óformlegar

kvöldvökur í Oddsstofu þar sem fjórir sérfræðingar munu koma fram, flytja erindi og svara fyrirspurnum og síðan er tónlist leikin í bland.“ Fyrirlesarar á kvöldvökunum verða Kári Bjarnason handritafræðingur, Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur, Njáll Sigurðsson og Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur og munu þau vísast fræða áhugasama gesti.

„Þessi kvöld verða í tengslum við tónleika í Skálholtskirkju á undan en líkt og í fyrra höfum við bætt við tónleikum í miðri viku. Hingað til hafa tónleikarnir verið einvörðungu um helgar en okkur fannst ástæða til að tengja þá betur saman með því að hafa einn viðburð í miðri viku og það hefur gengið mjög vel,“ segir Sigurður og bendir á að fjöldi fólks dvelji að staðaldri í nágrenni Skálholts og þeir tónleikagestir fagni nýbreyttninni.

Nýr en gamall hljómur

Önnur sérstaða Sumartónleikanna að þessu sinni er fjölbreytt úrval á sérstökum hljóðfærum en von er á góðum gestum að utan sem leika á fremur forvitnilegar græjur. Meðal gestanna eru til dæmis einn helsti baritongömbuleikari Evrópu, Ungverjinn Balaz Kakuk, sem hefur á efnisskrá sinni verk sem samin voru fyrir hljóðfærið á síðari hluta átjándu aldar en það er einkar mikilvægt fyrir mörg kammerverk, til dæmis skrifaði tónskáldið Josef Haydn yfir tvö hundruð verk fyrir baritongömbu. „Ég held að svona hljóðfæri hafi aldrei komið inn fyrir landsteinana fyrr og því verður þetta mjög forvitnilegt,“ segir Sigurður. Enn fremur kemur gömbuleikarinn Alison Crum hingað til lands ásamt eiginmanni sínum og munu þau leika ásamt fimm íslenskum gömbuleikurum á tónleikum í Skálholti.

„Annað hljóðfæri sem verður einnig áberandi í sumar er þverflautan. Hún er í aðalhlutverki í

verki sem Doina Rotaru hefur skrifað fyrir Kolbein Bjarnason en síðan mun Bachsveitin einnig leika ásamt flautuleikaranum Martial Nardeau. Síðustu helgina verður Camerartica-hópurinn líka með tónleika þar sem eingöngu verður leikið á upprunaleg hljóðfæri, þar á meðal á klassíska flautu, klarinett og vínarútgáfuna af kontrabassa,“ segir Sigurður.

Meðal annarra erlendra gesta á tónleikum sumarsins verða teorbuleikarinn Roy Marks og góðkunningi Skálholtsgesta, Jaap Schröder, sem hefur komið árlega síðan 1993 til tónleikahalds og hljóðritana á vegum Sumartónleika í Skálholtskirkju, bæði sem einleikari og leiðari Bachsveitarinnar og Skálholtskvartettsins. Einnig mun franskir sellóleikarinn Bruno Cocset leika í Skálholti í sumar og fiðluleikarinn Kati Debrezzeni sem hingað kom fyrir sex árum síðan og lék á Skálholtstónleikum og mun nú leika einleik með Bachsveitinni sem flytur Árstíðirnar eftir Vivaldi.

Mozart í samhengi

Sigurður bendir á að síðustu tvær vikur sumartónleikanna verði lögð sérstök áhersla á verk eftir Mozart. Í tilefni af 250 ára afmæli tónskáldsins verða verk Mozarts skoðuð í samhengi við samtíma hans og þann hljóðheim sem hann lifði og hræðrist í. „Fólk gleymir því oft að gömlu barokkmeistararnir voru enn að skrifa þegar Mozart var að alast upp og nýi klassíska stíllinn var að mótask. Menn eru sífellt að bera verk Mozarts saman við rómantísk verk en það gleymist að hann heyrði aldrei verk eftir Schubert eða Brahms, aðeins verk eftir sína samtímamenn eða eldri,“ útskýrir Sigurður.

Ókeypis er á Sumartónleikana í Skálholtskirkju og er áhugasömum bent á að kynna sér dagskrá sumarsins á heimasíðu tónlistarhátíðarinnar, www.sumartónleikaris. kristrun@frettabladid.is



STUÐMENN MEÐ LIÐSAUKA Á fartinni í sumar.

Allir í essinu sínu

Hinir síkviku Stuðmenn eru að setja ofan í ferðatöskurnar því brátt munu þeir leggja land undir fót ásamt söngkonunni Birgittu Haukdal, kamelljóninu Stefáni Karli Stefánssyni og gömlu kempunni Valgeiri Guðjónssyni. Tónleikaferðin hefst með ærlegu tilstandi á skemmtistaðnum Nasa annað kvöld og mun hljómsveitin að öllum líkinum verða í essinu sínu þegar hún flytur gamla og nýja smelli í fjölbreyttum útsetningum, þar á meðal nýjasta lagið, „Á röltinu“ sem þegar er farið að hljóma á öldum ljósvakans.

Síðar í sumar mun bandið dúkka upp um víðan völl, meðal annars í Bolungarvík, á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum og á sprelli í Galtalækjarskógi, á Blönduósi og í Húsdýragarðinum.

Ferð þessarar útgáfu sveitarinnar lýkur síðan þann 26. ágúst með árlegri stórhátíð í Íþróttahúsi Gróttu á Seltjarnarnesi.

- khh

FM957 56%

XFM 28%

Kiss FM 17%

Flash 16%

ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga
fólksins er enn að vaxa.

FM957



www.minnsirkus.is

Auglýsingasími: 550 5000



HLJÓMSVEITIN SOUTH RIVER BAND Var öll á iði á síðustu þjóðlagahátíð og stefnir nú bæði norður og austur.

Afslöppuð grúppa

Hljómsveitin South River Band leggur land undir fót og heldur tvenna tónleika um helgina. Fyrst liggur leiðin í jómfrúarferð á skemmtistaðinn Kántrýbæ á Skagaströnd en á laugardaginn verður leikið á Borg í Grímsnesi. Líklega verða þetta einu sumar-tónleikar bandsins því að sögn gítarleikarans er sveitin ekkert sérlega mikið á ferðinni.

„Við gerum þetta meira af ánægjunni og ef við getum látið gott af okkur leiða, til dæmis eru plötur okkar alltaf seldar til styrktar góðum málefnum. Við höfum aldrei komið í Kántrýbæ en mér skilst að músikin okkar gæti fallið alveg ágætlega inn þar þótt hún sé kannski ekki beinlínis kántrímúsík.“

Sveitin spilar blöndu af ýmsum tónlistarstefnum sem Ólafur lýsir sem nokkurs konar „hliðar-heims-

tónlist“ sem mestmegnis er leikin á órafmögnuð hljóðfæri. Áhrifin koma víða og í kokteilnum má greina takta og blæbrigði úr keltneskri, austur-evrópskri, suðrænni og norrænni tónlist.

„Við erum byrjaðir að vinna að nýrri plötu og eitthvað af því ætlum við að prófa á tónleikumum – svona það sem lengst er komið. Við erum reyndar ekkert að flýta okkur með plötuna,“ segir Ólafur og áréttar að South River Band sé „tiltölulega afslöppuð grúppa“.

„Það verður mikið fjör, menn ættu að geta staðið upp og dansað ef þeim sýnist svo,“ segir hann spökur. Auk Ólafs skipa þeir Matthías Stefánsson, Helgi Þór Ingason, Ólafur Sigurðsson, Kormákur Bragason og Grétar Ingi Grétarsson sveitina.

Fjörð hefst kl. 21 bæði kvöldin. - khh

Þorbergssetur í Suðursveit

Þorbergur Þórðarson frá Hala í Suðursveit er talinn meðal merkustu rithöfundna 20. aldar. Í dag verður opnuð sýning til minningar um þennan merka höfund á æskulóðum hans.

Mörg ritverka Þorbergs eru tengd því umhverfi sem hann ólst upp í samanber einstakar lýsingar frá uppvaxtarárum skáldsins og sögur af lífi og starfi fólksins sem bjó í Suðursveit um eða fyrir aldamótin 1900.

Byggingarframkvæmdir á 300 fermetra setri í Suðursveit, til heiðurs rithöfundinum hafa staðið yfir um nokkurt skeið og á morgun verður Þorbergssetur formlega opnað við hátíðlega athöfn. Sett hefur verður upp sýning um Þorberg Þórðarson þar sem fjallað er um ævi hans og störf og helstu áhugamál og viðfangsefni. Einnig verður boðið upp á sýningu þar sem gestum verður boðið að kynna sér heim verka hans, meðal annars leikmynd af gömlu fjósabaðstofunni á Hala, þar sem hann fæddist og inn í þjóðsögustofuna á Hringbraut 45, þar sem helstu skáldverk hans urðu til.

Sérstakur samningur var gerður við forsætisráðuneytið um 30 milljóna króna fjárframlag til stofnframkvæmda Þorbergsseturs næstu fjögur árin. „Fjármálaráðuneytið óskaði jafnframt eftir því að gerður yrði samstarfssamningur við rithöfundarsetrið að Gljúfrasteini en það heyrir jafnframt undir ráðuneytið. Að þessu leyti verða bæði rithöfundarsetrin hliðstæð en þetta samstarf við ráðuneytið er stjórn setursins hér á Hala mjög mikils virði sérstaklega þar sem við erum að byggja



ÞORBERGSSETUR Í SUÐURSVEIT FORMLEGA OPNAÐ Hönnun hússins er frumleg og skemmtileg.

upp hina faglegu hlið starfsins,“ segir Þorbjörg Arnórsdóttir, forstöðumaður setursins.

Að hennar sögn hvílir mikil leynd yfir því hvernig sýningin verður nákvæmlega útfærð enda er ætlunin að koma gestum skemmtilega á óvart. „Einstök orðsníll, frumleg hreinskilni, glettni og grín í anda Þorbergs munu vonandi birtast gestum á óvæntan hátt á opunarhátíðinni,“ undirstrikar Þorbjörg. Hún áréttar jafnframt að setrið sé sýning en ekki safn, þó að eitthvað af upprunalegum munum í eigu Þorbergs verði þar að finna. „Það verða sárafáir munir hér en sýningin byggir einnig á sögu og menningu Suðursveitar. Þannig er reynt að hafa víða skírskotun á sýningunni til þeirra fjölmörgu þátta sem tengdust lífi Þorbergs, enda kom hann svo víða við um dagana.“ Hins vegar segist hún geta upplýst að Pétur Gunnarsson, formaður rithöfundarsambands Íslands og stjórnarmaður Þorbergsseturs, heldur ávarp við opnunina og einnig Þórarinn

Eldjárn formaður Gljúfrasteins. „Karlakórinn Jökull sem kemur frá Höfn í Hornafirði mun einnig syngja nokkur lög við texta Þorbergs og ýmsir lesa upp úr verkum hans hér og þar um húsið,“ heldur Þorbjörg áfram.

Hönnun húsnæðisins er hin frumlegasta, að sögn Þorbjargar en það er eins og bókahilla, þar sem kilirnir á bókum Þorbergs skreyta norðurhliðina og fyrir endunum eru bókastóðir. „Fyrir var þarna stálgrindarhús sem gekk undir nafninu gula hlaðan en fyrir einungis tveimur árum voru þarna kindur við jötu. Hliðunni hefur nú verið breytt í bókhlöðu,“ segir Þorbjörg og hlær. „Það voru þeir Sveinn Ívarsson arkitekt, dóttursonur Þorbergs, og Jón Þórisson leikmyndahönnuður sem sáu um hönnun þess. Eg er mjög ánægð með útkomuna, sérstaklega eftir að bókarkilirnir komu upp.“

Opunarhátíð Þorbergsseturs verður haldin í dag og hefst klukkan 14. en 2. júlí opnar setrið almenningi. bryndisbjarna@frettabladid.is

Yfirgefin í óvæntu samhengi

Listakonurnar Steinunn Knútsdóttir og Ilmur Stefánsdóttir opna sýninguna „Out of Office“ í Norræna húsinu í dag þar sem gefur að líta bæði yfirgefin og óvenjuleg heimilistæki og aðra kunnulega muni í óvæntu samhengi.

„Þema sýningarinnar er þessi huglæga lýsing á einhverju sem hefur verið skilið eftir. Titillinn vísar til þess að það er enginn við og hlutirnir hafa verið skildir eftir í gangi eða einhver hefur hlaupið frá þeim,“ útskýrir Ilmur. Stemningin þegar gestirnir koma inn í rýmið er þó ekki eins og á yfirgefnum vinnustað heldur mun heimilislegri og Ilmur lýsir henni sem „dálítið austantjalds“ eða „sveit“ í íslenskum skilningi. „Þarna er til dæmis gamall fáni sem er haldið á lofti af Nilfisk-ryksugu og dældaður þvottabali.“

Ilmur hefur töluvert fengist við að breyta hlutum í listskópun



ILMUR STEFÁNSDÓTTIR OG STEINUNN KNÚTSDÓTTIR Hvað gerist þegar enginn er við? FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

sinni en hún segir þessa sýningu snúa meira að breyttu samhengi þeirra. „Ég hef oft verið að finna hlutum nýtt hlutverk, stökkbreytt þeim en núna er ég meira að setja þá í nýtt samhengi, eins og til dæmis hrærivélina sem núna ruggar ruggustólnum.“

Ilmur vann þemað og alla hugmyndavinnu í samstarfi við Steinunni Knútsdóttir sem síðan mun nálgast sýninguna út frá gjörningalist. „Það verða gjörningar á opunarhátíðinni og síðan allar helgar frá kl. 15-17 en gjörningarnir eru mjög stór hluti af heildarmynd sýningarinnar,“ segir Ilmur. „Það skiptir sér samt enginn af hlutum sjálfum en við getum búið til allskonar sögur í kringum þessar myndir sem verða til þegar fólk er inni í innsetningunni.“

Sýningin opnar klukkan 18 í kvöld og stendur til 30. september. - khh

Svarar kröfum nútímans

„Á hvaða veg þurfa arkitektúr og hönnun að þróast til að koma til móts við menningar- og efnahagslegar kröfur morgundagsins?“ Þessari spurningu mun Anne Havaliza, forstöðukona DesignLabor í Bremerhaven í Þýskalandi, svara í opnum fyrirlestri sem hún heldur í fjölnotasal Listasafns Reykjavíkur á morgun.

Í DesignLabor Bremerhaven er starfrækt miðstöð fyrir nýsköpun undir formerkjun hönnunar og veitir hún árlega námsstyrki til efnilegra evrópskra hönnuða sem lokið hafa háskólanámi í vöruhönnun, grafískri hönnun eða arkitektúr. Þá er þeim boðið að dvelja í DesignLabor og vinna að ýmsum verkefnum undir stjórn heimsþekkt fagfólks á sviði hönnunar.

Það eru samtök hönnuða á Íslandi eða Form Ísland sem standa fyrir atburðinum en fyrirhugað er samskonar verkefni á vegum þeirra og Iðntæknistofnunar í Sjönlustastöðinni á Korpúlfsstöð-

um. „Við teljum grósku í íslenskrari hönnun aukast með hverju árinu og því tilvalið að prófa þetta verkefni hér á landi, en við munum hefjast handa í byrjun næsta árs,“ segir Hrafnkell Birgisson, formaður samtaka hönnuða á Íslandi. Hann kynntist DesignLabor í Bremerhaven sjálfur þegar hann setti upp sýningu þar en hann er lærdur vöruhönnuður og heillaðist af verkefnavinnu miðstöðvarinnar. Fyrirlesturinn er byrjunin á þessu viðamikla verkefni en þarna geta hönnuðir og aðrir kynnt sér starfseminu.

Hugmyndin er að hafa ákveðið þema á hverju ári og fyrsta árið verður þemað landsbyggðin eða hönnuðir á landsbyggðinni. „Það er bryn þörf fyrir starfsemi af þessu tagi á Íslandi og hefur þetta verkefni mikla þýðingu fyrir hönnuði og fyrirtæki sem nýta sér hönnunarþjónustu enda getum við með þessum hætti boðið upp á niðurgreidda vinnu.“ - áþ



HRAFNKELL BIRGISSON Formaður Samtaka hönnuða á Íslandi og ætlar að skapa miðstöð fyrir hönnuði hérlendis í samstarfi við Iðntæknistofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Miðasala á netinu!
www.leikhusid.is



LEIKFÉLAG AKUREYRARAR



Dans á Rósum
frá Vestmanneyjum
í kvöld

Stór og fjölbreyttur sérreittamatseðill öll kvöld vikunnar



LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrara

FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SÍÐASTA SÝNING!

„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S - Fréttablaðið

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200



ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18, þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

Footloose

29. júní Frumsýning - Uppselt
30. júní - Örfá sæti laus
1. júlí - Uppselt
6. júlí - laus sæti
7. júlí - laus sæti
8. júlí - laus sæti

Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.minnsirkus.is/footloose

Á ÞAKINU

3 SÞRHS



PETRA OG HANNA LIND Blanda saman stílum.

Samtvinnun

Listakonurnar Petra og Hanna Lind sýna í skartgripaversluninni Aurum í Bankastræti 4. Dúóið leitast við að skapa heim innan ákveðins rýmis og með eins litlu efni og kostur er og blandar saman götu-list, myndlist og grafískri hönnun.

Enn fremur notast listakonurnar við hugmyndaheim teiknimynda og nýta sér allt það frelsi sem honum fylgir.

Syndir Evu og sjálfsskoðun í sundlaug

Listakonan Jóni Jónsdóttir heldur sína fyrstu einkasýningu í Gallerí Turpentine en hún hefur starfað með Gjörningaklúbbum í tæpan áratug.

Á sýningunni kennir ýmissa grasa, allt frá innsetningum og vídeóverki til ljósmynda. Efni-viðinn sækir Jóni úr öllum áttum, allt frá draumaföngurum fengnum frá menningararfi Indíána, innsýn í regnskóga Ástralíu, afturhvarfi til náttúrunnar, freistingarhvíslu höggormsins og sátt Evu við að hafa syndgað, sjálfsskoðun í sundlaug Árbæjar og togstreitu systrasambanda. „Hugðarefni mín eru af ýmsum toga og verkin á sýningunni eru glefsur héðan og þaðan af fólki, ferðalögum, náttúru eða hvað

eina því sem komið hefur til mín á einn eða annan hátt og verkin eru sýn mín á þetta. „Ég er gríðarlega spennt yfir opnuninni og vinn nú á fullu að undirbúningi,“ segir Jóni. Hún segist njóta góðrar aðstoðar fólks við að setja upp sýninguna og kvíðir því engu þar um. „Það verður mikið um dýrðir á laugardaginn og Krummi í hljómsveitinni Mínus mun spila fyrir gesti meðan á sýningu stendur,“ segir Jóni.

Sýningin verður opnuð í Gallerí Turpentine í Ingólfsstræti á morgun kl. 16 en hún stendur til. 23. júlí.

JÓNÍ JÓNSDÓTTIR MYNDLISTARKONA
Sýnir ljósmyndir, innsetningar og vídeóverk í Gallerí Turpentine.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

27 28 29 30 1 2 3

Föstudagur

TÓNLEIKAR

17.00 Hljómsveitin **Hjálmar** leikur fyrir gesti verslunarinnar **12 Tóna á Skólavörðustíg**. Léttar veitingar í boði.

22.00 **Kvartett Sigurðar Flosasonar** leikur lög af geislaþlötunni **Hvar er tunglið?** ásamt söngkonunni Kristjönu **Stefánsdóttur** í **Gamla bænum** við Mývatn.

LEIKLIST

20.30 Leikritið **How do you like Iceland?** eftir **Benóný Ægisson** verður flutt í **Iðnó**.

OPNANIR

16.00 Sýning um ævi og störf **Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili, Sú þrá að þekkjast og nema**, verður opnuð í anddyri **Amtsbókasafnsins á Akureyri**. Sýningin er haldin í tilefni af því að í ár eru liðin 150 ár frá fæðingu Jónasar.

20.00 **Björn M. Sigurjónsson** opnar sýningu í **Gel gallerí Hverfisgötu 37**. Á sýningunni eru tíu myndir af lífsnum sem Björn M. hefur unnið að síðastliðið ár. Sýningin stendur yfir til 20. júlí og er opin virka daga frá 10-19 og laugardaga 10-17.

SKEMMTANIR

23.00 Hljómsveitin **Dans á rósum** frá **Vestmannaeyjum** verður með dúndur dansleik á **Kringlukránni**.

UPPÁKOMUR

20.00 **Kirkjugarðar Akureyrar** og **Minjasafnið á Akureyri** bjóða til göngu um kirkjugarð Akureyrar. Gangan hefst við Minjasafnskirkjuna kl. 20 en þaðan verður gengið upp í kirkjugarðinn á **Höfðanum**. Tilurð og saga kirkjugarðsins verður rakin og staldrað verður við valda legsteina sem eru eins og svo margt annað mótaðir af tiskustraumum á hverjum tíma. Áætlað er að gangan taki um tvær klukkustundir. Leiðsögumenn verða **Smári Sigurðsson** og **Hanna Rósa Sveinsdóttir**. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

VARNARLIÐSSALA

GEYMSLUSVÆÐISINS

OPNAR Á MORGUN

laugardaginn 1. júlí

Í GAMLA BLÓMAVALI VIÐ SIGTÚN

Herinn er að fara og nú þarf að selja allt sem eftir verður.
Opnum sölu á eignum Varnarliðsins í gamla Blómavali að Sigtúni 40 í Reykjavík.
Verslunin verður opin alla daga vikunnar fram á haust
- eða þar til allt hefur selst.

Úrvalið er órúlegt:

sófar - varahlutir - skrifstofustólar - rúm - ljósmyndir
tölvur - borðstofuboð - flugvélapartar - leikskólastólar
skrifborð - eldhúsbörð - lazyboy stólar - bílar - landslagsmyndir
húsgögn fyrir veitingastaði - skápar - náttborð - eldhússtólar
stólar fyrir samkomusali - stálskápar - leðursófar - verkfæri
sjónvarpsskápar - húsbúnaður - varahlutir - prentarar - skannar
hermannaskór - eldhúsbörð - geymsluskápar - dekk - tússtöflur
hermannaaxlabönd - skjávarpar - töskur - kómmóður - dýnur
rúmgafnar - speglar - verkfærakassar - staflanlegir stólar
og fleira og fleira...

Komið og gerið góð kaup

Opið: Laugardaga: 10:00 - 18:00
Sunnudaga: 12:00 - 18:00
Virka daga: 10:00 - 18:00

allt
atvinna
Alla sunnudaga



EBERG

PAUL SIMON

> Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINI

Danielson - Ships
Eberg - Voff voff
Grandaddy - Just like the Family Cat
Paul Simon - Surprise
Camera Obscura - Let's get out of this Country.

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Fields springa út

Fyrsta EP-plata bresk-íslensku sveitarinnar Fields er væntanleg í búið 10. júlí næstkomandi. Fulltrúi Íslendinga í sveitinni er hin unga Þórunn Antonía Magnúsdóttir, sem leikur á hljómborð og syngur. Þórunn er sem kunnugt er dóttir tónlistarmannsins góðkunnna, Magnúsar Þórs Sigmundssonar. Þessi EP-plata Fields kemur út undir merkjum stórfyrirtækisins Warner svo það er búist við miklu af sveitinni.

Aðrir meðlimir Fields eru Nick Peill söngvari, Henry Spenn-er tromm-

ari, Matty Derham bassaleikari og Jamie Putnam gítarleikari. Tónlist sveitarinnar hefur verið lýst sem fjölbreyttu popprokki með elektróáhrifum og fyrsta lagið sem mun heyrast í útvarpi af plötunni er Song for the Fields.

Fields er ein þeirra hljómsveita sem hafa bókað sig á Iceland Airwaves í haust. Hægt er að kynna sér tónlist sveitarinnar á www.myspace.com/songsforthefields.

ÞÓRUNN ANTONÍA Söngkona og hljómborðsleikari Fields sem sendir brátt frá sér fyrstu EP-plötu sína. Sveitin spilar á Airwaves í október.



> Plata vikunnar

FRÆ: Eyðilegðu þig smá

Ein forvitnilegasta hiphop/popplata sem komið hefur út lengi. Einkennist af ljúfsárum og grípandi laglínunum sem falla vel að tilfinningaþrungnum og væmnum textum sem sleppa þó að langmestu leyti við að vera klisjukennðir. Fagmannalega gerð og hljómar þægilega í heyrnartólunum.

SHA

X-LISTINN

TOPP TÍU LISTI X-INS 977

- 1 DR. MISTER & MR. HANDSOME** IS IT LOVE?
- 2 BLUE OCTOBER** HATE ME
- 3 WULFGANG** LIFE AND HABITS
- 4 COHEED AND CAMBRIA** WELCOME HOME
- 5 THE STROKES** YOU ONLY LIVE ONCE
- 6 ANGELS AND AIRWAVES** THE ADVENTURE
- 7 TRABANT** THE ONE
- 8 HARD-FI** BETTER DO BETTER
- 9 MUZE** SUPERMASSIVE BLACK HOLE
- 10 HOT CHIP** OVER AND OVER



DR. MISTER & MR. HANDSOME Sitja á toppi X-listans með nýja lagið sitt, Is it Love?



MUSE Fjórða breiðskífa Muse nefnist Black Holes and Revelations.

BREIÐSKÍFUR MUSE

Showbiz (1999)
 Origin of Symmetry (2001)
 Absolution (2003)
 Black Holes and Revelations (2006)

Skáldagyðjan aftur á stjá

Fjórða breiðskífa ensku hljómsveitarinnar Muse, **Black Holes and Revelations**, kemur út á mánudaginn. Freyr Bjarnason leit yfir feril þessarar hressilegu rokksveitar.

Muse var stofnuð í Englandi árið 1994 af söngvaranum og gítarleikaranum Matthew Bellamy, bassaleikaranum Chris Wolstenholme og trommamanum Dominic Howard.

Eftir að hafa gengið undir hinum ýmsu nöfnum til að byrja með, þar á meðal Gothic Plague, urðu þeir félagar loks sáttir við nafnið Muse, eða Skáldagyðjan.

Radiohead-eftirhermur?

Fyrsta plata Muse, Showbiz, kom út árið 1999 og fékk ágætar viðtökur. Margir töldu sveitina undir sterkum áhrifum frá Radiohead og gagnrýndi m.a. söngvari sveitarinnar Thom Yorke, Bellamy fyrir að reyna að herma eftir sér í einu og öllu.

Sjálfir hafa meðlimir Muse sagst vera undir áhrifum frá grunge-rokksveitum á borð við Nirvana, Pearl Jam og Soundgarden, auk ensku sveitanna The Verve og Radiohead. Einnig hefur Bellamy nefnt Queen og sérstaklega söngvarann Freddy Mercury sem áhrifavald.

Kemur það ekki á óvart að Muse fengu John Leckie, upptökustjóra annarrar plötu Radiohead, The Bends, og fyrstu plötu The Verve, A Storm in Heaven, til að sjá um takkana á Showbiz.

Kirkjuorgel og mellotron

Tæpum tveimur árum eftir útgáfu Showbiz kom út platan Origin of Symmetry, sem átti eftir að festa Muse vel í sessi. Leckie stjórnaði upptökum á nýjan leik. Í þetta sinn voru lögin nokkuð dekkri og þyngr en áður, þar sem yfirdrífinn

og oft bjagaður bassaleikur Wolstenholme var áberandi. Gerðar voru tilraunir með óvenjuleg hljódfæri á borð við kirkjuorgel, mellotron og stærra trommusett.

Bellamy sagði píanóleik sinn á plötunni undir sterkum áhrifum frá rómantíska tímabilinu, þar á meðal píanóleikaranum Sergei Rachmaninov. Gítarleikurinn var undir áhrifum frá kónginum sjálfum Jimi Hendrix, Tom Morello úr Audioslave og fyrrum meðlimi Rage Against the Machine. Há rödd Bellamy fékk einnig að njóta sín meira en áður. Vinsælustu lög plötunnar voru Hyper Music, Plug in Baby og Newborn.

Sungíð um heimsendi

Þriðja platan, Absolution, kom út 2003. Upptökustjóri var Rich Costley, sem hafði áður unnið með Rage Against the Machine, og Muse hélt áfram að prófa sig áfram í tónlistarsköpun sinni.

Á Absolution söng Bellamy mikið um heimsendi og viðbrögð við honum. Var það nokkurs konar þema plötunnar og endurspeglaði það áhuga Bellamy á samsæriskeningum, guðfræði, vísindum, framtíðarfræðum, tölvum og hinu yfirnáttúrulega.

Eftirminnilegir á Íslandi

Muse fór í umfangsmikið tónleikaferðalag um heiminn til að fylgja plötunni eftir og spilaði meðal annars í Laugardalshöll þann 10. desember 2003, á eftirminnilegan hátt. Kom þar í ljós hversu öflug tónleikasveit Muse var, þrátt fyrir að vera aðeins tríó. Bellamy var greinilega heilinn á bak við allt saman og fór á kostum, hvort sem það var á gítarum eða risastöru kirkjuorgelinu.

Diskóáhrif á nýrri plötu

Sveitin hafði nú náð miklum vinsældum í Bretlandi, náði meðal annars toppsæti breska breiðskifulistans í fyrsta sinn, auk þess sem hún var komin með góðan



MUSE Hljómsveitin Muse hélt tónleika í Laugardalshöll árið 2003 sem heppnuðust afar vel. Fjórða breiðskífa þeirra kemur út á mánudag.

plötusamning í Bandaríkjunum upp á vasann. Fór aðdáendahópurinn þar í landi jafnframt vaxandi.

Eftir tónleikaferðina til að fylgja eftir Absolution tók Muse sér frí mest allt árið 2005 en snýr nú aftur með nýja plötu í farteskinu sem hljómar virkilega fersk og kraftmikil, þar sem diskóáhrifin eru meira áberandi en oft áður. Einnig má greina áhrif frá þekkt-

um nöfnum á borð við Prince og Depeche Mode, til dæmis í fyrsta smáskífulagi plötunnar, Supermassive Black Hole.


Með nýju plötunni er ljóst að Muse hefur þróað hljómsinn lítillaga áfram á sama tíma og hún heldur í vel mótaðan stíl sinn og sérstöðu. Thom Yorke ætti a.m.k. að vera hættur að kvarta og mætti frekar fara að vara sig.

Kvikmynd um ævi Buckley

Ævi tónlistarmannsins Jeff Buckley verður gerð skil í kvikmynd. Það er leikstjórinn Brian Jun sem ætlar að gera myndina, en hann vinnur hana í nánu samstarfi við móður söngvarans, Mary Guibert, sem er titluð framleiðandi.

Þetta er í annað sinn sem áform um slíka mynd eru kunngjörð. Í fyrra tryggði handritshöfundurinn Train Houston sér kvikmyndaréttinn að ævisögu Jeffs Buckley, og þabba hans Tim Buckley en ekkert hefur orðið úr myndinni.

Mamma Jeffs Buckley á útgáfuréttinn af öllum lögum sonar síns og hefur stýrt því búi af mikilli röggsemi. Henni leist ekki nema máttulega á þegar einhver annar ætlaði að fara að græða á tónlist sonar hennar: „Ég hef fengið ótal tilboð um gerð kvikmynda í gegn-



um árin. Allar þær myndir virtust ekki ætla að gefa raunsæja mynd af Jeff svo ég hafnaði þeim. En þegar það leit út fyrir að gerð yrði mynd án minnar þátttöku fór ég að skoða málið aftur," segir Mary Guibert. Hún segist hafa sannfærst um að hægt væri að gera alvöru mynd um son sinn eftir að hún sá myndir á borð við Ray og Walk the Line.

Reuters-fréttastofan greinir frá því að mikið verði lagt upp úr sambandi Jeffs Buckley við föður sinn, tónlistarmanninn Tim Buckley sem lést árið 1975. Þeir hittast aðeins tvisvar.

Sjálfur lést Jeff Buckley árið 1997 þegar hann drukknaði. Ekki hefur verið ákveðið hver leikur Jeff Buckley í myndinni.

JEFF BUCKLEY Ævi söngvarans verður gerð skil í kvikmynd. Ekki hefur verið ákveðið hver leikur hann.

Ný tónlist á frábæru verði



Raggi Bjarna mun árita í Hagkaupum Skeifunni kl 16:30, Smáralind kl 17:15 og Kringlu kl 18:00

1.999 kr

1.999 kr

Lögin Mín - Bubbi

Mörg af þekktari lögum Bubba í nýjum og órafmögnum búningi

Vel Sjóaður - Raggi Bjarna

Sjómanna-lög frá fyrri áratugum í flutningi Raggja Bjarna ásamt fjölda valinkunna aðila

Sumarsmellir

2.999 kr

Sveitasæla

1.999 kr

Papar

1.999 kr



5CD



2CD



2CD

100 Íslenskir Sumarsmellir

Glæsilegt 5 diska safn af vinsælum íslenskum sumarsmellum

Sveitasæla

Safnplata með öllum helstu flytjendum sveitartónlistar síðustu áratugina

Á Balli - Paparnir

Stórskemmtileg tvöföld tónleikaplata frá hinum geisvinsælu Pöpum.

Gildir til 3. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Gleðidagur fyrir samkynhneigða

Fjölmennt og góðmennt var í Hafnarhúsinu á þriðjudag þegar því var fagnað að réttarstaða samkynhneigðra hefur verið leiðrétt með nýjum lögum. Lögin, sem tóku gildi á alþjóðlegum baráttudegi samkynhneigðra þann 27. júní, gerir samkynhneigðum kleift að ættleða börn og skrá sig í sambúð

og njóta þar með sömu réttinda og gagnkynhneigðir hvað varðar almannatryggingar, lífeyrismál, skattamál, erfðamál og fleira. Samtökin 78 stóðu fyrir hátíðarhöldunum og buðu upp á léttar veitingar og skemmtiatriði og góður rómur var gerður að ræðu Geirs H. Haarde forsætisráðherra.



GLATT Á HJALLA Birna, Sigrún, Inga, Elva, Dagný og Inga voru hæstánægðar enda réttindabótin langbráð. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN



TROÐFULLT HAFNARHÚS Ræða Geirs H. Haarde féll vel í kramið.



ENNPÁ SAMAN Justin Timberlake og Cameron Diaz eru ennþá saman en víðurkenna að erfðleikar hafi komið upp.

Ekki hætt saman

Nú hefur söngvarinn knái Justin Timberlake rofið þögnina um samband sitt og leikkonunnar Cameron Diaz en fréttir af sambandslitum þeirra komu upp í síðustu viku. Hann segir að þau séu ekki hætt saman en að þau hafi gengið í gegnum erfitt tímabil sem nú er yfirstaðið. Justin mun hefja tónleikaferðalag um heiminn í haust og mun Diaz vera með í för.



ÁNÆGÐIR AÐSTANDENDUR Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður Samtakanna '78, Geir H. Haarde forsætisráðherra, Inga Jóna Þórðardóttir og Rannveig Traustadóttir.



SÝNA STUÐNING Parið Steinunn Camilla Sigurðardóttir og Sigurður Kaiser.



SKÁLAÐ Róbert Goldberg, Kristbjörn Egilsson og Palli höfðu gott tilefni til að skála.



STJÓRN MÁLASKRAF Ögmundur Jónasson og Guðjón Arnar Kristjánsson létu sjá sig.

Sjónvarpskokkurinn með girnilega bók

Fyrir helgi bauð sjónvarpskokkurinn Völundur Snær Völundarson til teitis í Perlunni í tilefni af útkomu matreiðslubókarinnar Delicious Iceland, eða Girnilega Ísland. Fjöldi manns leit við og samgladdist Völla og skálaði við hann í kampavíni. Mikið er lagt í bókina þar sem blandast saman í máli og myndum einstakar uppskriftir og veiðisögur. Einnig er tiplað á sögu íslenska matarins en síðast en ekki síst er í bókinni saga stráks að norðan sem fór út í heim

og deilir nú með lesendum sinni fersku og girnilegu sýn á Ísland. Völli, sem hefur unnið á ýmsum frægum veitingastöðum í Frakklandi og Chicago, rekur nú sinn eigin veitingastað á Bahamaeyjum en hann má líka sjá vikulega í eigin sjónvarpsþætti á Skjá einum. Haukur Ágústsson skrifaði textann í bókinni en ljósmyndarinn Hreinn Hreinnsson á heildurinn af myndunum sem sýna bæði girnilega rétti eldada af Völundi, dramatískt landslag og villta náttúru.



GÓÐIR GESTIR Kristín Magnúsdóttir, Bragi Sigurðsson og Benóný Ágísson voru mætt í útgáfupartíð hjá Völva Snæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Á RÖKSTÓLUM Jafet Ólafsson og Jónas Jónasson höfðu um nóg að spjalla.

KENWOOD

Kenwood KDC234
4x45w BÍLTÆKI með geislaspilara, System-Q Sound Control, útvarpi með langbylgju og stöðvaminnum.



TILBOÐ
14.995

FULLT VERÐ 19.995

Kenwood KDCW4034Y
4x50w Mosfet BÍLTÆKI með MP3/WMA geislaspilara, 1 RCA, RDS útvarpi með langbylgju og stöðvaminnum.



TILBOÐ
17.995

FULLT VERÐ 22.995

Kenwood KDCW808
4x50w Mosfet BÍLTÆKI með MP3/WMA 24-bíta DAC (Burr Brown) geislaspilara, 3 RCA út, 1 RCA inn og RDS útvarpi með stöðvaminnum.



TILBOÐ
49.995

FULLT VERÐ 59.995

Hlustaðu á iPod og MP3 spilara þráðlaust í bílnum!

Virkar með öllum bíltækjum!

MONSTER
ÞRÁÐLAUS Monster sendir fyrir MP3 spilara kr. 6.995
ÞRÁÐLAUS Monster sendir fyrir iPod spilara kr. 7.995

BÍLHÁTALARAR
MAGNAÐ ÚRVAL

Heimilistæki
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBODSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

UMBODSMENN UM LAND ALLT: HLJÓMSÝN Akranesi - SKAGAVER Akranesi - SAMKAUP ÚRVAL Borgarnesi - BLÓMSTURVELLIR Hellissandi - VERSLUNIN HAMRAR Grindarfirði - SKIPAVÍK Stykkishólmi - KAUPFÉLAG KRÓKSFJARÐAR Króksfjarðarnesi - PRISTUR Ísafirði - KRÁKUR Blönduósi - KAUPFÉLAG V-HÚNVETNINGA Hvammstanga - KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA Sauðárkróki - EYRARBÚÐIN Siglufirði - LJÓSGJAFINN Akureyri - ÖRYGGI Húsavík - SPARKAUP Fáskrúðsfirði - VERSLUNIN VÍK Neskaupsstað - SAMKAUP STRAX Seyðisfirði - FLÁABRÚN Vopnafirði - HS-RAF Eskifirði - VERSLUNIN VÍK Reyðarfirði - SINDRI KHB Egilsstöðum - VERSL. VÍK Egilsstöðum - MARTÓLVAN Höfn - MOSFELL Hellu - FOSSRAF Selfossi - GEISLI Vestmannaeyjum - VERSLUNIN RÁS Þorlákshöfn - NETTÓ Grindavík - TÖLVUSPÍTALINN Grindavík - RAFEINDATÆKNI Reykjanesbæ - SAMKAUP Reykjanesbæ - RAFMÆTTI Hafnarfirði.



MARGFÖLD HAMINGJA Völli fagnaði útkomu nýrrar bókar á föstudag og giftist svo sinni heitelskuðu, Þóru Sigurðardóttur, daginn eftir. Hjónin eru bæði með eigin sjónvarpsþætti á fimmtudagskvöldum, hvort á sinni sjónvarpsstöðinni, hún á RÚV og hann á Skjá einum.



FALLEG HÖNNUN Verslunin Eva er nú flutt á nýjan stað og er hönnun nýju búðarinnar skemmtileg og þægileg. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Boston opnaður á Laugaveginum

„Þetta verður matsölustaður með góðan mat og góðan anda,“ segir Sigríður Guðlaugsdóttir annar eigandi á nýjum stað sem verður opnaður innan skamms.

Staðurinn ber nafnið Boston og er fyrir ofan verslunina Spúútník á Laugavegi, en þar var einu sinni matsölustaðurinn Sjanghæ. Sigríður er ekki ókunn rekstri í miðbænum en hún á skemmtistaðinn Sirkus ásamt vinkonu sinni Ingu Sólveigu.

„Þessi staður á ekkert skylt við Sirkus enda verður þetta matsölustaður en ekki skemmti-

staður,“ segir Sigríður.

Meðeigandi Sigríðar í staðnum er Hildur Helgadóttir en Sigrún Hólmeirsdóttir mun sjá um allan rekstur á staðnum en hún sá eitt sinn um rekstur á Kaffibarnum. „Við erum bara að bíða eftir öllum leyfum og svo opnum við með pompi og prakt,“ segir Sigríður að lokum.

BOSTON

Nýi staðurinn verður opnaður á efri hæðinni innan skamms og verður skemmtileg viðbót í veitingahúsaflóru miðbæjarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Eva komin á nýjan stað

Ein af rótgrónustu tískuvöruverslunum landsins, Eva, hefur flutt sig um set. Verslunin hefur ávallt verið staðsett á Laugaveginum eða síðan hún var stofnuð árið 1969 af verslunarmógúlnum Mörtnu Bjarnadóttur. Árið 1999 keypti verslunarkeðjan NTC búðina og fluttist hún á Laugaveg 91 og var þá staðsett inn af versluninni Gallerí Sautján. Búðin er nú flutt á Laugaveg 89, en þar voru áður Smash, Sautján Jeans og nú síðast Kúltúr Menn, sem er flutt upp í Kringlu. Vöruúrvalið er það sama og var en merkin Bruunz Bazar, Vent Couvert, DKNY, Gérard Darel og Nicole Farhi fylla veggj búðarinnar. Einnig eru nýir skartgripir frá Dolce & Gabbana fáanlegir í versluninni. - áþ



GWYNETH PALTROW Ætlar sér í poppbransann og er þessa stundina að taka upp plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Upptekin í hljóðveri

Nú er allt komið á fullt hjá Óskarsverðlaunaleikkonan Gwyneth Paltrow. sem eins og kunnugt er ætlar að reyna fyrir sér í poppbransanum. Paltrow hefur verið upptekin síðustu daga í hljóðveri með upptökustjóra Madonnu, William Orbit, þar sem hún syngur sín eigin lög og texta. Orbit ber Paltrow vel söguna og segir hana hafa góða rödd og að hæfileikar hennar á þessu sviði hafi komið honum á óvart. Leikkona er gift söngvaranum í Coldplay, Chris Martin, og eiga þau saman tvö börn.

Fótboltaaðdáandi

Partýljónið og hótelerfinginn Paris Hilton er þessa dagana stödd í Bretlandi þar sem hún hefur smitast af fótboltaáhuga heimanna. Hún hefur gert lista



PARIS HILTON

yfir allar fótboltahtetjurnar sem hún gæti hugsað sér að sofa hjá. Þýski framherjinn Lukas Podolski er í fyrsta sæti, annað sætið skipar leikmaður sænska landsliðsins og undirfatafyrirsætan Fredrick Ljungberg og hetja Englendinga, David Beckham, verður að láta sér nægja þriðja sætið.

Paris er stödd í Bretlandi til að kynna frumraun sína á tónlistarsviðinu.

STÓRIR!
LEIKIR UM HELGINA!

ÞAÐ ER ÞVÍ UM AÐ GERA AÐ BYRGJA SIG VEL UPP AF COKE OG COKE LIGHT.

GRÍPTU MEÐ ÞÉR 10 DÓSA "KLÁRT Í KÆLINN" KASSA SEM SMELLPASSAR Í ÍSSKÁPINN OG TRYGGIR ÞÉR ÍSKALT OG SVALANDI COCA-COLA.

Upplifum stemninguna

Coca-Cola
Upplifum stemninguna

OFFICIAL PARTNER
2006 FIFA
WORLD CUP

Coca-Cola, the design of the Coca-Cola Contour Bottle and the modified Dynamic ribbon are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2005 The Coca-Cola Company.

Nýtt í bíó
VINSÆLASTA MYNDIN Í USA Í DAG!

CLICK
Adam Sandler

Ef þú ættir fjarstýringu sem gæti stýrt lífi þínu? Hverju myndir þú breyta? Myndir þú breyta heiminum með henni...eða gera eitthvað annað.
ADAM SANDLER, KATE BECKINSALE OG CHRISTOPHER WALKEN Í FYNÐUSTU GAMANMYND ÁRSINS

Just My Luck
Lindsay Lohan, Chris Pine
Hún var heppnasta stelpa í þænum þangað til draumaprinsinn eyðilagði allt!
Frábær unglinga gamanmynd með Lindsay Lohan í fantaformi!

R.V.
Komdu í fyndnasta ferðalag sumarsins.
För beint á toppinn í USA
1 FJÖLSKYLDA, 8 HJÓL, ENGAR BREMSUR

X-MEN 3
2000 KR. AFSLÁTTUR FYRIR XY FERÐIGA

THE OMEN
48.000 MANNS

THE DA VINCI CODE
48.000 MANNS

THE OMEN
6.6.6.6

THE OMEN
6.6.6.6

51.000 MANNS

Frábær mynd með Antonio Banderas í sjóheitri danssveitlu

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

CLICK	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
CLICK SÝND Í LÚXUS	kl. 5.30, 8 og 10.30
JUST MY LUCK	kl. 5.40, 8 og 10.20
R.V.	kl. 3.40, 5.50, og 8
X-MEN 3	kl. 10.10 B.L. 12 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
RAUDHETTA M / ÍSL. TAL	kl. 4
ISÓLD M / ÍSL. TAL	kl. 3.40

REGNBOGINN Sími 551 9000

CLICK	kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 5.40, 8 og 10.20
JUST MY LUCK	kl. 5.50
R.V.	kl. 10.30 B.L. 16 ÁRA
THE OMEN	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 8
TAKE THE LEAD	kl. 8

Borgarbíó Sími 462 3500

CLICK	kl. 8, 10, og 12 B.L. 10 ÁRA
FAST AND THE FURIOUS: TD	kl. 8, 10, og 12 B.L. 12 ÁRA
MIDNÆTURKRAFTSTYNGING KL. 12	
JUST MY LUCK	kl. 6
R.V.	kl. 6

400 kr. í bíó!
Gættu á allar sýningar í þessum myndum með vaxi

Dolby Digital, DTS, THX, BÍÓ.IS - allt á einum stað

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Sími 553 2075

KRAFTMESTA HASARMYND ÁRSINS

THE FAST AND THE FURIOUS: TOKYO DRIFT
EINNA LEIÐIN TIL AÐ VINNA ER AÐ MISSA STJÓRNINA
Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10:15-POWER ÁLLIR

hvað ef þú ættir fjarstýringu...
...sem gæti stýrt lífi þínu?

CLICK
Adam Sandler

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10:15 ÁLLIR

STAY ALIVE
Sýnd kl. 8 og 10 ÁLLIR

16 BLOCKS
Sýnd kl. 4 og 6 B.L. 14

www.laugarasbio.is

FRÉTTIR AF FÓLKI


Nicole Kidman og nýbökkuðum eiginmanni hennar, Keith Urban, tókst ekki að hrista papparazzia af sér í brúðkaupsferðinni eins og þau höfðu vonast til. Hjónin sem fóru í brúðkaupsferðalag til Tahítí á mánudaginn var, töldu sig hafa fundið hinn fullkomna stað til



að fela sig fyrir ágengum ljósmyndurum en sér til mikillar skelfingar uppgötvuðu þau að dvalarstaður þeirra var aðeins nokkrum metrum frá hóteli Evu Longoríu úr Desperate Houswives og kærasta hennar Tony Parker. Það var heldur ekki að sökum að spyrja - ljósmyndarnir fylgdu leikkonunni og körfubolta-kappanum eftir og voru meira en sáttir þegar þeir sáu Kidman og Urban á sama stað. Kidman og eiginmaður

hennar hafa nú hert öryggisgæsluna í kringum bústað sinn.

Rapparin DMX er nú eftirlýstur í Bandaríkjunum eftir að hann mætti ekki fyrir dóm í New York í fyrradag. Rapparin, sem heitir réttu nafni Earl Simmons, átti að mæta í



réttarsalinn vegna ýmissa umferðarlagabrota en lét ekki sjá sig. Fyrir vikið var gefin út handtökuskipun á hann. Lögfræðingur DMX sagði rapparinn hafa átt við veikindi að stríða en hann myndi mæta í réttarsalinn um leið og hann hefði jafnað sig.

Breska fyrirsætan Jordan, sem er gift ástralska



söngvaranum Peter Andre, segir að hennar rétta útlit falli engan veginn að því glansútliti sem birtist af henni í fjölmiðlum. Jordan segir að útliti hennar sé breytt mikið í tölvum og því líti hún alltaf svo vel út á mynd. „Allar stelpur geta lítið vel út, bara ef þær fá réttu lýsinguna og réttu andlitsfórðunina. Með réttu tækninni er í raun gera hvaða breytingar sem er á því.“

KRAFTMESTA HASARMYND ÁRSINS

ON THE STREETS OF TOKYO
SPEED NEEDS NO TRANSLATION.

THE FAST AND THE FURIOUS: TOKYO DRIFT
KOMIN Í BÍÓ

EGO
ÖDYRT BENSÍN

EINFALT GOTT ÖDYRT

KÍKTU Á KVITTUNINA
Ödyrt eldsneyti + ávinningur!

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA Á HASARMYNDINA
FAST AND THE FURIOUS: TOKYO DRIFT

KOMIN Í BÍÓ

ALFABAKKA SAMBÍÓNN KEFLAVÍK KRÍOGLUNNI
LAUGARÁS BÍÓ
Borgarbíó



KRAFTMESTA HJASARMYND ÁRSINS
EINA LEIDIN TIL AD VINNA ER AD MISSA STJÖRNINA

THE FAST AND THE FURIOUS TOKYO DRIFT



SAMBÍÓIN
FRA FRAMLEIÐENDUM "THE INCREDIBLES" & "LEITIN AD NEMO"

BÍLAR



Keanu Reeves
Sandra Bullock

Hvernig heldurðu í einhverjum þú hefur aldrei hitt?

THE LAKE HOUSE



KEEPING MUM



SLITHER



she's THE MAN



POSEIDON

ÁLFABAKKA

THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 3-5:30-8-10:20	B.I. 12
THE FAST AND THE FURIOUS 3 VIP	KL. 4:15-8-10:20	
BÍLAR ísl. tal	KL. 3-5:30-8	
CARS enskt tal	KL. 3-5:30-8-10:30	
THE LAKE HOUSE	KL. 3:30-5:45-8-10:20	
SLITHER	KL. 10:30	B.I. 16
SHE 'S THE MAN	KL. 3-5:45-8	
POSEIDON	KL. 10:30	B.I. 14

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

KRINGLUNNI

THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 3:30-6-8-15-10:30	B.I. 12
BÍLAR ísl. tal	KL. 3:30-5:30	
*CARS enskt tal	KL. 3:30-6-8-10:30	
*POSEIDON	KL. 8:30	B.I. 14
*MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 10:30	B.I. 14

*SÝNDAR Í STAFRENNI ÚTGÁFU, MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

KEFLAVÍK

BÍLAR ísl. tal	KL. 5:45	
THE CLICK	KL. 8-10:10	B.I. 10
THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 5:45-8-10:10	B.I. 12

AKUREYRI

THE LAKE HOUSE	KL. 8-10	
BÍLAR ísl. tal	KL. 5:40	
CARS enskt tal	KL. 5:40-8	
KEEPING MUM	KL. 10:20	B.I. 12

HÁSKÓLABÍÓ

THE LAKE HOUSE	KL. 6-8:15-10:30	
CARS enskt tal	KL. 6-8:30-11	
BÍLAR ísl. tal	KL. 6-8:30	
KEEPING MUM	KL. 6-8:20-10:30	B.I. 12
POSEIDON	KL. 6:10-8:20	B.I. 14
SLITHER	KL. 11	B.I. 16
MI:3	KL. 10:30	B.I. 14

HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919

Dagskrá verslunarmannahelgarinnar að skýrast

Rétt rúmur mánuður er í verslunarmannahelgina og margir farnir að hugsa sér til hreyfings. Skipulagning er í fullum gangi fyrir útihátíðir víða um land en skemmtanahald virðist ætla að vera með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Á Neistaflugi á Neskaupsstað verður mikið um að vera og að sögn Þorvalds Einarssonar, annars framkvæmdastjóra hátíðarinnar, verður hátíðin í ár stærri en áður ef eitthvað er enda hefur hátíðin náð að bóka nokkrar



Á NESKAUPSSTAÐ Stebbi Hilmarsson verður á Neistaflugi á Neskaupsstað um verslunarmannahelgina ásamt Sálanni. Þar verður einnig mjög góð dagskrá fyrir börnin.

stærstu hljómsveitir landsins til sín. Sálán mun spila á hátíðinni, Skítamóráll og hljómsveitin í Svörtum fötum. Páll Óskar verður einnig á hátíðinni og Laddi. Queen aðdáendur fá líka sinn skerf á Queen sýningu á staðnum og krakkarnir geta skemmt sér með Gunna og Felix, Birtu og Bárði og Ávaxtakörfunni. Nánari upplýsingar um hátíðina eru á www.neistaflugi.is. Á Borgarfirði eystra verður hægt að komast á sjéns á Álfaborgarsjénsinum eins og venjulega. Danshljómsveit Friðjóns spilar þar á laugardagskvöld en önnur dagskrá er enn óljós. Fjölskylduhátíðin Ein með öllu verður á Akureyri. Dagskrá hátíðarinnar er enn ekki klár en aðstandendur lofa góðri skemmtun. Á Siglufirði verður Síldarævintýri um verslunarmannahelgina en framkvæmdastjóri fyrir þá hátíð hefur enn ekki verið ráðinn þannig að lítið er ljóst hvernig hátíðin verður í ár. Þjóðhátíðin í Eyjum

verður að sjálfsgöðu á sínum stað og kostar 9.900 krónur inn á hátíðina en 8.500 krónur sé aðgöngumiði keyptur í forsölu, en miðar eru seldir á Esso stöðvum um allt land. Í ár verður mikið rokk á boðstólum í Eyjum því hljómsveitirnar Jet black Joe, Dr. Spook og Hoffman verða meðal annarra á svæðinu. Hægt er að fylgjast með fréttum af þjóðhátíð á heimasíðunni www.dalurinn.is.

Innipúkinn verður haldinn í ár á Nasa og er þetta fimmta árið sem hátíðin fer fram um verslunarmannahelgina í Reykjavík. Tónleikar hefjast alla dagana



PÁLL RÓSINKRANS Gestir þjóðhátíðarinnar geta rokkað feitt um verslunarmannahelgina með Páli Rósinkrans og hinum strákunum í Jet Black Joe.



STUÐ Á ÞJÓÐHÁTÍÐ Það fer að koma tími til þess að huga að útilegubúnaðinum. Þessi mynd var tekin árið 2003 á þjóðhátíð Vestmannaeyja en eins og venjulega ætla margir að fara þangað.

kl. 18 og stendur gleðin fram á rauða nótt alla dagana. Miðasala hefst þann 29. júní kl. 10 á midi.is og í verslunum Skífunnar og í vel völdum verslunum BT. Hægt verður að kaupa passa á alla hátíðina og einstaka daga líka. Passi á alla hátíðina kostar 6.000 krónur auk miðagjalds

og dagspassi kostar 2.900 krónur auk miðagjalds. Bindindismótið í Galtalæk verður líka á sínum stað en opinber dagskrá hefur ekki verið gefin út þar. Þó er ljóst að Jakob Frímagnússon mun mæta á mótið en hvort hann taki Stuðmenn eða Frummenn með sér er óljóst.

Hobbitar á þunglyndislyfjum

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Þrátt fyrir að þessi sveit hafi slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna af frumraun sinni Hopes and Fears á ég ennþá eftir að hitta manneskju sem er reiðubúin að viðurkenna það að hún sé aðdáandi þessarar sveitar.

Mér finnst samt ekkert skrítið að þessi sveit skuli selja svona mikið af plötum. Þetta er mjúkt indíopp með gallalausum söng og vel slípuðum útsetningum. Slagarinn þeirra nýi, Is It Any Wonder, er svo þess eðlis að þessi plata á líklegast eftir að fylgja sömu leið. Þetta er auðmelt tónlist, fyrir fólk sem nennir ekki að leita lengra eftir tónlist en í hillur Hagkaups. Allt gott og blessað með það, þið megið hlusta á það sem þið viljið, bara ekki setja þetta á fóninn þegar þið bjóðið mér í lambalærið sem þið keyptuð í sömu ferð og þegar platan var keypt.

Sem fylgífiskur Hopes and Fears finnst mér líklegt að þessi plata eigi eftir að valda aðdáendum sveitarinnar vonbrigðum. Ég verð að viðurkenna að ég hef átt erfitt með að ná slaganum Is It Any Wonder? úr heilahvelinu mínu, og ég gef Keane prik fyrir það, en hér er ekkert annað lag sem stenst samanburðinn við það í styrkleika.

Þetta er í rauninni plata með einum súper slagara og tíu uppfyllingarlögum. Ég giska á að smáskífurnar sem fylgja á eftir verði Bad Dream, Put It Behind You og Nothing in My Way, en þið eigið eflaust eftir að gleyma þeim stuttu eftir að þið heyrið þau í fyrsta skiptið.

Það er alltaf erfitt að skrifa umsagnir um sveitir eins og Keane. Því það er svo sem ekkert hér sem er eitthvað sláandi lélegt eða illa gert. En ég fæ það alltaf á tilfinninguna að eitthvað frumefni vanti. Söngur hobbitans Tom Chaplin er jafn gallalaus og hjá flestum sigurvegurum. Idolkeppna víðs vegar um heim, en að sama skapi er hann líka gjör-samlega gerilsneyddur af öllum persónuleika eða tilfinningaríki tjáningu. Löggin eru að sama skapi öll sæmileg, en ekkert þeirra hreyfir við manni á neinn hátt. Þetta er eins og tónlist samin af þunglyndissjúklingum, sem búið er að jafna út tilfinningalega með lyfjum. Algjörlega án andlegra hæða, eða lægða. Ef tölva væri forrituð þannig að hún ætti að punga út ellefu indíoppplögum, þá myndu þau líklegast hljóma einhvern veginn svona.

Og miðað við þá staðreynd að þessi sveit er að keppast við aðra á framlínu poppmarkaðarins, þá hlýtur það að teljast stór galli að



KEANE: UNDER THE IRON SEA

NIDURSTADA:

Önnur plata Keane er frekar óspennandi. Slagarinn Is It Any Wonder? gefur ekki rétta mynd af plötunni, því það er lang besta lag hennar. Yfir flestum hinum hvílir einkennilegur tilfinningalegur doði.

aðeins eitt laganna af plötunni sé með eftirminnilega sönglínu.

Að mínu mati eru Keane einfaldlega eins óspennandi rokk-sveit og hugsast getur. Hér er ekkert hungur í að róa á ný mið, heldur bara farið eins varlega í hlutina og hugsast getur. Að hlusta í gegnum þessa plötu er svolítið eins og að horfa á enska liðið á HM þessa dagana. Þegar þeir loksins skora, finnst manni þeir varla eiga það skilið.

Birgir Örn Steinarrson

Sjónvarpsstjarna deyr


Hver man ekki eftir Eddie, litla terrier hundinum sem var gleðigjafi í sjónvarpsþáttunum Frasier? Jack Moose er nafn hundsins sem nú er dauður, en hann hafði leikið í þáttunum í tíu ár. „Moose hafði frábæra útgeislun og fallega sál“, segir eigandi hans og þjálfari. Jákvætt viðmót hundsins hafði áhrif á „meðleikarana“ og árið 1994 þegar Kelsey Grammer, aðal-leikari þáttanna, tók á móti Grammy-verðlauninum nefndi hann Moose sérstaklega í þakkaræðu sinni.



FRASIER Leikarahópurinn er nú einum færri eftir að hundurinn Jack Moose, eða Eddie, drapst.

Nick Cave vinsæll

Vinsældir tónlistarmannsins Nick Cave hérlendis komu glögglega í ljós í gær. Eins og Fréttablaðið spáði fyrir var bókstaflega slegist um miða á tónleika hans í Laugardalshöll 16. september. Röð var fyrir utan verslun Skífunnar á Laugavegi og mikið álag var á miðasölukerfið Miði.is. Seint í gærðag voru einungis um þrjú hundruð miðar eftir á tónleikana. Gera má ráð fyrir að eitthvað hafi selst í gærkvöld svo að áhugasamir ættu að drífa í miðakaupunum í dag. Aðeins eru seldir miðar í númeruð sæti og því er ekki mikið af miðum í boði.



NICK CAVE Sívinsæll á Íslandi.



Framtíð Ólafs ræðst í dag

Eiríkur Guðmundsson, formaður meistaraflokksráðs ÍA, staðfesti við Fréttablaðið í gær að nánasta framtíð Ólafs Þórðarsonar, þjálfara liðsins, muni ráðast í dag. Ráðið fundaði í gær og sagði Eiríkur að enn hefði engin ákvörðun verið tekin.

sport
sport@frettabladid.is

DANINN BO HENRIKSEN: NÆR VÆNTANLEGA AÐ SPILA SEINNI HLUTA LANDSBANKAÐEILDARINNAR

Læt mig hafa það að sparka í boltann

Danski framherjinn Bo Henriksen hjá liði ÍBV í Landsbankaþeildinni er á góðum batavegi eftir að hafa öklabrotnað í leik gegn Val þann 25. maí sl. og eru vonir um að hann verði byrjaður að spila á ný innan tveggja vikna. Talið var að Henriksen yrði frá út tímabilið en í ljós kom að meiðslin voru ekki eins alvarleg og talið var í fyrstu. Henriksen er byrjaður að taka þátt í æfingum Eyjaliðsins að nýju og hefur fengið leyfi til að sparka í bolta.

„Það er nú reyndar mjög vont að sparka í boltann en ég læt mig hafa það,“ sagði Henriksen glaðbeittur við Fréttablaðið í gær, greinilega í skjunum með að vera að ná fullri heilsu. Henriksen segir að hann hafi verið í stífri endurhæfingu síðustu

vikur og að hún hafi skilað góðum árangri. „Þegar nánar var að gáð sást að beinið hafði ekki brotnað alveg heldur brotnaði aðeins upp úr því. Það munar öllu,“ segir danski framherjinn sem spilaði í þremur fyrstu leikjum ÍBV á leikiðinni og skoraði eitt mark áður en hann varð fyrir meiðslunum.

„Það hefur ekki verið neitt sérstaklega gaman að standa á hliðarlínunni en liðinu hefur vegnað ágætlega í



sumar og þess vegna hefði það getað verið verra. Fyrst og fremst er ég ofsalega ánægður með að ná síðari hluta tímabilsins og ég stefni á að vinna aftur sæti mitt í liðinu,“ segir Henriksen.

Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV, segir að endurkoma Henriksens í Eyjaliðið sé mikið ánægjuefni. „Þetta er gríðarlega jákvætt og mikill plús, enda héldum við að tímabilið væri búið hjá honum. Hann styrkir sókn okkar til muna og virðist í ágætis formi,“ sagði hann.

> Útlendingafækkun

Það hefur heldur betur fækkað í útlendingahersveit Keflavíkurliðsins undanfarna daga en félagið hefur rift samningum við þá Daniel Severino frá Ástralíu (á mynd) og varnarmanninn bandaríska Geoff Miles. Severino spilaði alla leiki Keflavíkur áður en samningi hans var rift en Miles þótti ekki standa undir væntingum. Þá yfirgáfu Buddy Farah og Issa Abdulkadir herbúðir liðsins fyrir skömmu og því fjórir erlendir leikmenn sem fóru á stuttum tímakafla. Þrjú útlendingar eru þó eftir, Branislev Milicevic, Símun Samuelson og Kenneth Gustafsson.



Versta byrjun ÍA í tíu liða deild

Skagamenn hafa ekki byrjað verr í tíu liða efstu deild frá því að því fyrirkomulagi var komið á árið 1977. Ólafur Þórðarson þjálfari segir árangurinn óneitanlega lélegan.

Árangur Skagamanna í fyrri umferð Íslandsmótsins sem nú er nýlokið er ekkert til að hrópa húrta fyrir og þeim sjálfum

KRAFTAVERKALÍÐIN

ÁR	LIÐ	FYRRI UMF.	LOKASTAÐA
1980	FH	5 STIG	20 STIG (8. SÆTI)
1981	KR	6 STIG	15 STIG (8. SÆTI)
1985	VÍÐIR	6 STIG	16 STIG (8. SÆTI)
2001	FRAM	4 STIG	20 STIG (8. SÆTI)
2004	FRAM	6 STIG	17 STIG (8. SÆTI)

VERSTU BYRJANIR ÍA

ÁR	FYRRI UMF.	LOKASTAÐA
1982	8 STIG	18 STIG (6. SÆTI)
1990	8 STIG	11 STIG (10. SÆTI)
1999	8 STIG	24 STIG (4. SÆTI)
2003	8 STIG	30 STIG (3. SÆTI)
2006	6 STIG	???

Miðað við tíu liða efstu deild, frá 1977 og þriggja stiga regluna.

eflaust til ómældrar gremju. Liðið hefur aðeins unnið tvo sigra til þessa og er því með sex stig og í neðsta sæti deildarinnar.

„Þetta er dapurt, það verður að segjast alveg eins og er,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær. Eftir leikinn í fyrrkvöld var engan bilbug á honum að finna og ef liðið félli, eins og á horfir, myndi hann „bara fara með liðinu niður.“ Þessi orð vöktu sterk viðbrögð bæði stjórnarmanna og stuðningsmanna liðsins og sagði Eiríkur Guðmundsson við Skessuhorn í gær að þetta séu orð sem hljóti að hafa fallið í hita leiksins, að falla sé algerlega óásættanlegt.

Þessi sex stig eru versti árangur liðsins í fyrri umferð frá því að tíu liða fyrirkomulaginu var komið á í efstu deild hér á landi, árið 1977.

Prisvar áður hefur liðum með sama árangur tekist að bjarga sér frá falli og tvisvar hefur það gerst að lið með verri árangur björguðu sér fyrir horn um haustið. Öll eiga þau það sammerkt að hafa náð áttunda sæti deildarinnar í lokumferðinni. Samkvæmt því virðist blasa við að ÍA muni annaðhvort falla í haust eða þá klóra sig upp í áttunda sætið – annað yrði sannarlega merkilegur árangur.

Eða hvað? Langflestir ef ekki allir fjölmiðlamenn spáðu í vor að Skagamenn yrðu í einu af fjórum efstu sætum deildarinnar og sumir



ÓLAFUR ÞÓRÐARSON Hefur ekki átt sjö dagana sæla uppi á Skaga undanfarið.

gengu svo langt að spá liðinu sjálfum titlinum. Liðið náði þriðja sæti í fyrra og hefur síðan þá bætt við sig fjórum úr hinni svokölluðu gullkynslóð ÍA – þeim Þórði og Bjarna Guðjónssonum og Arnari og Bjarka Gunnlaugssonum.

En liðið missti það sem mörgum þótti besta miðvarðapar landsins. Gunnlaugur Jónsson fór til KR og Reynir Leósson til Svþjóðar og hefur liðinu hreinlega ekki tekist að fylla í þau skörð.

„Við höfum átt í basli með varnarleikinn og það hefur felld okkur, það er alveg ljóst,“ sagði Ólafur. „En nú er bikarkeppnin

næsta verkefni og það hlýtur að vera góður vettvangur til að rífa gengi liðsins upp.“

Ólafur hefur ávallt skilað liðinu í eitt af efstu fimm sætum deildarinnar þó svo að byrjunin hafi oft verið erfið hjá liðinu undir hans stjórn. Hvort hann nái að snúa við gengi liðsins enn og aftur getur tíminn einn leitt í ljós – ef hann fær tækifæri til þess.



ÍPRÓTTALÍÓSS
EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON
eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

HVAÐ EF ÞÚ ÆTTIR FJARSTÝRINGU...
...SEM GÆTI STÝRT LÍFI ÞÍNU?

ADAM SANDLER

CLICK

FRÁ FRAMLEIÐENDUM "ANGER MANAGEMENT"
FRUMSÝND 28. JÚNÍ

Sendu SMS skeytið **JA CKF** á númerið **1900** og þú gætir unnið!

SONY ERICSSON W810i VARNING TENGAN MYNDINNI

DVD MYNDIR TÖLVULEIKI

BÍÓMIÐA Á MYNDINA FYRIR TVO ... og margt fleira!

9 hver vinnur!

99 kr. skeytið

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb.

MOBILE BÍÓ.IS



GÓÐ GIÖF Ólafur Steinn Haraldsson, leikmaður Leiknis í Breiðholti, varð fyrir því óláni að handleggisbrotna á báðum höndum þegar hann var að spranga í Vestmannaeyjum í fyrradag. Ólafur var með liðsfélagum sínum á Shell-mótinu árlega en var fluttur með sjúkraflugi í bæinn. Hermann Hreiðarsson, landsliðsmaður í knattspyrnu og leikmaður Charlton, sýndi góðvilja sinn þegar hann heimsótti Ólafur í gær og gaf honum áritaða landsliðstreyju og sendi hinum níu ára efnilega leikmanni baráttukeðjur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árlegt nýliðaval NBA-deildarinnar fór fram í fyrrinótt:

Tvítugur Ítali valinn fyrstur

KÖRFUBOLTI Andrea Bargnani, 20 ára gamall ítalskur framherji, var valinn fyrstur í hinu árlega nýliðavali NBA-deildarinnar sem fram fór í New York í fyrrinótt. Það var Toronto Raptors sem valdi Bargnani en hann þykir ekki ósvipaður leikmaður og Dirk Nowitski hjá Dallas, mjög góð skytta og býr yfir góðri tækni miðað við hæð.

Nýliðavalið að þessu sinni var sögulegt á marga vegu því Bargnani er fyrsti Evrópubúinn sem valinn er fyrstur. Auk þess hefur Bargnani aldrei spilað í Bandaríkjunum og er hann sá eini með slíkan bakgrunn sem hefur verið valinn fyrstur síðan Houston valdi kínverska risann Yao Ming fyrstan árið 2002.

- víg



515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

8 LIÐA ÚRSLITIN

Í DAG

KL. 15:00

ÞÝSKALAND - ARGENTÍNA

KL. 19:00

ÍTALÍA - ÚKRAÍNA

Á MORGUN

KL. 15:00

ENGLAND - PORTÚGAL

KL. 19:00

BRASILÍA - FRAKKLAND



FIFA WORLD CUP
**GERMANY
2006**

ÞJÓÐIN HORFIR Á

HIM 2006



SYN
besta sætið



STEVE SIDWELL Hefur lengi verið eftirsóttur af stærri liðum Englands. NORDICPHOTOS/AFP

Samkeppni Brynjars að minnka: Sidwell mjög eftirsóttur

FÓTBOLTI Manchester City og Charlton eru mjög áhugasöm um að fá til sín enska miðjumanninn Steve Sidwell frá Reading, en hann hefur enn ekki fengið nýtt samningstilboð frá Reading sem hann sættir sig við. Sidwell á eitt ár eftir af samningi sínum og gætu forráðamenn Reading freistast til að selja hann á næstu vikum í stað þess að eiga á hættu að missa hann fyrir ekki neitt þegar samningurinn er útrunninn.

Sidwell hefur verið einn besti leikmaður ensku 1. deildarinnar mörg undanfarin ár, og spilar í sömu stöðu og Brynjar Björn Gunnarsson. Hann var stærstan hluta síðasta tímabils tekinn fram yfir íslenska landsliðsmanninn í byrjunarliðinu. - vig

Nigel Martyn um Robinson: Ósanngjörn gagnrýni

FÓTBOLTI Nigel Martyn, fyrrverandi landsliðsmarkvörður Englands, segir að gagnrýnin sem Paul Robinson hefur hlotið það sem af er HM sé ekki sanngjörn.

Enskir fjölmiðlar segja að Robinson hafi ekki verið sannfærandi og þá hefur Pauleta, sóknarmaður Portúgals, greint frá því að hann telji markmanninn vera veikasta hlekkinn í liði Englands. „Hann hefur ekki ennþá þurft að taka virkilega á honum stóra sínum og hann þarf ekki nema eina góða markvörslu til að rífa upp sjálfstraustið,“ segir Martyn. - vig

Orrustan mikla fer fram í Berlín

Þýskaland og Argentína mætast í átta liða úrslitum HM í dag en mikil spenna ríkir fyrir leikinn. Leikurinn verður stærsta prófraun gestgjafanna til þessa en Ítalir mæta Úkraínumönnum í hinum leik dagsins.

FÓTBOLTI Spennan í Berlín, og um allt Þýskaland, er gríðarleg fyrir leikinn gegn Argentínu í dag. Þjóðverjar koma inn í leikinn fullir sjálfstrausts eftir að hafa unnið alla leiki sína á mótinu til þessa. En nú mæta þeir þjóð sem er með stórkostlega leikmenn í öllum stöðum og mikla hefð á bak við fótboltann.

„Við erum tilbúnir í orrustuna miklu – og við ætlum okkur að vinna hana. Við förum ákveðnir inn í leikinn, fullir af ástríðu og við sjáum til hvernig Argentínunmenn svara okkur,“ sagði landsliðsþjálfarinn Jürgen Klinsmann á blaðamannafundi í gær en þjóðirnar eiga sér mikla sögu á HM eftir að hafa mæst í úrslita-



LYKILMAÐUR Francesco Totti leikur sér hér með boltann á æfingu Ítala í gær. NORDICPHOTOS/AFP

leikjunum árið 1986 og 1990.

Diego Maradona verður á þöllum í dag en hann var maðurinn á bak við 3-2 sigur Argentínu árið 1986 en Klinsmann var aftur á móti í liði Þjóðverja sem fór með 1-0 sigur af hólmi fjórum árum síðar á Ítalíu. „Það er sérstakt að spila á móti Argentínu, einu af bestu liðum heims. Bæði lið eru með miklar væntingar og það verða allir að ganga eins langt og þeir geta, og rúmlega það,“ sagði Klinsmann.

Juan Roman Riquelme er einn af lykilmönnum Argentínu og viðurkenndi Torsten Frings að hann væri mjög góður leikmaður, en sagði að ekki mætti einbeita sér of mikið að einum manni. „Við megum ekki gera þau mistök að elta einn mann á röndum allan leikinn þar sem Argentína er með marga menn sem geta unnið leiki upp á eigin spýtur. Ég ætla ekki að hlaupa á eftir Riquelme í nútíu mínútur,“ sagði varnartengiliðurinn Frings.

José Pekerman, landsliðsþjálfari Argentínu, getur ekki beðið eftir leiknum í dag. „Þetta verður ein stór barátta allan leikinn. Argentína hefur ekki orðið heimsmeistari í tuttugu ár en mér finnst liðið sem við erum með í höndunum í dag minna um margt á strákana frá því 1986,“ sagði Pekerman. Kokhraustur Carlos Tevez segir að Þjóðverjar þurfi að bæta leik sinn ef þeir ætli sér að leggja Argentínunum að velli.

„Þjóðverjar verða að sýna meira en þeir hafa gert hingað til á mótinu ef þeir ætla að vinna okkur. Þeir vita að ef þeir leyfa okkur að komast á skrið, lenda



FIÖR Á ÆFINGU Argentínunum skemmtu sér konunglega á æfingu í gær og greinilegt er á öllu að liðsandinn er góður. Hér sameinast þeir allir til að gera Hernan Crespo grikk þar sem hann liggur á æfingavellinum. NORDICPHOTOS/AFP

þeir í vandræðum,“ sagði Tevez sem gæti fengið sæti í byrjunarliðinu.

Í hinum leik 8-liða úrslitanna í kvöld mætast Ítalía og Úkraína þar sem Andriy Shevchenko er maðurinn sem öll athyglin beinist að. Þessi magnaði framherji þekkir Ítalíu vel eftir að hafa spilað með AC Milan í sex ár en hann gekk í raðir Chelsea á dögnum. Alessandro Nesta, varnarmaður Ítala, varar við sínum fyrrverandi samherja hjá Milan.

„Til að stöðva Sheva verður þú að vera einbeittur allan tímann og gera sem fæst mistök. Hann er einstakur leikmaður en við megum ekki gleyma okkur, Úkraína er með gott lið og það hefur fleiri góða leikmenn en Sheva. Ekkert

lið sem keppir í 8-liða úrslitunum er auðvelt við að eiga og við vitum að þetta verður svo sannarlega ekki auðvelt,“ sagði Nesta.

Oleg Blokhin, landsliðsþjálfari Úkraínunanna, fer óhræddur inn í leikinn við stórbjóðina þar sem þeir eru klárlega ekki taldir vera sigurstranglegrir. „Við erum ekki hræddir við þá, við getum spilað frjáltslega og spilum til sigurs. Ítalir eru ekki undir mikilli pressu þar sem þeir eru sigurstranglegrir en við höfum þegar afrekað það sem við vildum fyrir mótið. Við ætlum að láta þá finna fyrir okkur og sína úr hverju við Úkraínunum erum gerðir,“ sagði Blokhin.

Leikur Ítalíu og Úkraínu hefst klukkan 19 en viðureign Þjóðverjar og Argentínu klukkan 15.

HM í knattspyrnu 2006



Þýskaland		Argentína	
U4	JO TO	HM 2006	U3 J1 TO
10-2	Markatala	10-2	10-2
Fyrri leikir liðanna á HM frá upphafi		Unnið 7	
Unnið 5	Jafntefli 4	Töflfræði (Meðaltal á HM 2006)	
Mörk	2.50	2.50	
Skot	9.50	5.25	Á markid
Sendingar	437	417	Heppnast
Fyrirgjafir	8.25	2.50	Heppnast
Tækling	11.75	13.50	Unnar
Brot	16.50	17.25	Brotið af sér
Mörk fengin	0.50	0.50	

Þjálfari: Jürgen Klinsmann

HM í knattspyrnu 2006



Ítalía		Úkraína	
U3 J1 TO	HM 2006	U3 JO T1	U5 J1 TO
6-1	Markatala	5-4	5-4
Fyrri leikir liðanna á HM frá upphafi		Unnið 0	
Unnið 2	Jafntefli 1	Töflfræði (Meðaltal á HM 2006)	
Mörk	1.50	1.25	
Skot	7.0	4.75	Á markid
Sendingar	347	321	Heppnast
Fyrirgjafir	6.0	4.25	Heppnast
Tæklingar	16.5	13.25	Unnar
Brot	13.75	19.25	Brotið af sér
Mörk fengin	0.25	1	

Þjálfari: Marcello Lippi

Þjálfari: Oleg Blokhin

Wimbledon-mótið í tennis er í fullum gangi: Andre Agassi áfram í gær

TENNIS Andre Agassi komst áfram á Wimbledon-mótinu í tennis í gær eftir sigur á Ítalanum Andreas Seppi í þriðju umferð. Agassi er að spila á sínu síðasta Wimbledon-móti en hann hefur einu sinni borið sigur úr býtum, árið 1992. Áhorfendur stóðu upp og hylltu

Agassi eftir sigurinn. „Þetta er mér mjög sérstakt og ég veit varla hvað ég á að segja. Eftir að hafa misst af mótinu tvö síðustu ár þá sé ég að áhorfendur hafa ekkert breyst. Ég segi bara takk fyrir mig,“ sagði Agassi, tilfinningaþrunginn eftir leikinn.

Mest - allt í hagginn

Mikið úrval af festingum

Sven Göran-Eriksson segist vita vel hvað hann sé að gera með enska liðið: Leiðinlegt en árangursríkt

FÓTBOLTI Sven Göran-Eriksson, landsliðsþjálfari Englands, er orðinn þreyttur á allri þeirri gagnrýni sem hann hefur mátt þola síðan heimsmeistaramótið hófst. Hann segist vilja fá meiri frið til að vinna sitt starf því hann sé með það fullkomlega á hreinu hvað hann sé að gera. Þrátt fyrir að enska liðið hafi ekki virkað neitt ýkja sannfærandi það sem af er móti þá er það engu að síður komið í átta liða úrslit keppinnar. „Ég er til í að gera allt sem ég get til að vinna þetta mót, jafnvel spila illa. Ég er orðinn leiður á því að fólk segi mér að ég eigi að gera þetta og hitt, ég veit alveg nákvæmlega hvað ég er að gera,“ sagði Eriksson hinn sænski en England mun á morgun leika gegn Portúgal í átta liða úrslit-

um, sigurvegurinn úr þeirri viðureign mun mæta sigurvegaranum úr viðureign Brasilíu og Frakklands í undanúrslitum.


England hefur unnið ósannfærandi sigra á Paragvæ, Trínídad og Tóbago og Ekvador auk þess að gera jafntefli gegn Svíþjóð. Enskir fjölmiðlar óttast að enska liðið eigi litla möguleika gegn sterkari þjóðum keppinnar en Eriksson er allir hinn rólegasti og óttast ekkert. „Enskir fjölmiðlar hafa alltaf efast um mig svo það er ekkert nýtt við það. Ég og aðstoðarmenn mínir erum með okkar markmið á hreinu, hvort það sé rétt eða rangt er annar hlutur en við vitum alveg hvað við ætlum að gera,“ sagði Eriksson.

„Þótt við spilum leiðinlega en förum alla leið, hvaða máli skiptir

það þá? Við reynum að spila góðan bolta en það mikilvægasta er að ná sigri. Ghana, Fílabeinsströndin, Holland og Spánn hafa spilað mjög skemmtilegan fótbolta í keppninni en samt eru þessi lið öll komin heim. Ég er handviss um að við munum spila betri fótbolta, ég veit að þetta lið getur farið alla leið.“

Eriksson hefur verið gagnrýndur fyrir að skipta milli leikurfanna 4-4-2 og 4-5-1 í keppninni. „Þetta er fátánleg gagnrýni. Við verðum að hafa varaáætlun ef við ætlum að komast alla leið í keppninni. Við erum komnir í átta liða úrslit og eigum góða möguleika á að komast í undanúrslit,“ sagði Eriksson. - egm

Lárus & Lárus



Þjálfari Úkraínu kemur leikmönnum sínum til varnar:

Þeir eiga skilið að fá bónus

FÓTBOLTI Oleg Blokhin, þjálfari úkraínska landsliðsins á HM, segir að leikmenn sínir hafi unnið sér fyrir þeim rúmu sex hundruð milljónum króna sem biður þeirra fyrir að komast í 8-liða úrslit keppinnar. Hver leikmaður fær rúmar 25 milljónir króna í sinn hlut og hefur almenningi í Úkraínu blöskrað upphæðin og margir telja henni betur varið í uppbyggingu í heimalandinu. Blokhin segir hins vegar að þátttakan á HM sé eins og hver önnur vinna fyrir

leikmenn sína og fyrir hana eigi þeir skilið laun.

„Éttu þeir aðeins að spila og fá eingöngu þakkir fyrir? Þeir eru í vinnu og fyrir góð störf fá þeir laun. Þeir eru komnir í 8-liða úrslit og hafa staðið sig vel. Hefðu þeir tapað öllum leikjunum hefðu þeir ekki fengið krónu,“ sagði Blokhin við fréttamann í gær. „Leikmenn mínir eru að spila upp á þjóðarstoltið en það má ekki gleyma því að þetta er líka eins og hver önnur vinna,“ bætti hann við. - vig



HÆTTUR Poll mun nú aðeins dæma leiki á Englandi en hann virðist vera mjög sár út í sjálfan sig eftir að hafa verið sendur heim frá HM.

NORDICPHOTOS/AFP

Dómariinn Graham Poll:

Dæmir ekki landsleiki aftur

FÓTBOLTI Enski dómariinn Graham Poll hefur ákveðið að hætta alþjóðlegri dómgæslu eftir að hafa verið sendur snemma heim af heimsmeistaramótinu. Honum var refsað fyrir mistök í viðureign Króatíu og Ástralíu en þá gaf hann Josip Simunic þrisvar sinnum gula spjaldið áður en hann vísaði honum af leikvelli. Hvorki aðstoðardómaramirnir tveir né eftirlitsdómariinn á leiknum tóku eftir mistökum Polls. Eftir að FIFA tilkynnti að hann færi heim fyrir átta liða úrslitin tilkynnti hann að væri hættur að dæma landsleiki.

„Það er kominn tími til að annar enskur dómari fái að spreyta sig. Mistök mín eru óafsakanleg,“ sagði Poll sem hefur verið 23 ár að vinna sig upp í dómgæslunni. Hann er 42 ára en þetta heimsmeistaramót var þriðja stórmótið sem hann tekur þátt í á ferlinum en hin eru HM 2002 og EM 2004. Talið var líklegt að hann fengi að dæma úrslitaleikinn í ár en sá draumur hans er nú úti.

- egm

Wayne Rooney hefur enn ekki náð að skora á HM þótt hann hafi leikið vel:

Rooney ætlar sér að slá markamet Ronaldo á HM

FÓTBOLTI Wayne Rooney er staðráðinn í því að brjóta ísinn í leiknum gegn Portúgal á morgun og skora sitt fyrsta mark á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi. Rooney er tvítugur að aldri og segist eiga sér þann draum að bæta markamet Ronaldo á HM, en ef guð lofar á Rooney eftir að taka þátt í a.m.k. fjórum Heimsmeistarakeppnum til viðbótar.

Ronaldo skoraði sitt fimmtánda mark í heimsmeistarakeppni í leik Brasilíu og Gana í sextán liða úrslitum og bætti þar með markamet hins þýska Gerd Müller.

„Ég vona að ég geti gert það sama fyrir England og Ronaldo hefur gert fyrir Brasilíu. Hann hefur verið einn allra besta leikmaður heims síðasta áratug,“ sagði Rooney sem hefur getað spilað í þremur síðustu leikjum Englands á HM eftir að hafa jafnað sig af fótbroti.

„Það væri ljúft að ná fyrsta marki mínu í þessari keppni en svo lengi sem liðið er að vinna sína leiki þá skiptir það mestu máli. Ég er samt hungraður í að skora, það er svo langt síðan ég gerði það síðast að ég man ekki eftir þeirri tilfinningu.“

Þó að Rooney hafi enn ekki skorað hefur hann verið að leika vel og hreint ótrúlegt að hann sé nýstíginn upp úr meiðslum. Margir vilja meina að England geti ekki orðið heimsmeistari án hans. „Þetta er ekki eins manns lið. Ég get ekki unnið þessa keppni upp á mitt eindæmi og ef skoðuð eru úrslitin í þeim leikjum sem ég var ekki með í þá sést að liðið var að vinna og spila vel. Það er þó ljóst



BÍÐUR EFTIR MARKINU Wayne Rooney segist ekki muna eftir því hvernig tilfinning það sé að skora mark því það sé svo langt síðan hann skoraði síðast.

NORDICPHOTOS/AFP

að liðið á mikið inni, í síðustu leikjum hefur liðið leikið undir getu en samt sem áður unnið sína leiki. Það fer ekki í taugarnar á mér að við spilum illa á meðan við erum á sigurbraut,“ sagði Rooney.

Hann segist vonast til þess að ferill sinn verði langur og farsæll. „Ég sá Frakkland vinna Spán og

heillaðist mjög af frammistöðu Zinedine Zidane. Ég vona að ég muni eiga jafn langan feril og hann en allt getur gerst í fótboltanum. Hann hefur líkt og Ronaldo verið gagnrýndur mikið sem mér finnst ósanngjarnt. Þeir eru báðir ótrúlegir knattspyrnumenn.“

- egm



KJÓSIÐ MIG Sanz leitar að atkvæðum.

NORDICPHOTOS/AFP

Lorenzo Sanz í framboði:

Sparar ekki lofordin

FÓTBOLTI Spennan magnast fyrir forsetakosningarnar hjá spænska stórliðinu Real Madrid og framþjóðendur keppast við að gefa loford. Lorenzo Sanz er í framboði en hann segist vera búinn að ná samkomulagi við fjölda sterkra leikmanna um að ganga til liðs við félagið nái hann kjöri. Meðal þeirra leikmanna sem hann hefur lofað eru Michael Carrick, Gianluca Zambrotta og Emerson svo einhverjir séu nefndir. Sanz er fyrrverandi forseti Real Madrid en hann er meðal fimm framþjóðenda fyrir kosningarnar á sunnudag.

„Ég er búinn að ná samkomulagi við fjölda leikmanna og ef ég næ kjöri en þessir leikmenn verða ekki komnir á mánudaginn þá segjum við af okkur samstundis,“ sagði Sanz á blaðamannafundi í gær. Það verður þó að teljast hæpið að hann klófesti alla þessa leikmenn og hafa forráðamenn Tottenham til að mynda gefið það út að Michael Carrick sé alls ekki til sölu. Meðal leikmanna sem aðrir framþjóðendur hafa lofað eru Arjen Robben og Cristiano Ronaldo.

- egm

EINFALT

LYSING.IS // 540 1500

Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér einfalda lausn.

Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga

LÝSING



KR-völlur. Áhorfendur: 1318 Egill Már Markússon (6)

0-1 Baldur Aðalsteinsson (17.)
1-1 Björgólfur Takefusa (62.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9-8 (5-2)
Varin skot	Kristján 1 - Kjartan 4
Horn	6-4
Aukaspjrnur fengnar	12-19
Rangstöður	9-2

KR 4-4-2	VALUR 4-4-2
Kristján Finnbogas. 7	Kjartan Sturluson. 7
Bjarni Þorsteins. 5	Birkir Már. 7
(20. Rógvi. 4)	Atli Sveinn. 7
Gunnlaugur. 5	Barry Smith. 6
Dalibor Pauletic. 7	*Steinþór Gíslason. 7
Vígfús Arnar. 6	Baldur Aðalsteins. 7
Kristinn Magnúss. 5	(63. Ari Frey. 6)
Mario Cizmek. 6	Pálmi Rafn. 6
(69. Sigmundur. 5)	Kristinn Hafliðason. 7
Bjarnólfur. 7	(92. Örn Kató. -)
Garðar Jóhannss. 4	Matthías Guðm. 6
Grétar Ólafur. 7	Garðar Gunnlaugss. 5
(80. Gunnar Kr. -)	(87. Þorv. Makan. -)
Björgólfur Takefusa. 7	Guðmundur Ben. 7

*Maður leiksins

STAÐAN Í LANDBANKAEIDLINNI:

1. FH	9	7	2	0	17-5	23
2. VÍKINGUR	9	4	2	3	13-8	14
3. GRINDAVÍK	9	3	4	2	14-10	13
4. FYLKIR	9	4	1	4	12-12	13
5. KR	9	4	1	4	8-17	13
6. VALUR	9	3	3	3	12-11	12
7. KEFLAVÍK	9	3	2	4	14-9	11
8. ÍBV	9	3	2	4	9-14	11
9. BREIÐABLIK	9	3	1	5	16-22	10
10. ÍA	9	2	0	7	10-17	6

MARKAHÆSTU MENN DEILDARINNAR

1. MAREL BALDVINSSON (BREIÐABLIK)	7
2. JÓHANN ÞÓRHALLSSON (GRINDAVÍK)	7
3. TRYGGVI GUÐMUNDSSON (FH)	5
4. CHRISTIAN CHRISTIANSEN (FYLKIR)	5
5. GARÐAR GUNNLAUGSSON (VALUR)	4

Sanngjarnt í Vesturbænum

Eftir vonbrigði bæði Valsmanna og KR-inga á síðustu leikjum liðsins geta bæði lið ágætlega við unað eftir að hafa skilið jöfn í lokaleik 9. umferðar Landsbankadeildarinnar. Björgólfur Takefusa skoraði þar sitt fyrsta mark fyrir KR.

FÓTBOLTI Stórlíð Vals og KR skildu í gærkvöldi jöfn eftir mörk Baldurs Aðalsteinssonar og Björgólfs Takefusa. Ef til vill sanngjörn niðurstaða þó bæði lið hefðu viljað meira úr leiknum.

KR-ingar vildu sjálfsagt ólmir sanna sig eftir neyðarlegt tap í Grindavík í síðustu umferð og það bætti úr skák að Gunnlaugur Jónsson var kominn aftur á sinn stað í vörninni eftir leikbann. Við það færðist meira öryggi í varnarleik liðsins en engu að síður virtist hann á köflum nokkuð óstyrkur.

Það tók Valsmenn ekki nema rúmar tíu mínútur að færa sér það í nyt. Baldur skeiðaði upp miðjan völinn og gerði sig líklegan til að gefa stungusendingu á Guðmund Benediktsson en ákvað þess í stað að skjóta af rúmlega tuttugu metra færi. Það lukkaðist og hafnaði boltinn í markinu.

Kjartan átti reyndar skínandi góðan leik í fyrri hálfleik og steig vart feilsþor, rétt eins og vörn Vals. En eftir því sem á leið jókst sjálfstraust KR-inga sem áttu mörg ágætisfæri. En það var ekki fyrr en um miðjan seinni hálfleikinn að Björgólfur jafnaði metin og skoraði þar með sitt fyrsta deildarmark í búningi KR. Kom það eftir innkast sem Rógvi Jacobsen fleytti áfram fyrir fætur Björgólfs sem var í frábæru færi.

Valsmenn fengu nokkur ágæt færi til að klára leikinn og var þar gamli KR-ingurinn, Gummi Ben, í



STÖÐVAÐUR Á SÍÐUSTU STUNDU Grétar Ólafur Hjartarson náði ekki að skora í leiknum gegn Val í Vesturbænum í gær. Oft mátti þó ekki miklu muna en hér er hann stöðvaður á síðustu stundu af Val Fannari Gíslasyni, varnarmanni Vals og Kjartan Sturluson reynir hvað hann getur líka.

aðalhlutverki en þó án árangurs.

„Loksins kom markið,“ sagði Björgólfur eftir leikinn og þó að hann væri ánægður með markið væri hann aldrei sáttur nema að lið hans sigraði í leiknum. „Þeir voru betri í fyrri hálfleik en eins og við spilðum í þeim síðari fannst mér við eiga þrjú stig skilin í leiknum. Þetta er þó mikil framför frá síðasta leik því oftast þegar við lendum undir gerum við í brækurnar. Við sýndum þó mikinn karakter með því að jafna.“

Bæði lið spilðu ágæta knattspyrnu í leiknum og verður jafnteflið að teljast nokkuð sanngjörn niðurstaða. Áberandi var að KR-ingar voru talsvert hægari og stundum lengi að skila sér bæði í vörn og sókn. Greinilegt var að sjálfstraustið fór vaxandi eftir því sem leið á leikinn en sem fyrr var miðjuspil liðsins veikleiki þess.

Valsmenn voru frískir lengi vel og voru klaufar að nýta ekki betur þau færi sem þeir fengu í gær.

eirurk.asgeirsson@frettabladid.is



ATVIKIÐ Atli Viðar sést hér í þann mund sem hann meiðist í leiknum gegn Grindavík í fyrradag.

Atli Viðar Björnsson: Sleit krossband

FÓTBOLTI Atli Viðar Björnsson, leikmaður FH, varð fyrir miklu áfalli í gær þegar í ljós kom að hann er með slitin krossbónd í hnénu. Þetta er sama krossband og Atli Viðar sleit árið 2001 en hann verður frá í 8-12 mánuði að hans sögn en stefnir á að spila fyrsta leikinn á næsta tímabili.

„Ég fékk högg á hnéð og vissi strax að þetta var alvarlegt en Grindvíkingurinn tók boltann löglega. Það þarf ekkert að fjölyrða um það hversu leiðinlegt og erfitt þetta er, og gríðarlegt áfall,“ sagði Atli við Fréttablaðið í gær en hann hefur spilað mjög vel það sem af er sumri og var búinn að skora fjögur mörk.

Auðunn Helgason er einnig með slitin krossbónd og ætlar Atli að tala við Auðun vegna meiðslanna. „Við Auðun erum þjáningabræður í þessu og ég mun tala við hann um þetta. Hann ræddi líka mikið við mig þegar hann fór í gegnum sín meiðsli en við setjumst niður aftur og ræðum málin,“ sagði Atli.

Veldu FordTransit



Glitnir gerir nýtt tilboð í fjármögnun á Ford Transit

24.220

Ford Transit 280S 2.0TD 85 hó. 5 gíra*

Skoðuðu nýtt tilboð Glitnis í fjármögnun sendibíla frá Ford. Gott verð og gott tilboð Glitnis í fjármögnunarlögu á Ford sendibílum gerir Transit að hagstæðum kosti fyrir fyrirtæki. Skoðuðu staðalbúnaðinn. Skoðuðu hvað þú færð aukalega þér að kostnaðarlausu.

Sérhæfð atvinnubílaeild Ford

Fáðu sérhæfða ráðgjöf. Skoðuðu allar forsendur, fjárfestu í rétta bílnum. Boðuðu sérhæfða söluráðgjafa atvinnubíla Ford til þín. Komdu jafnvel við í ný húskynni Ford atvinnubíla, Bíldshöfa 6. Talaðu við Hörð Guðjónsson eða Ólaf Friðsteinsson sérfræðinga okkar í rekstri Ford atvinnubíla.

Veldu rekstraröryggi. Komdu í Brimborg. Veldu Ford.

Skoðuðu staðalbúnaðinn. Skoðuðu aukabúnaðinn sem þú færð aukalega án aukakostnaðar.

● Ford Transit 280S 2.0TD 85 hó. 5 gíra* Hleðslurými: 2.540 x 1.762 x 1.430 m	Tilboðsverð án vsk. 1.843.000 kr.
Fjármögnunarlöga á mánuði án vsk. 10% útborgun	24.220 kr. 184.300 kr.
Rekstrarleiga mín. (75 þús. km) án vsk.	36.418 kr.



● Ford Transit 300M 2.0TD 85 hó. 5 gíra* Hleðslurými: 2.905 x 1.762 x 1.745 m	Tilboðsverð án vsk. 2.122.000 kr.
Fjármögnunarlöga á mánuði án vsk. 10% útborgun	27.826 kr. 212.200 kr.
Rekstrarleiga mín. (75 þús. km) án vsk.	41.800 kr.

Gott verð. Nýttu þér tilboð Glitnis í fjármögnunarlögu á Ford Transit. Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.



Við staðgreiðum gamla bílinn þinn
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veikir þú bíl frá Brimborg. Þú losnar við allt umstang við að selja og leikar þinn kostnað. Komdu í Brimborg, Kyntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford Transit.



Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Ól með laugþinginu eru á viðhúsnátt. Brimborg og Ford skilja sér eitt látt þing með og þinglaði þing og ákka er kaupverð hátt. Líta er fjármögnunarlögu með 10% útborgun og niðurlagðan greiðslu (84 tölur) og eru háttur breytingum á eðlan og þingi skertu mynda 50% til 150% af markaði. Líga er rekstrarleiga og er meðal við mörkbreytingu greiðslu 36 mánuði sem eru háttur gengi skertu mynda og vörðum þingi. Sér- og þinglaði skilja sér eitt þinglaði og þinglaði er meðal við 75.000 km skertu á þinglaði. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílans. Næsta upplýsinga vettu skiljaðigra Brimborg.

Sameining handknattleikslíða Þórs og KA á Akureyri:

Viðræður á lokastigi

HANDBOLTI Viðræður á Akureyri um hugsanlega sameiningu handknattleikslíða Þórs og KA standa enn yfir. „Það eru ákveðnir hlutir sem þurfa að klárast til að hægt sé að ganga frá þessu, ákveðin framkvæmdarstig geta skipt sköpum í þessu. Það er ekkert gefið í þessu upp að ekkert verði af sameiningu þá þurfa þau mál að standa vel,“ sagði Hannes Karlsson, formaður handknattleiksdeildar KA.

Viðræðurnar hafa staðið yfir nokkuð lengi en virðast vera á lokastigi og málin ættu að skýrast á næstu dögum. Eins og staðan er núna eru langmestar líkur á því að liðin tefli fram sameiginlegu liði næsta vetur. „Menn eru orðnir nokkuð óþreyjufullir eftir því að ná að klára þetta mál og mikill vilji fyrir því að gera það sem fyrst,“ sagði Hannes.

Stjórnarmenn beggja félaga vilja að þessu máli ljúki sem fyrst

svo hægt sé að huga að öðrum málum. Ad sögn Hannesar hafa þessar viðræður ekkert truflað vinnu varðandi leikmannamál, félögin geti unnið að þeim samhlíða þessum viðræðum og hvort í sínu lagi. „Þetta truflar ekkert leikmannamál. Ef sú staða kemur upp að ekkert verði af sameiningu þá þurfa þau mál að standa vel,“ sagði Hannes. KA er á fullu að vinna í leikmannamálum en Hannes sagðist ekki geta gefið nánari upplýsingar um þau mál að svo stöddu. Hann játaði þó því að verið væri að skoða leikmenn erlendis.

Þór hafnaði í þriðja neðsta sæti DHL-deildar karla og féll því niður í neðri deild. Ef af sameiningu verður mun Akureyrarliðið þó spila í efri deildinni á kennitölu KA en liðið hafnaði í sjötta sæti DHL-deildarinnar í vetur og tryggði sér því sæti í efri deild.

Diego Maradona hrósar Wayne Rooney í hástert:

Rooney minnir um margt á mig sjálfan

FÓTBOLTI Argentínska goðsögnin Diego Maradona heldur ekki vatni yfir enska sóknarmanninum Wayne Rooney og líkir honum við sig. Maradona hefur fylgst spenntur með heimsmeistaramótinu frá áhorfendasvæðinu og sérstaklega glaðst yfir góðri frammistöðu sinna manna. En hann hefur einnig fylgst vel með Rooney og segir hann klárlega vera í hópi allra bestu knattspyrnumanna heims.

„Ég set hann í sama flokk og Ronaldinho, Juan Roman Riquelme og Lionel Messi. Leikmenn sem hafa ótrúlega hæfileika. Ef nafn hans væri Ronoino og hann hefði tvöfalt ríkisfang er klárt mál að hann yrði í byrjunarliði Argentínu. Hann hefur allt til að verða stjarna keppinnar, á margan hátt minnir hann mig á sjálfan mig því hann vill alltaf fá boltann. Hann gefst aldrei upp og stendur af sér tæklingar hvað eftir annað, þá hefur hann ótrúlega hæfileika og



SKEMMTIR SÉR VEL Diego Maradona leiðist ekki lífið í Þýskalandi þessa dagana.

NORDICPHOTOS/APP

getur galdrað ýmislegt á vellinum,“ sagði Maradona.

England spilaði með Rooney einan á toppnum á síðasta leik sínum en Maradona var ekki hrifinn af því. „Rooney þarf að hafa einhvern með sér frammi til að skapa mörk. Ég tel að Peter Crouch sé kjörinn í það hlutverk,“ sagði Maradona um Rooney.

- egm

GÓÐAR FRÉTTIR

43% MEIRA ÁHORF Á NFS

NFS er hástökkvari nýjustu áhorfskönnunar Gallup. 33,8% uppsafnað áhorf þýðir að áhorfið hefur aukist um 43% frá síðustu könnun. NFS hefur því fest sig í sessi hjá þjóðinni sem ómissandi fréttastöð. Það eru góðar fréttir fyrir alla.



Uppsafnað áhorf á NFS dagana 28. maí - 3. júní skv. áhorfskönnun Gallup.



NFS

ALLTAF, ALLS STAÐAR

digital ísland

við
VEF.TV

Skjárinn

Breiðband Símans

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Sucking all the marrow out of life doesn't mean choking on the bone.“

Svar:
Keating úr kvikmyndinni Dead Poets Society árið 1989.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR MÆLIR MEÐ RELATED

Sykursætar systur slá í gegn

Uppskrift að kvennavænum sjónvarpsþætti: hálfur bolli grín, einn bolli ástarsorg, dauðsfall, annað sorglegt og einn bolli sætir kossar, bragðbætt með örliðu af beru holdi. Bandaríski gamanþátturinn Related, eða Systrabönd, sem byrjaði á Stöð 2 síðastliðinn mánudag er fullkomið dæmi um slíkan þátt, þó að hugsanlega sé fullmikið drama í þættinum fyrir viðkvæma. Framleiðendur þáttarins kunna til verka því þeir eru þeir sömu og gerðu meistaraverkin Friends og Sex and the City. Þættinum var vel tekið í Bandaríkjunum síðasta vetur og aldrei að vita nema að Related feti í fótspor systkina sinna.

Grundvallarmunurinn er þó sá, að í Related er minna „sex“ en í Sex and the City en þeim mun meiri ást, og asnaskapurinn í Friends (að hætti Joey



og Phoebe) er hvergi sjáanlegur í Related, sem fjallar um fjórar systur. Eins og í Sex and the City ættu flestir að finna einhverja típu við sitt hæfi: Ginnie er gáfnaljósið sem allir öfunda, Ann er rólyndismanneskjan, Marjee er uppreisnarfulli vandræðagemsinn og Rose, yngsta systirin, er (of) góða stelpa sem veit ekki hvað hún vill, eða veit bara mest lítið yfir höfuð.

Ég verð sjaldan háð sjónvarpsþáttum en fyrsta serían af Related er í uppáhaldi hjá mér. Ég hef þó þann fyrirvara á að þónokkuð vinnutap getur hlotist af Related glápi og á stundum er nauðsynlegt að slökkva á sjónvarpinu í agnarstund til að hvíla sig á væmninni. En nú er sumar og fáir í skóla og þá er um að gera að kitla tilfinningarnar svölítið með nokkrum tárur eða svo, án samviskubits.



▶ 23.10

Gaman

RUTHLESS PEOPLE



▶ 22.05

Drama

RADIO



▶ 19.30

Lífsstíll

FASHION TELEVISION



▶ 17.05

Spjall

DR. PHIL



▶ 9.00

Fréttir

FRÉTTAVAKTIN FYRIR HÁDEGI

SIJÓNVARPIÐ

SIKURUS TV

SKJÁREINN

NFS

6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 Alf 10.45 My Wife and Kids 11.05 Það var lagið

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)

7.00 Ísland í bitíð 9.00 Fréttavaktin 11.40 Brot úr dagskrá

16.35 Landsmót hestamanna 16.50 Fót-boltakvöld 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmáls-fréttir 18.00 Ævintýri H.C. Andersen (17:26)

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 13.05 Home Improvement 13.30 Kóngur um stund 14.00 Blue Collar TV 14.25 Punk'd 14.50 Arrested Development 15.15 George Lopez 16.00 The Fugitives 16.20 Skrimslasplíð 16.40 Scooby Doo 17.00 Bold and the Beautiful 17.22 Neighbours 17.47 Simpsons 18.12 Íþróttfréttir

15.40 Völvi Snær (e) 16.10 Point Pleasant (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

12.00 Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegisfréttir - fréttavíðtal 13.00 Sportið 14.00 Fréttavaktin 17.00 5fréttir 18.00 Íþróttir og veður

18.30 Ungar ofurhetjur (11:26) (Teen Titans II)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.05 Púkinn í flöskunni (Demon in a Bottle) Fjórir unglingar finna fjársjóð sem sjóræningi gróf á eyðieyju á átjándu öld.
21.30 Kvennamaðurinn (The Ladies Man) Bandarísk gamanmynd frá 2000 um skæðan kvennabósa á flotta undan kokkálúðum eiginmönnum. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.
22.55 Landsmót hestamanna Sjónvarpið sýnir daglegar samantekt frá keppni og mannlífi á Landsmóti hestamanna.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.40 Mr. Bean (Herra Bean)
20.05 The Simpsons (1:22) (Simpsons-fjöl-skyldan)
20.30 Two and a Half Men (13:24) (Tveir og hálfur maður)
20.55 Stelpurnar (23:24) Stelpurnar einu sönnu hafa nú fært sig um set, yfir á föstudaga.
21.20 Beauty and the Geek (5:9) (Fríða og nördinn) Hvað gerist þegar ljóskurnar og nördarnir sameina krafta sína?
▶ 22.05 Radio (Útvarp) Einkar hjartfólginn og vel leikin kvikmynd byggð á sönnum atburðum. Aðalhlutverk: Alfre Woodard, Ed Harris, Cuba Gooding Jr.. Leikstjóri: Michael Tollin.

18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
▶ 19.30 Fashion Television (e) Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tiskuheiminum í dag.
20.00 Þrándur bloggar (3:5)
20.30 Stacked (3:13) (e) Önnur serían um Skyler Dayton og vinnufélagana hennar í bókaúðinni.
21.00 Sailesh á Íslandi (e) Dávaldurinn Sailesh hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi. Hefur hann fyllt hverja sýninguna á eftir annari hér á landi. Bönnuð börnum.
21.50 Supernatural (20:22) (e) Bönnuð börnum.
22.40 X-Files (e) (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun!

19.00 Beverly Hills 90210 Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks.
19.45 Melrose Place
20.30 One Tree Hill Þættirnir hafa vakið mikla eftirtekt og njóta verðskuldaðra vinsælda.
21.30 The Bachelorette III Þriðja syra þessa vinsæla raunveruleikaþáttar. Áhorfendur muna eflaust vel eftir Jennifer Schefft sem heillaði milljónaerfingjann Andrew Firestone upp úr skónum í þriðju þáttaröð The Bachelor á Skjá-Einum.
22.30 Law & Order: Criminal Intent Bandarísk sakamála-sería um sérsveit lögreglunnar í New York. Robert Goren og Alexandra Eames sjá um að rannsaka málin.

18.30 Kvöldfréttir
19.00 Ísland í dag
19.40 Peningarnir okkar Þáttur um fjármál heimilanna, einskona námskeið í sjónvarpi um meðferð fjár og hvernig hægt er að sýna ráðdeild ... og græða.
20.00 Fréttayfirlit
20.20 Brot úr fréttavakt
20.30 Örlagadagurinn (3:10) ("Sonur hennar varð manni að bana") Örlagadagur Hönnu Sigurðardóttur lögræðings sem á börn í heljargreipum fiknefna.
21.00 Fréttir
21.10 48 Hours (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
22.00 Fréttir Fréttir og veður
22.30 Peningarnir okkar

▶ 23.10 Hart á móti hörðu (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára. e) 0.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

23.55 Phone Booth (Stranglega bönnuð börnum) 1.15 Splitting Heirs (e) 2.40 John Q 4.30 The Simpsons (1:22) 4.55 Mr. Bean 5.20 Fréttir og Ísland í dag 6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

23.30 Here on Earth (e) 1.05 Sirkus RVK (e)

23.25 C.S.I.: Miami (e) 0.20 Boston Legal (e) 1.10 Close to Home (e) 2.00 Beverly Hills 90210 (e) 2.45 Melrose Place (e) 3.30 Tvöfaldur Jay Leno (e) 5.00 Östðvandi tónlist

23.05 Kvöldfréttir 0.05 Fréttavaktin 3.05 Fréttavaktin 6.05 Peningarnir okkar

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Normal (Bönnuð börnum) 8.00 Overboard 10.00 The Importance of Being Earne 12.00 Pelle Politibil 14.00 Overboard 16.00 The Importance of Being Earne 18.00 Pelle Politibil 20.00 Normal (Venjulegur) Dramatísk kvikmynd með gamansömum undirtóni. Aðalhlutverk: Jessica Lange, Tom Wilkinson, Hayden Panettiere. Leikstjóri: Jane Anderson. 2003. Bönnuð börnum. 22.00 Road House (Hjálparhellan) Dalton er besti útkastarinn í

bransanum. Kvöldin hjá honum einkennast af hasar, brjáláðri tónlist og falllegum konum. Aðalhlutverk: Patrick Swayze, Kelly Lynch, Ben Gazzara, Sam Elliott. Leikstjóri: Rowdy Herrington. 989. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 The Matrix Revolutions (Bönnuð börnum) 2.05 Equilibrium (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Road House (Stranglega bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

Í 12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 THS Týra Banks 14.00 101 Craziest TV Moments 15.00 101 Craziest TV Moments 16.00 101 Craziest TV Moments 17.00 101 Craziest TV Moments 18.00 E! News 18.30 The Daily 10 19.00 Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest 20.00 101 Craziest TV Moments 21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Wild On Tara 22.30 Wild On Tara 23.00 Sexiest 0.00 Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest 1.00 101 Craziest TV Moments 2.00 101 Most Starlicious Makeovers

AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

RÉTTUR FYRIR PIÐ. Kjörís

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Simpson **Stöð 2 kl. 20.05**

Langlífustu gamanþættir sögunnar

Í kvöld hefst 17. þáttaröð Simpsons-þáttanna sem eru bæði langlífustu gaman- og teiknimyndþættir sjónvarps-sögunnar. Nýjasta þáttaröðin hefur vakið athygli, sér í lagi vegna þáttarins sem Office-höfundurinn og -aðalleikarinn Ricky Gervais samdi og talaði inn á. Sá þáttur verður á dag-skrá síðar á árinu. Í þættinum í kvöld lendir Hómer í fjárhagsvandræðum enn og aftur. Spilaskuldarnar hafa hlaðist upp hjá honum og hann gerir samning við mafíósann feita, Tony, um að greiða niður skuldarnar með því að lána Tony húsið sitt til að taka upp klámmynd.



HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS



Ólafur Kristjánsson

8 liða úrslit

■ Sýn kl. 15 Argentína Þýskaland

3-1

Leikur sem beðið er eftir með mikilli eftirvæntingu. Þau tvö lið sem hafa skemmt okkur hvað mest á þessu HM. Vildj gjarnan sjá bæði lið komast lengra en það er ekki hægt. Þetta verður jafn leikur, sem fer í framlengingu (1-1) og þar vinna Þjóð-verjar 3-1, heimavöllurinn í Berlin gerir gæfumuninn.

■ Sýn kl. 19 Ítalía-Úkraína

1-1 (Ítalir sigra í vítaspyrnukeppni)

Þessi leikur fer í vítaspyrnukeppni, þar sem Ítalía vinnur. Staðan eftir venjulegan leiktíma verður 1-1. Ítalir eru í basli með að manna miðju varnarinnar hjá sér, óvíst með Nesta og Materazzi í banni. Schevtchenko á eftir að stríða þeim og skorar mark Úkraínu úr vítaspyrnu. Ítalirnir keyra þetta svo heim á hefðinni og sterkari taugum.



▶ 15.00
HM 2006

ÞÝSKALAND – ARGENTÍNA



9.30 Motorworld 10.00 HM 2006 11.45 HM 2006

13.30 4 4 2 14.30 HM stúdíó ▶ 15.00 Þýskaland – Argentína. Bein útsending frá HM 2006. 17.00 HM stúdíó 17.30 Líf David Beckhams

18.30 HM stúdíó Íþróttafréttamenn Sýnar fá góða gesti í heimsókn í HM stúdíóið þar sem spáð er í spilin.

19.00 Ítalía – Úkraína Bein útsending frá öðrum leiknum í átta liða úrslitum á HM í Þýskalandi.

21.00 4 4 2 (4 4 2)HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulífinni.

22.00 HM 2006 (Þýskaland – Argentína)Upp-taka af fyrsta leiknum í 8 liða úrslitum á HM 2006 sem fram fór fyrr um daginn.

23.45 HM 2006

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntonar 6.45 Veðurfréttir 6.50 Bæn 7.05 Morgunvekin 9.05 Óskastundin 9.45 Morgunleikdmi 10.03 Veðurfréttir 10.13 Úr minningabókum 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfréttir 13.00 Vilt og breitt 14.03 Útlitssagan 14.30 Miðdegisónar 15.03 Uppá teningnum 16.10 Veðurfréttir 16.13 Bassajöfur Norðursins: Land, þjóð og tónar 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spjallinn 18.50 Dánarfréttir og auglýsingar 19.00 Litla flugan 19.40 Samfélagið í nærmynd 20.40 Kvöldtónar 21.00 Bryggjuball 21.55 Orð kvöldsins 22.10 Veðurfréttir 22.15 Músík og mas 23.00 Kvöldgestir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntonar 6.30 Morgunútlit Rásar 2 9.05 Brot úr degi 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlit 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spjallinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Á vellinum 22.10 Næturvaktin

BYLGIJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis 18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

Adam Sandler

DVD tilboð

50 FIRST DATES

ADAM SANDLER DREW BARRYMORE

THE LONGEST YARD

ADAM SANDLER CHRIS ROCK

hvað ef þú ættir fjarstýringu...
...sem gæti stýrt lífi þínu?

CLICK
BÍÓMIÐI

1.499

1.499

BT

FYLGIR

Takmarkað magn gildir á meðan birgðir endast

Gildir aðeins í verslunum BT!

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



HRÓSIÐ

... fær Eiríkur Hauksson og félagar í hljómsveitinni Start sem ætla að gefa út nýtt lag í fyrsta sinn í 25 ár.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 skipalægi 6 kusk 8 tala 9 skammstöfun 11 löng og lág hæð 12 lágvaxinn skógur 14 hvíld 16 smáorð 17 blekking 18 almætti 20 þurrka út 21 ögn.

LÓÐRÉTT 1 litarefni 3 mannþvaga 4 lögtak 5 á nefi 7 ósagður 10 of lítið 13 bók 15 gón 16 temja 19 tveir eins.

LAUSN
16 aga, 19 óð.
10 sós, 7 óþýður, 10 van, 13 rí, 15 gljap,
LÖBRÉTT: 1 blek, 3 ós, 4 fjáramm, 5 gún, 20 má, 21 arða.
LÁRÉTT: 2 höfn, 6 íó, 8 sjó, 9 etv, 11

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 120 ára.
- Árið 1950.
- Valentin Ivanov.

allt bílar

Alla laugardaga

REYKJAVÍKURNÆTUR: HARPA PÉTURSDÓTTIR TEKUR UPP PRÁÐINN ÞAR SEM FRÁ VAR HORFIÐ

Á milli steins og sleggju - annar hluti

En hvað sem öðru líður... þá ákvað ég að láta slag standa og eins og ég sagði ykkur í síðasta dálki áttum við þónokkur stefnumót og urðum bálskotin hvort í öðru. Við eyddum frítímanum saman og áttum í mesta basli með að vera óséd. Þá kom sá tími að við fórum að ræða hvað næsta skref yrði. Það sem við stóðum frammi fyrir var annaðhvort að hætta saman, því ekki er hægt að vera til eilífar felukærustupar, eða taka á honum stóra okkar og játa á okkur sökina. Ég sá það svo ljóslifandi fyrir mér hvernig við yrðum tekin á beinið: vinirnir myndu missa álit á okkur og þeir myndu sennilega láta sig hverfa, ég gæti ekki horft á sjálfa mig í spegli og brosað og þetta myndi elta mig eins og skugginn alla ævi. Ég þurfti virkilega að vera viss um að þetta væri þess virði áður en ég tæki ákvörðun um að fremja félagslegt sjálfsmorð! Þá vaknaði stóra spurningin, hvort er meira virði, vinirnir eða ástin? Reyndar sagði ég við sjálfa mig að vinirnir myndu sennilega sættast við mig og verknaðinn með

tímanum en það yrði þó erfiður tími og ég þyrfti að eiga stábila öxl að til að gráta á. Ég taldi mig þó ekki í vafa um að öxl hans myndi vera til staðar til að þola tímabundið grenj en innst inni var ég þó ekki hundrað prósent viss. Eins og svo oft þegar maður stendur frammi fyrir erfiðri ákvörðun, reynir maður allt hvað maður getur til að forðast það að taka hana. Við ræddum þetta fram og til baka og hann var handviss um að það væri réttast að játa ást okkar hvort á öðru og taka afleiðingunum. Lífið væri of stutt til að neita sér um ástina. Ég var sósam á sama máli og hann en ég þvældi þetta þó til og frá í langan tíma til að þurfa ekki að lifa þennan örlagaríka dag. Það var kannski sjálfselska í mér en ég var afar treg að fórna öllu sisvona. Dagarnir rannu hjá í felum, allt gekk eins og í sögu hjá okkur tveim og við vorum farin að ræða hversu frábær framtíð biði okkar saman. En einn dagurinn var þó ekki eins og í sögu, nema þá kannski dæmisögu um hvað

ber að varast, þar sem imprað er á einu af boðorðunum tíu. Þann daginn sagði hann við mig: ég verð að enda sambandið, ég er að verða ástfanginn af annarri konu! Ég stóð sem steinrunnin og innbyrti upplýsingarnar og trúði ekki mínum eigin eyrum. Ég ákvað að mótmæla ekki og reyna ekki að ná honum aftur því ég vissi að þetta voru örlög mín, sambandinu var alltaf ætlað að enda, á hvorn veginn sem var. Seinna komst ég að því að konan sem hann var ástfanginn af var gömul bekkjarsystir mín úr gaggó sem hafði verið ágætis vinkona mín ...



HÓTEL RANGÁ SLÆR Í GEGN: SÖGUSVIÐ Í VINSÆLUM SJÓNVARPSÞÆTTI

Ástareyjan Ísland í vinsælum brúðkaupsþætti

Stærsta morgunsjónvarp Bretlands, GMTV, hefur valið Hótel Rangá til að taka þátt í brúðkaupsleik sjónvarpsstöðvarinnar ásamt tveimur lúxushótelum á Mánitius og grísku eyjunni Santoríní. „Þetta er mikill heiður fyrir okkur en fyrst og fremst gríðarleg auglýsing fyrir Ísland í heild sinni,“ segir Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri og aðaleigandi Hótel Rangá, en sex milljónir manna fylgjast með þættinum.

Brúðkaupsleikurinn á GMTV er haldinn árlega og fjöldi tilvandi brúðhjóna í Bretlandi býður sig fram til að taka þátt. Áhorfendur kjósa svo fjögur heppin þör, falletustu brúðarfötin og bestu staðsetninguna fyrir giftinguna. „Við völdum Ísland því að mikið af fólki fer í sólina í brúðkaupsferð en við vildum gera eitthvað öðruvísi í ár. Þema þáttarins núna er ástareyjur og okkur fannst það góð tilbreyting að hafa Ísland með, innan um sólarreyjurnar Santoríní og Mánitius,“ segir Richard Arnold, kynnrir GMTV. Friðrik segir að Ferðamálaráð og fulltrúar Flugleiða eigi miklar þakkir skildar fyrir að koma Íslandi á kortið í þættinum, en eftir að sú ákvörðun



GMTV Richard Arnold, kynnrir á Good Morning Television, er fyrir miðju ásamt tókufólki þáttarins á Hótel Rangá. Hann segist ánægður með dvölina á Íslandi og vonar að Hótel Rangá beri sigur úr býtum í keppninni.

hafði verið tekin kom Arnold ásamt fríðu föruneyti til Íslands fyrir þremur vikum.

Hópurinn skoðaði nokkur hótél og kirkjur sem til greina komu en Hótel Rangá var sigursælast. „Þeir urðu ekki bara hrifnir af aðstæðum á hótelinu heldur líka matnum og ekki síður

afþreyingunni í nágrenninu,“ segir Friðrik, en farið var með hópinn á jökul og inn í Þórmörk. „Við fórum á snjóleða og það var frábært að vera James Bond í einn dag. Ég fékk að fara á fullri ferð í ýmsar áttir ásamt leiðsögumanni og uppfyllti gamlan draum. Þetta var stórkostlegt,“ segir Arnold. Oddakirkja á Rangárvöllum vakti sérstaka athygli þáttagerðarmanna. „Svæðið kringum Rangá er ekki bara gullfallet heldur er þarna líka yndisleg kirkja, alveg ótrúleg. Enginn af hinum stöðunum var með svona kirkju,“ segir Richard Arnold.

Brúðkaupsleikurinn fer af stað fljótlega og reglulega verður sýnt frá ferðinni til Íslands og Hótel Rangá svo að áhorfendur geti kosið milli staðanna þriggja um miðjan ágúst. „Brúðkaupið verður svo haldið fyrsta september í beinni útsendingu,“ segir Arnold. „Hvort það verður haldið á Íslandi er komið undir bresku þjóðinni.“ Arnold hefur unnið í fjölmiðlum síðustu tíu ár og hefur verið kynnrir ýmissa spjallþátta. „Hann er mjög þekktur í Bretlandi. Til dæmis gengu Bretarnir á hótelinu hjá okkur með veggjum og tóku myndir af honum. Þeim fannst mikið til koma að hitta Arnold á Íslandi,“ segir Friðrik Pálsson.



HÓTEL RANGÁ Sveitarómantíkin á Hótel Rangá er tilvalin fyrir brúðkaupsnóttina.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónleikar Langa Sela og skugganna á Ólstofunni á miðviku-dagskvöldið vöktu mikla athygli. Ekki hefur verið mikið um tónleikahald þar á bæ og því voru nágrennar ekki mjög sáttir þegar Kormákur Geirharðsson og félagar hófu leik. Lögreglunni barst kvörtun vegna hávaðans og kom á staðinn til að kanna hverju sætti. Á móti lögreglunni tók Skjöldur Sigurjónsson veitingamaður og benti hann laganna vörðum á að lítið væri eftir af tónleikum svo það tæki sig vart fyrir þá að sækja liðsauka kysu þeir að stöðva tónleikana. Langi Seli og skuggarnir fengu því að klára tónleika sína og þóttu standa vel fyrir sínu á 20 ára afmælinu.



Skemmtanaglaðir Reykvikingar gátu barið landsliðsfyrirliðann Eið Smára Guðjónsen augum í bænum síðasta laugardagskvöld. Eiður fagnaði samningnum við Barcelona með því að klæða sig upp í búning Kalla á þakinu sem hann fékk frá Sveppa vini sínum. Óstaðfestar fréttir herma að fleiri landsliðsmenn hafi klæðst grímubúningum þetta kvöld en þeir voru ekki með í för þegar Eiður Smári kom inn á Vegamót síðla nætur. Þá átti að fara

ad loka staðnum en Eiður var ekki í miklum vandæðum með að sannfæra starfsfólkið um að lengja opnunartímann og kunnna aðrir gestir honum bestu þakkir fyrir.



Meiðsli Magnúsar Scheving virðast ekki ætla að hafa mikil áhrif á framleiðslu annarrar þáttaraðarinnar af Latabæ. Um 80 manns vinna við gerð þáttanna og af þeim voru einungis 15 sendir í stutt frí. Tökum á Latabæ lýkur seinnipartinn í ágúst og eru Magnús og hans fólk þegar farin að skipuleggja næstu

skref. Þær upplýsingar fást í Latabæ að ýmislegt sé í pípunum en ekkert sem sé hægt að segja frá að svo komnu máli. Fréttablaðið hefur aftur á móti hlerað að í bígerð sé bíómynd um Latabæ sem að sjálfsgöðu verði hugsuð fyrir alþjóðlegan markað. Það fylgir einnig sögunni að allsendis óvist sé að Magnús Scheving verði í hlutverki Íþróttarálfins í fyrirhugadri bíómynd, enda sé nóg að gera við að reka batteríð. -hdm

Tökum frestað vegna ágreinings um handrit

Tökum á myndinni A Journey Home, sem byggð er á bókinni Slóð fiðrildanna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson, hefur verið frestað fram yfir áramót. Upphaflega stóð til að taka upp myndina í október en nýtt tökuþlan verður ekki tilbúið fyrr en í vor. Að sögn Lárusar Halldórssonar hjá Saga-Film kom upp ágreiningur um handritið á milli leikstjórans Liv Ullman og leikkonunnar Jennifer Connelly og var því ákveðið að bíða með að skjóta myndina. Ullmann skrifaði kvikmyndahandritið eftir bók Ólafs Jóhanns.

A Journey Home verður að miklu leyti tekin upp í Reykjavík en að hluta til í öðrum löndum. Myndin verður ein dýrasta íslenska kvikmyndin sem framleidd hefur verið, en meðal framleiðenda eru Saga-Film og Steve Haft sem framleiddi meðal annars kvikmyndina Dead Poet Society með Robin Williams í aðalhlutverki.



Nýr humar, grillpinnar sólþurrkaður saltfiskur



Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14



COSMO

Verð nú 17.500 kr.
áður 35.000 kr.

PEGASUS

Verð nú 34.300 kr.
áður 49.000 kr.

TRENTO

Verð nú 17.500 kr.
áður 35.000 kr.

LUCA

Verð nú 17.500 kr.
áður 28.500 kr.



PORTOBELLO

Verð nú 17.500 kr.
áður 28.500 kr.

MÁ BJÓÐA ÞÉR SÆTI?
JÚNÍTLBOÐ Á STÖKUM HÆGINDASTÓLUM

TEKK
COMPANY

OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 OG LAUGARDAGA KL. 10-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Boot Camp þjálfararnir ætla að hlaupa tvö og hálf t maraþon. Þitt fyrirtæki getur heitið á þá.

Hringdu í 533 2929
og styrktu Blátt áfram



BAKPANKAR
ÞORBJÖRG S.
GUNNLAUGSDÓTTIR

Eitt lítið á leiðinni?

Sumar spurningar ber að forðast. Alveg eins og það er til marks um sjálfspíningshvöt að ræða málefni á borð við fjármögnun Sinfóníunnar við einarða frjáls-hyggjumenn, þá er sjaldnast viturlegt að spyrja konu að því hvort hún sé ólétt.

ÁSTÆÐAN liggur auðvitað í orðinu sjálfu. Engin kona vill vera ólétt. Og í okkar útlitsdýrkandi samfélagi er það höfuðsýnd hverrar konu að vera vaxin eins og kona. Þess vegna berast nú fréttir af því utan úr heimi að konur panti keisaraskurð mánuði fyrir tímenn til að forðast slit. Og til þess að ná bestum mögulegum árangri er tekin svuntuaðgerð í leiðinni til að koma elegant heim af fæðingar-deildinni.

EN hvar liggja gráu svæðin í þessum efnun? Hvenær má spyrja? Má ekkert segja jafnvel þó að ástandið blasi við? Eins og í flestum stærstu átakamálum samtímans eru áhöld um leiðir.

SUMIR vilja meina að reglan sé svo einföld að fyrst sé óhætt að spyrja spurningarinnar stóru þegar sést í kollinn á komandi krakka. Og aldrei nokkurn tímann megi nefna þennan möguleika fyrir en að kona hefur af eigin rammleik upplýst um ástand sitt. Aðrir kenningaskólar segja að tillitssöm þögnin geti gefið höfuðsýndina spikið til kynna. Að þögnin geti sömuleiðis lætt þeirri hugmynd að konu að hún sé feit. Þetta er vandratað einstigi.

ÞVI geta nefnilega fylgt ókostir að nefna ekki hið augljósa. Þegar mjúklega vaxin kona segir frá því að hún eigi von á barni eftir mánuð gildir að nikka og gefa til kynna að auðvitað hafi það ekki farið framhjá nokkrum einasta manni. Einlæg undrun og ofsafengnar hamingjuóskir benda aftur á móti til hins gagnstæða.

PETTA þekkja allar konur sem eignast hafa barn. Og jarðsprengjussvæðin eru fleiri. Óruggast er að sleppa öllum spurningum um meint eggjahljóð, hvort ekki eigi að koma með eitt lítið, eða strax eftir það hvort að ekki eigi að koma með annað. Sömuleiðis að hafa það bak við eyrað að sennilega myndi maður ekki nefna það við konu svona alla jafna hvað barmurinn hennar sé völdugur eða spyrja um tíðni salernisferða.

EKKERT er þó hættulegra en að ræða fæðingar, þar sem kostir og gallar mænudeyfinga og heima-fæðinga skora hæst í erfiðum umræðum. Þá eru menn án þess að vita af því iðulega komnir í skotgrafirnar, þaðan sem þeir eiga sjaldnast afturkvæmt.



Krít

Porto Platánias

Porto Platánias er framúrskarandi fjögurra stjörnu hótél með fallegum og rúmgóðum herbergjum og frábærri þjónustu. Öll herbergi eru með svölum eða verönd og sjávarsýn eða skemmtilegri tengingu við sundlaugargarðinn. Hálf tæði er innifalið.

Á Krít eru frábærar strendur og fallegar eyðivíkur, iðandi borgarlíf og kyrrlát þorp, fjörukt næturlíf og rólegar sveitakrár. Þúsundir ára af menningarlífi setja mark sitt á þessa fögru eyju sem byggir upp líkama og sál.



Sumartilboð:

Brottför: 10., 17. og 24. júlí. Aukavika: 30.000 kr. á mann

*á mann m.v. 2 fullorðna í viku. Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

69.900 kr.*



Krít í beinu leiguflugi: Lokaútkall 3. júlí: 29.900 kr.

Tilboðsverð 10., 17. og 24. júlí: 39.900 kr. báðar leiðir með flugvallarsköttum.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

VISA

Færð þú MasterCard ferðaávisun?

Nánari upplýsingar um ferðir ásamt

lýsingum á hótélum er að finna á www.urvalutsyn.is

Úrval-Útsýn, Lág múla 4: 585 4000 - Akureyri: 460 0600 - Vestmannaeyjum: 481 1450

